

Lífið kemur í gusum

Katrín Oddsdóttir og Kristín Eysteinsdóttir búa saman í gömlu húsi í Þingholtunum með börn sín tvö. Kristín er rólega týpan en Katrín ör í eðli sínu og elskar karóki. ➔24



Rekinn af Trump
Ævintýralegur ferill
hjá FBI. Hver er
James Comey? ➔28



Létt og hressandi
bláskelja-linguini
vestur úr
Ísafjarðardjúpi ➔38



Allt í Júrópartíið
Sigurstrangleustu
þjóðirnar og
stigatafla í partíið.
➔32

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

COSTCO
WHOLESALE

10
DAGAR Í OPNUM

VIÐ OPNUM Í
KAUPTÚNI
23. MAÍ KL. 9.00

Síðasta tækifæri til að skrá sig
fyrir opnun og fá opnunartilboð og 1.500 kr. gjafabréf

333 kr
á dag*

SKEMMTIPAKKINN

*9.990.- á mánuði.
365.is | Sími 1817

365


SMÁRALIND

GJAFAKORT
SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR
ÓTAL MÖGULEIKA

DÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS

Veður



Austlæg átt, víða 5-13. Áfram vætu-
samt austast á landinu og einnig á
Vestfjörðum fyrripartinn, en víða
þurrst annars staðar. Hiti á bilinu 6
til 13 stig, hlýjast vestanlands.

SJÁ SIÐU 52

Pressan fékk lán en ekki hlutfé

FJÖLMIÐLAR Fjárfestar sem ætluðu
að taka þátt í hlutfjárukningu
Pressunnar hafa dregið sig til baka,
samkvæmt heimildum Frétta-
blaðsins. Talið er að sú endurfjár-
mögnun sem unnið hefur verið að
og var kynnt í fréttatilkynningu
muni ekki klárast eins og að var
stefnt.

Pressan er móðurfélag Vefpress-
unnar, DV og Birtings. Heildar-
skuldir samstæðunnar nema í dag
yfir 700 milljónum króna. Stendur
félagið meðal annars í skuld við
Tollstjóra og lífeyrissjóði.

Forsvarsmenn fjárfestingarfélags-
ins Dalsins, sem eru Róbert Wess-
mann og félagar, vildu ekki tjá sig
um málið þegar eftir því var leitað.
Þeir eru meðal þeirra fjárfesta
sem tilkynntu um fyrirhugaða aðkomu
sína að hlutfjárukningunni.



Björn Ingi
Hrafnsson

Samkvæmt tilkynningu sem
send var fjölmiðlum um miðjan
apríl hugðust þeir setja 155 millj-
ónir í félagið. Fréttablaðið hefur þó
heimildir fyrir því að fjárfestingar-
félagið hafi lánað umtalsverða fjár-
muni undanfarnar vikur til rekst-
ursins sem hafi meðal annars nýst
til greiðslu opinberra gjalda.

„Það er hluti búinn að borga, en
aðrir ekki,“ segir Björn Ingi Hrafn-
son, stjórnarformaður Pressunnar.
Hann segir þó að enn sé unnið í
hlutfjárukningunni. Hann stað-
festir að Dalurinn hafi ekki greitt
það hlutfé sem áformað var, en
hafi veitt Pressunni lán. Hann segir
rekstrarumhverfi fjölmiðla vera
erftitt, eins og sjá megi á afkomu
þeirra flestra. – jhh

Með yfirhöndina gegn forsætisráðherra



„Hvað á ég að gera í þessum biskup á a7?“ gæti forsætisráðherra verið að hugsa enda peði undir gegn Hrafn Jökulssyni. Hrafn hóf skákmaraþon Hróksins klukkan níu í gærmorgun og stefnir að því að tefla yfir 200 hraðskákir á 30 tímum. Það er til styrktar Fatímusjóðnum og UNICEF fyrir stríðshrjád börn í Jemen og Sýrlandi. Fatímusjóðurinn er hugarsmið Jöhönnu Kristjónsdóttur, móður Hrafns, sem lést í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þrjár milljónir í sálfræðinga fyrir vistmenn

SAMFÉLAG Þrjár milljónir króna
munu renna af ráðstöfunarfé ríkis-
stjórnarinnar til að bjóða fyrrver-
andi vistmönnum Kópavogshælis og
aðstandendum þeirra sálfræðisþjón-
ustu. Talið er að um fimmtíu einstak-
lingar muni nýta sér þann stuðning.

„Þetta er gert í framhaldi af skýrslu
vistheimilaneftdar sem var gefin
út fyrr á árinu. Þar var meðal ann-
ars lagt til að bodið yrði upp á slíka
þjónustu,“ segir Óttarr Proppé heil-
brigðisráðherra. „Það var samþykkt
að setja þetta af stað og undirbúa
þessa vinnu.“

Fordæmi eru fyrir því að fé hafi
verið veitt í slíka þjónustu en það
var gert í kjölfar skýrslu vistheim-
ilaneftdar um Breiðavíkurheim-
ilið. Landssamtökunum Þroskahjálp
verður falið að halda utan um fram-
kvæmd verkefnisins nú. – jõe

Hafa hreiðrað um sig í niðurníddu hjólhýsi

Tveir karlmenn hafa komið sér fyrir í hjólhýsi í Ljósheimum sem er ekki með salernisaðstöðu og ekki er hægt að læsa. Þeir hafa gert þarfar sínar við lóðina og valdið nágrönnum óþægindum. Leikvöllur við hlið hjólhýsisins er vinsæll.

SAMFÉLAG Um síðustu helgi hófu
menn að gista í hjólhýsi sem er í
niðurníddu á bílastæði við blokkar-
lengju í Ljósheimum. Íbúi í blokk
þar segir ljóst að menn séu að nota
þetta sem húsaskjól og sökum þess
að þar sé ekki hreinlætisaðstaða
hafi sést til þeirra að gera þarfar
sínar á bak við runna við lóðina.
Þetta valdi íbúum óþægindum.

Íbúinn segir að hann gruni
nágranna sinn um að eiga hjólhýsið,
hann sé að minnsta kosti skráður
fyrir trukknum sem lagt er upp við
hjólhýsið. Annar nágranni hans seg-
ist hafa gengið á eigandann, en hann
hafi hreytt í hann svörum; að vel
gæti verið að menn hefðu athvarf í
hjólhýsinu en hann væri búinn að
selja það. Hjólhýsið hefur þó ekki
verið fært, hafi það verið selt.

Nágrannar eru uggandi yfir
ástandinu. Mennirnir geri þarfar
sínar á lóðinni, en ekki síst vegna
þess að bak við hjólhýsið er leik-
völlur og börn leiki sér þar. Íbúinn
segist í samtali við Fréttablaðið hafa
talað við lögregluna vegna máls-
ins sem hafi sagt honum að svona
búseta væri á gráu svæði. Fyrst og
fremst væri þetta málefni heil-
brigðisnefndar borgarinnar. Íbúinn
hefur hingað til ekki náð sambandi
við nefndina.

Hann segir bíl hafa komið með
mennina og sótt að minnsta kosti
einn þeirra að því er virðist vera til
vinnu. Því veltir hann fyrir sér hvort
um verkamenn sé að ræða sem hafi
ekki annað úrræði. Hann segir þetta
óþægilegt fyrir íbúa. Menn séu farn-
ir að ímynda sér að mennirnir gætu
verið þjófar eða að þarna sé verið að
selja fíkniefni.



Mennirnir hófu að gista í hjólhýsinu um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjólhýsið hefur áður valdið
nágrönnum óþægindum. Það fauk
á hvolf í vetur og var á hvolfi þar til
lögreglan rak á eftir eigandanum að
reisa það við og hurðin brotnaði af.
Hún er enn þá brotin og hefur tré-
spjaldi verið komið fyrir en ekki er
hægt að læsa eða loka hjólhýsinu.

Ítrekað var reynt að ná sam-
bandi við manninn sem talinn
er enn eiga hjólhýsið við vinnslu
fréttarinnar, án árangurs. Því er
ekki ljóst hvort um er að ræða
hústökumenn, leigjendur eða nýja
eigendur hjólhýsisins.
saeunn@frettabladid.is

Fundur um stöðuna á húsnæðismarkaði

Dagskrá:

Niðurstöður viðhorfskönnunar

Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði

Leiguheimili íbúðafélagsins Bjargs

Björn Traustason, framkvæmdastjóri

Fundarstjóri er Sigrún Ásta Magnúsdóttir,

sérfræðingur hjá Hagdeild Íbúðalánasjóðs.

Staður: Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21

Stund: 18. maí, kl. 12–13:15

Skráning á ils.is





HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA



Skoðaðu tilboðsblaðið
á husa.is

TILBOÐS VEISLA



Broil King

SÚPER TILBOD

52.890 kr
~~62.000~~ kr

Monarch 320

8.8Kw- 3 ryðfrír, „Dual Tube“ brennarar, grillstærð: 37,5 cm x 57,25 cm. grill grind úr pottjárn, hitamælir í loki. 3000603



Dú sparar: 8.000 kr.

79.990 kr
~~87.990~~ kr

Gasgrill Weber

Spirit E310 Classic, 3 ryðfrír brennarar: 9,4 kW/h - 32.000 BTU. Prýsti-uppkveikjurofi (Crossover® ignition system). 3000310



Sjáðu verðið!



SÚPER TILBOD

25.990 kr
~~36.000~~ kr

Gasgrill

Sunset Solo 3, 3ja brennarar. Grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfrír brennarar. 3000393



Broil King

SÚPER TILBOD

45.900 kr
~~55.000~~ kr

Sjáðu verðið!

Royal 320

3 ryðfrír brennarar: Dual tube 8,8kW/h, rafstýrður kveikjari, grillgrind úr pottjárn, postulínshúðuð vermigrind. Grillflötur: 38x67 cm, hitamælir í loki. 3000604



Broil King

SÚPER TILBOD

79.900 kr
~~89.000~~ kr

Sjáðu verðið!

Baron 440

4 ryðfrír brennarar, grillgrind úr pottjárn, postulínshúðuð vermigrind, 2,7 kW/h hliðarhella. Grillflötur: 65x44 cm. Hitamælir í loki. 3000610



Góð ráð í grilldeildinni
Úlfar Finnbjörnsson, matreiðslumeistari, gefur góð grillráð í grilldeildinni í Skútuvogi kl. 13-17.

Sjáðu verðið!

IKRA mögatec

Rafmagnsorf
350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, stillanlegt skaft. 5086616

4.995 kr



IKRA mögatec

Hekklippa
600W, 55 cm blað, klippigeta 22 mm. 5083728

8.895 kr

Sjáðu verðið!

Barnahjól 24" hentar fyrir krakka 125-150 cm



38.900 kr

AUTHOR MATRIX 24"

Author Matrix rautt og svart, 12,5" stéll úr álblöndu 6061. Shimano 18 gíra, RevoshiftTektro bremsur 855AL, dempari ZOOM (40 mm), 24"x1,95 dekk, 12,5 kg. 3901313



20% afsláttur

ALKO

SÚPER TILBOD

55.996 kr
~~69.995~~ kr

Sláttuvél Classic með drifi

Bensínvél með Briggs og Stratton fjörgengismotor 625 E. Sláttubreidd 51 cm. Afl 2.3Kw með drifi, 3in1 virkni, 7 þrepa hæðarstilling, eitt handtak, 65 ltr., safnari, þyngd 33 kg. 5085184



20% afsláttur

TEXAS

SÚPER TILBOD

39.995 kr
~~49.995~~ kr

Sláttuvél Razor 4610 TR/W með drifi

139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 4in1, 6 hæðarstillingar 28-75 mm, eitt handtak, 65 ltr., safnari. 5085302



25% afsláttur

BLACK & DECKER

SÚPER TILBOD

27.745 kr
~~36.995~~ kr

Rafmagnssláttuvél

1800W, 42 cm sláttubreidd, 50 ltr., grassafnari, 6 hæðarstillingar 20-70 mm, *Compact og Go, Edge Max og E-drive kerfi. 5085165



26% afsláttur

Sjáðu verðið!

IKRA mögatec

Rafmagnssláttuvél

1400W, 34 cm sláttubreidd, 5 þrepa hæðarstilling 25-65 mm, eitt handtak, grassafnari 35 ltr. 5085137

SÚPER TILBOD

13.995 kr
~~18.995~~ kr



Byggjum á betra verði

FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAB ER FYRIR 5.990 KR. EBA MEIRA



TÖLUR VIKUNNAR 07.05.2017 – 13.05.2017

81

árs gömul sulta fannst í kjallara húss í Reykjavík í vikunni – hún smakkaðist þryðilega.



1.000

milljónum þarf að verja til að byggja lágmarksaðstöðu við Jökulsárlón.



93%

þeirra sem kusu utankjörstaðar á Íslandi í frönsku forsetakosningunum kusu Emmanuel Macron.

300

manns eru á biðlista eftir því að komast í áfengis meðferð hjá SÁ.



20-25%

nemenda í nokkrum grunnskólum landsbyggðarinnar eru af erlendu bergi brotin.



200

sýni úr hræjum villtra fugla verða skoðuð hjá Tilraunastöðinni á Keldum í leit að fuglaflensu.

8

islenskir peningaseðlar seldust á tveir milljónir króna á uppboði í vikunni.



3.

árið í röð féll Ísland út í forkeppni Eurovision-keppninnar.

Þrjú í fréttum Mæting, uppsagnir og biðlistar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Þingmaður Framsóknarflokksins



sagðist löngu vera hættur að svara rugli frá sérstökum áhugamönnum um sig. Bent hafði verið á að hann hefði mætt illa í atkvæðagreiðslur á Alþingi. Sigmundur sagði það heyra til undantekninga að hann mætti ekki í þinghúsið á þingfundardögum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

sjávarútvegsherra



sagði uppsagnir HB Granda á Akranesi yta á að gjaldtaka af auðlindinni yrði tekin föstum tölum. Ráðherrann gat þess að á meðan samfélagið teldi að útgerðin hefði ekki borgað sanngjarna greiðslu fyrir sjávarauðlindina væri þolinmæðin minni gagnvart svona stórtækum aðgerðum.

Þórarinn Tyrfingsson

framkvæmdastjóri SÁÁ



tók það fram að langir biðlistar eftir því að komast í áfengis meðferð skýrðust ekki af aukinni neyslu, heldur væri eldra fólk og veikara að leita til SÁÁ en áður.

Fljúga bílstjórum út að sækja rúturnar til að komast hjá bið

SBA Norðurlleið þarf að leggja í mikinn kostnað við að koma rútum til landsins. Samgöngustofa flöskuháls fyrir ferðapjónustuna. Galin vinnubrögð að mati framkvæmdastjóra SBA.

VINNUMARKAÐUR SBA Norðurlleið hefur brugðið á það ráð að senda bílstjóra til útlanda til þess eins að fylgja nýjum langferðabifreiðum fyrirtækisins til landsins með Norrænu. Þannig getur fyrirtækið fengið flýtimeðferð hjá Samgöngustofu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir þetta galin vinnubrögð.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að mánaðarbið er eftir því að fá bifreið afgreidda hjá Samgöngustofu eftir að bíll er kominn til landsins. Áður fyrr tók þetta aðeins sólarhring. Hins vegar ef maður kemur sjálfur með bifreiðina til landsins fær maður flýtimeðferð.

„Ég er með tvo bílstjóra á mínum vegum núna sem fljúga til Óslóar, þaðan koma þeir sér í tengiflug til Danmerkur og koma heim með Norrænu,“ segir Gunnar M. Guðmundsson, framkvæmdastjóri SBA Norðurlleiðar á Akureyri. Allt þetta umstang tekur um fimm daga ferðalag með tilheyrandi kostnaði. „Hér áður fyrr keyrðum við bara á Seyðisfjörð og náðum í bílana.“

Hann segir vertiðina að hefjast og því sé það dýrkeypt að bílar standi óhreyfðir vikum saman á höfninni á Seyðisfirði. „Það er algjörlega galið að ríkisstofnun



Fimm daga ferðalag biður bílstjóra hjá SBA að ná í rútur á meginlandið.

Það er algjörlega galið að ríkisstofnun skuli geta hagað sér svona í eðlilegu þjóðfélagi.

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SBA Norðurlleiðar

skuli geta hagað sér svona í eðlilegu þjóðfélagi,“ segir Gunnar.

Flutningaskipið Mykines kom til hafnar í Þorlákshöfn þann 7. apríl síðastliðinn og fyrstu bifreiðar úr þeim farmi eru að komast á göturnar núna. – sa

Nýta sér þetta til að fá meira fjármagn

Að mati Jóns Trausta Ólafssonar, framkvæmdastjóra Óskju og formanns Bilgreinasambandsins, eru yfirmenn Samgöngustofu að nýta sér þetta ástand í baráttunni fyrir ríkisfjármagni. „Forstjórinn er í baráttu við að ná í meiri fjármuni. Þarna starfa yfir hundrað manns en einungis tveggja manna deild er að sinna þessum skráningum. Okkur finnst að eigi að færa starfsmenn milli deilda til að

sinna því þar sem álagið er mest en ekki nýta sér þetta í baráttunni fyrir ríkisfjármagni.

Á tímabili var aðilum í skráningum bönnuð aukavinna. Það er mikil barátta um það að halda verðlagi á Íslandi niðri, það er skritið þegar hópferðafyrirtæki sjá sér hag í því að senda starfsmenn til Danmerkur til að sigla rútu heim með Norrænu til að fá skráningu samdægurs.“

Bæjarfulltrúar í níu daga ferð til Kína

AKUREYRI Hálf bæjarstjórn Akureyrar auk bæjarstjóra, aðstoðarmanns hans og fyrrverandi forseta bæjarstjórnar munu fara í níu daga ferð til Sjanghæ í Kína í lok mánaðarins til að kynna þar fólk og fyrirtækjum og styrkja tengsl Akureyrarkaupstaðar við bæjarfélagið Lingang í Sjanghæ. Forseti bæjarstjórnar segir þessa ferð geta skipt miklu fyrir bæjarfélagið.

Sendinefnd Akureyrar og tengdra aðila, svo sem fyrirtækja í eigu bæjarins að langstærstum hluta, telur alls ellefu einstaklinga. Munu þau fara utan þann 23. maí og áætluð heimkoma er níu dögum síðar.

„Okkur var boðið á viðburð í Kína og við teljum þetta mikilvæga samkomu fyrir Akureyri og þá starfsemi sem við viljum byggja upp hér varðandi siglingar til að mynda. Einnig verða með í för rektor Háskólans á Akureyri og fyrrverandi forseti Íslands,“ segir Matthías Rögnvaldsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar.



Akureyri ætlar að styrkja tengsl sín við Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Allir bæjarfulltrúar L-listans fara í ferðina, tveir frá Sjálfstæðisflokki og einn frá Samfylkingu. Að auki fer framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Norðurorku auk bæjarstjóra ásamt aðstoðarmanni.

Af þessum ellefu einstaklingum eru þrjár konur sem fara í ferðina. Matthías segir ferðina munu kosta um 200 þúsund á hvern einstakling, ferðalag frá Akureyri til Kína. Kostnaður er allur greiddur af Akureyrarbæ og tengdum fyrirtækjum. – sa

KVÍÐAMEÐFERÐARSTÖÐIN
2007-2017

Dagskrá 10 ára afmælisfagnaðar laugardaginn 20. maí 2017

Í tilefni af tíu ára afmæli KMS, eins árs afmæli Litlu KMS og stofnun fjarþjónustunnar Tölum saman bjóðum við upp á frí ornámskeið og erindi um starfsemina meðan húsrúm leyfir.

Salur A

12.00-14.00.
- Náðu tölum á kvíða
14.00-16.00.
- Náðu tölum á félagskvíða

Salur B

12.00-14.00.
- Helstu kvíðavandamál barna ætlað aðstandendum
14.00-16.00.
- Kynning á starfsemi Kvíðameðferðarstöðvarinnar

Vissara er að tryggja sér pláss á námskeiðum með því að senda tölvupóst á kms@kms.is. Fögnuðurinn er haldinn í húsnæði okkar að Suðurlandsbraut 4.

Litla Kvíðameðferðarstöðin

tölum saman



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ALVEG HREINT SKÍNANDI

SAMBAND ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA

ISLENSKASÍMILSTOY 84435 0517



Í dag, laugardag 13. maí kl. 11 – 15

þjóðum við öllum Toyota-eigendum að koma með bílana sína í sápuþvott hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

Engin vandamál - bara lausnir.

Við sápuþvoutum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.

Toyota Kaupþúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Arctic Trucks
Bílageirinn
Bífreiðaverkstæði KS
Nethamar

Kaupþúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 17
Kletthálsi 3
Grófinni 14a
Hesteyri 2
Garðavegi 15

Garðabæ
Akureyri
Selfossi
Reykjanesbæ
Reykjavík
Reykjanesbæ
Sauðárkróki
Vestmannaeyjum

Prófa búnað sem hefur áhrif á stöðu umferðarljósa

SAMGÖNGUR Óþægindi sem fylgja framkvæmdum skila oftast öruggari götum að þeim loknum að mati slökkviliðsstjóra. Tilraunir standa einnig yfir með kerfi sem veitir viðbragðsaðilum forgang á ljósum.

„Lokanir og breytingar geta valdið töfum hjá okkur en þegar þeim er lokið þá erum við yfirleitt komin með betri götur en áður,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdir standa yfir á

Miklabrautin að framkvæmdum loknum verður miklu öruggari en sú gata sem við höfum í dag.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri



» Mikil óþægindi hafa skapast vegna framvæmda við miklar umferðaræðar í höfuðborginni.

ýmsum götum í og við miðbæ Reykjavíkur sem hafa áhrif á umferð. Má þar nefna þrengingu á Miklubraut til vesturs, lokanir í kringum Hörpu og á Framnesvegi. Jón Viðar segir að slökkviliðið sé í

samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna málsins.

„Miklabrautin að framkvæmdum loknum verður miklu öruggari en sú gata sem við höfum í dag. Eg býð nú ekki einu sinni í það ef við hefðum ekki strætóakreininna sem við þó höfum núna,“ segir Jón Viðar. „Þetta er óþægilegt meðan á þessu stendur en við munum sjá ávinning af því.“

Slökkviliðsstjórinn segir að sjúkraflutningamenn séu duglegir að láta hver annan vita af því

hvernig staðan á umferðinni sé. Þá sé einnig unnið að því að taka í notkun kerfi sem geri þeim kleift að hafa áhrif á stöðu umferðarljósa.

„Við höfum verið að prófa þetta á Snorrabrautinni að láta grænu bylgjuna koma á til að komast hraðar í gegn. Við höfum fjárfest í búnaði fyrir bílana og það er unnið að því að þróa kerfið áfram og finnstilla það. Vonandi verður það komið á fullt í lok árs,“ segir Jón Viðar að lokum. – jõe

Kirkjuráðherra vill ákvæði um guðlast burt

DANMÖRK

Kirkjumála-ráðherra Danmerkur, Mette Bock, leggur áherslu á að laga ákvæði um guðlast verði afnumið. Danskir fjölmiðlar greina frá því að ráðherrann sé viss um að hið umdeilda ákvæði verði tekið burt og hafi því aukið þrýstinginn á Venstre ásamt þingmönnum annarra flokka.

Bock, sem er í Frjálslynda bandalaginu, bendir á að tímarnir hafi breyst frá því að ákvæðið var sett í lög 1866. Nú sé mikil umræða um tjaningarfrelsi. Einingarlistinn lagði fram frumvarpið um afnám ákvæðisins um guðlast. Trúarleiðtogar óttast afleiðingarnar. – ibr

61 milljarðs króna skilnaður

RÚSSLAND Rússneskum milljarðamæringi hefur verið gert að afhenda fyrrverandi eiginkonu sinni 453 milljónir punda, andvirði rúmlega 61 milljarðs króna, vegna skilnaðar þeirra. Að þessari niðurstöðu komst dómstóll á Bretlandi í gær.

Fær konan alls 41,5 prósent eigna þeirra við skilnaðinn. Dómari komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki skyldi birta nöfn þeirra tveggja. Jafnframt munu þau fá að dvelja áfram í Bretlandi líkt og þau hafa gert undanfarin ár.

Maðurinn auðgæddist á viðskiptum með olíu og gas en seldi öll sín hlutabréf í orkufyrirtæki fyrir um milljarð punda fyrir fimm árum. Taldi hann framlag sitt til fjölskyldunnar meira en eiginkonunnar en dómari var á því máli að framlag þeirra hefði verið jafnt þar sem hún hefði sinnt starfi húsmóður. – þea

Þingið þarf að bregðast við

Pungavigtarmenn á þingi telja að stjórnvöld verði að svara þeim spurningum sem Skagamálið beinir kastljósinu að. Ráðherranefnd skuli jafnvel einbeita sér að byggðafestu og samfélagslegri ábyrgð.

SJÁVARÚTVEGUR „Þetta eru mikil vonbrigði, að málinu skuli ljúka svona eins og virðist stefna í. Eg held að þetta sé mikið umhugsunarefni fyrir stjórnvöld og niðurstaðan þrýstir á að þau, löggjafarvaldið, svari þeirri spurningu hvort og hvernig eigi að tryggja byggðafestu í veiðum og vinnslu innan fiskveiðistjórnunarkerfisins,“ segir Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar, spurður um þá niðurstöðu að HB Grandi ákvæði að leggja niður botnfiskvinnslu sína á Akranesi og flytja starfsemi til Reykjavíkur.

Páll hefur fyrr sagt við Fréttablaðið að hann hafi verið þeirrar skoðunar lengi að svara verði þessari spurningu, ekki síst vegna þess að það hafi verið sýnt fram á það með niðurstöðu Hæstaréttar að lög haldi ekki þegar kom að því að tryggja sveitarfélögum réttindi um forkaupsrétt aflaheimilda, og vísar hann þar til máls Vestmannaeyjabæjar um kaup Síldarvinnslunnar í Neskaupstað á útgerðarfélaginu Bergi/Hugin árið 2012. Dómur Hæstaréttar er rétt tveggja ára gamall.

„Stjórnvöld hafa ekki brugðist við þessu og svarað því hvað koma á í staðinn, og tryggja þennan anda laganna um byggðafestu. Þessi atburðarás og niðurstaða uppi á Skaga knýr á um að það verði gert fyrr en seinna,“ segir Páll og segir það vel koma til greina að taka málið upp sérstaklega á vettvangi þingsins, og segir það örugglega verða rétt innan nefndarinnar. „Annaðhvort að eigin frumkvæði eða ef viðbragða er að vænta frá hendi ráðherra sem kæmu til kasta nefndarinnar,“ segir Páll.

Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis og formaður fjárlaganefndar, tekur undir með Páli.

„Ég er gífurlega svekktur yfir að þetta skuli vera niðurstaðan. Viðræður hafa þó skýrt myndina og skilað ein-



150 störf eru í hættu vegna brotthvarfs HB Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hafa ekki sýnt fram á hagræðingu aðgerðarinnar

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness fordæmdi ákvörðun HB Granda um að ætla að hætta landvinnslu á Akranesi og færa störf til Reykjavíkur, en fundurinn var haldinn sama dag og tilkynnt var um ákvörðun fyrirtækisins.

Sigur í ályktun að það sé „mat fundarins að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi ekki sýnt fram á þá hagræðingu sem slíkar aðgerðir eiga að leiða af sér. Aðalfundurinn

skorar á Alþingi Íslendinga að byggðafesta aflaheimildir og standa vörð um dreifða byggð í landinu og tryggja atvinnu eins og kveðið er á um í 1. grein laga um stjórn fiskveiða. Fundurinn telur það núturlegt þegar aðilar sem hafa tímabundinn umráðarétt yfir auðlindum hafsins geta tekið ákvörðun um að svipta fólk lífsviðurværi sínu og skilja samfélögin eftir í sárnum.“

hverjum árangri. Eftir stendur þó þessi hópupp sögn og sú staða sem blasir við fjölmörgum íbúum á Akranesi sem er mikið áhyggjuefni,“ segir Haraldur.

Hann segir eitt megininntak fiskveiðistjórnunarlaganna vera byggða-

festu „sem sé núna komið í kastljósið eftir þessa niðurstöðu“ og hann horfir til nýskipaðrar ráðherranefndar í því samhengi.

„Ég geri einfaldlega þá kröfu til hennar að hún komi með alvöru til-

lögur í þeim efnum að treysta þetta inntak fiskveiðistjórnunarlaganna um samfélagslega ábyrgð og byggðafestu. Mér finnst aðalatriðið núna því ekki vera gjaldtakan,“ segir Haraldur sem nefnir að kannski þurfi að svæðaskipta landinu.

„Þannig að við séum ekki að málbinda kvóta á tiltekin sveitarfélög heldur að við getum horft á atvinnusvæði sem andlag á slíkri byggðafestu,“ segir Haraldur.

„Þegar fiskvinnsla og sjávarútvegur er að þjappast saman á höfuðborgarsvæðinu þá eru einhverjir vitlausir hvarar þarna inni sem við verðum að endurskoða,“ bætir Haraldur við og ítrekar að ráðherranefndin ætti að skoða markmiðin með lögnum – það hvernig við byggjum landið – í staðinn fyrir gjaldtöku af greininni.

svavar@frettabladid.is

Missti dætur sínar vegna óreglu

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að tvær stúlkur verði vistaðar á vegum barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar í sex mánuði. Samkvæmt dómi Hæstaréttar hafði barnaverndarnefnd haft afskipti af fjölskyldunni síðan 2010 þegar foreldrar stúlkanna voru handteknir fyrir fíkniefnalagabrot og skattsvik.

Í dómnum er rakið hvernig barnavernd hefur haft afskipti af fjölskyldunni margfalt á tímabilinu en stúlkurnar höfðu lögheimili hjá móður sinni frá skilnaði foreldranna árið 2012. Á meðal gagna í málinu er tilkynning sem barst frá sjúkraflutningamönnum og hjúkrunarfólki um að móðirin hafi verið drukkin ásamt elstu dóttur sinni í miðbæ Reykjavíkur skömmu áður en hún varð 18 ára gömul. Yngri dæturnar tvær, sem með dómnum eru fjarlægðar af heimilinu, hafa mætt illa í skóla og dregist verulega



Hæstiréttur staðfesti að stelpurnar væru teknar af móðurinni í sex mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eftur úr í námi miðað við jafnaldrasina. Þær þurfa mikla námsaðstoð.

Samkvæmt dómnum hafa fjölmargar tilkynningar borist vegna háreysti, ölvunarláta og rífrildis á

heimilinu. Barnaverndarnefnd hefur margfalt tekið blástursýni frá móðurinni en aðeins í eitt skipti fundust merki um áfengisdrykkju. – snæ

SÁA
í 40 ÁR

Með álfnum
...til betra lífs!

FRÍHAFNARDAGAR

TAX FREE

SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 11.-15. MAÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Umhverfisstyrkur Ergo



2012

Radiant Game

Tölvuleikur fyrir börn til að efla umhverfisvitund



2012

Vindmyllur

Sem styðja sjálfbærni



2013

Blái herinn

Hreinsun á náttúrunni



2013

Kristinn Jón Ólafsson

Fræðsluefni til barna um rafmagnsnotkun



2014

Haugfé

Endurvinnsla á efni í listsköpun



2015

Hjólafærni

Kortlagning á hjólaleiðum um Island



2016

Team Spark

Rafmagnsbíll hannaður af verkfræðinemum í HÍ

Umhverfissjóður Ergo auglýsir eftir umsóknum um umhverfisstyrk

Sjóðurinn hefur frá því 2012 úthlutað umhverfisstyrk að fjárhæð 500.000 kr. að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári til frumkvöðalverkefna. Markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á sviði umferðar- og umhverfismála.

Sendu inn þína hugmynd

Einstaklingar og fyrirtæki geta sótt um styrkinn. Viðskiptaáætlun þarf að fylgja umsókninni ásamt skýringu á því hvernig nýta eigi styrkinn.

Frestur til að senda inn umsóknir er til 31. maí. Öllum umsóknum verður svarað.

Kynntu þér málið nánar á ergo.is

sími 440 4400 > www.ergo.is



Stjórnendavandi er sagður í Fjölbrautaskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kennarar á Akranesi eru óánægðastir

Fjölbrautaskóli Vesturlands kemur verst allra framhaldsskóla út úr könnun. Fjölbrautaskólinn við Ármúla kemur best út af öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Félag framhaldsskólakennara fylgir niðurstöðum eftir með eigin könnun.

MENNTUN „Það er eðlilegast að draga þá ályktun að starfsánægja sé mjög tengd stjórnunarháttum. Þessar stofnanir eru með misflinka stjórnendur,“ segir Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, um niðurstöður könnunar SFR á Stofnun ársins. Guðríður segir að aðbúnaður fólks skipti líka miklu máli.

Út úr niðurstöðunum má lesa mjög mikinn mun á ánægju starfsmanna framhaldsskólanna. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi stendur verst allra framhaldsskólanna, en Menntaskólinn á Tröllaskaga kemur best út. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum kemur næstbest út en Menntaskólinn í Kópavogi kemur næstverst út.

„Ef þú býrð við sanngirni og þér finnst borin virðing fyrir því sem þú segir að þá ertu ánægðari í starfi, en ef þú upplifir að þú hafir ekkert að segja og hafir engin áhrif,“ segir Guðríður. Hún segir niðurstöðuna í könnuninni í takti við það sem stéttarfélagið hafi upplifað.

Athygli vekur að Fjölbrautaskólinn í Ármúla kemur allra skóla á höfuðborgarsvæðinu best út úr könnuninni. Viðræður standa nú yfir milli ríkisins og Tækniskólans um að Ármúlskóli verði sameinaður Tækniskólanum.

Félag framhaldsskólakennara hóf í vetur könnun á viðhorfi félagsmanna til stjórnunarháttanna og fagmennsku skólameistara. Könnunin var stöðvuð að kröfu stjórnar Skólameistarafélagsins. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi framhaldsskólakennara verður hafist handa við könnunina á ný á næstu dögum. „Var sest yfir framkvæmd og uppbyggingu könnunarinnar og spurningar snýrta til, opnum spurningum er sleppt alveg og könnunin stýtt verulega en markmiðið er það sama: að skoða hvað brennur á okkar félagsmönnum varðandi stjórnun í framhaldsskólunum og finna besta skólameistarann,“ segir í tölvupóstinum.

Tilgangur með vali á stofnun og fyrirtæki ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannaúts. Þá er tilgangurinn einnig að veita stjórnendum tæki til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi.

Fréttablaðið óskaði eftir viðbrögðum frá Ágústu Elínu Ingbórsdóttur, skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands, við könnuninni en hún svaraði ekki skilaboðum.

jonhakon@frettabladid.is

Stofnanir fengu ein-kunnir á kvarðanum 1-5

| | |
|------------------------------------|-------|
| Menntaskólinn á Tröllaskaga | 4,669 |
| Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 4,653 |
| Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 4,421 |
| Menntaskólinn að Laugarvatni | 4,378 |
| Framhaldsskólinn á Húsavík | 4,322 |
| Verkmenntaskóli Austurlands | 4,291 |
| Menntaskólinn á Egilsstöðum | 4,242 |
| Fjölbrautaskólinn í Ármúla | 4,218 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 4,202 |
| Fjölbrautaskóli Snæfellinga | 4,201 |
| Menntaskólinn á Akureyri | 4,141 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 4,138 |
| Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | 4,042 |
| Framhaldsskólinn á Laugum | 4,031 |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 4,025 |
| Kvennaskólinn í Reykjavík | 3,998 |
| Menntaskólinn við Hamrahlíð | 3,977 |
| Flensborgarskóli | 3,848 |
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | 3,801 |
| Menntaskólinn við Sund | 3,801 |
| Borgarholtsskóli | 3,755 |
| Fjölbrautaskóli norðurlands vestra | 3,681 |
| Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 3,659 |
| Menntaskólinn í Kópavogi | 3,626 |
| Fjölbrautaskóli Vesturlands | 3,402 |

VIÐ OPNUM Í KAUPTÚNI

23. MAÍ KL. 9.00

10
DAGAR Í OPNUM

Síðasta tækifæri til að skrá sig fyrir opnun og fá opnunartilboð og 1.500 kr. gjafabréf



Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lágsta mögulega verðinu.

Fyrirtækjaaðild



Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki. Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.

Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

Einstaklingsaðild



Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.

Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.



Sækið um aðild og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértíloboða!*

Skráning aðildarumsókna er hafin á www.costco.is

Skráningarskrifstofur í Kaupþúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.

Costco Iceland, Kaupþún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kaupþúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið. Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta. Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

Festingavörur á frábæru verði!



Chemfix teinalím 345 ml
2.295



A4 og A2 ryðfríar skrúfur. Mikið úrval.

DOMAX byggingarvinklar. Mikið úrval af festingavörum.



Bostik 7002 festifrauð All season 750 ml
1.190

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Þrír af hverjum fjórum nýjum skattgreiðendum hér á landi í fyrra voru erlendir ríkisborgarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnuveitendur sagðir okra á starfsmönnum

Erlent vinnuafli hefur aukist mikið síðustu misseri hér á landi. Færst hefur í aukana að vinnuveitendur sjái vinnuafli fyrir húsnæði meðan á dvöl stendur.

VINNUMARKAÐUR Færst hefur í aukana að vinnuveitendur okri á leigu erlendra starfsmanna sinna sem hingað koma til landsins til að vinna. Forsvarsmenn verkalýðsfélaga sjá skýr merki þess. Nærri fjórir af hverjum fimm nýjum launþegum hér á landi eru erlendir ríkisborgarar.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður verkalýðsfélagsins Framsýnar í Þingeyjarsýslum, segist finna mikið fyrir þessari breytingu. „Það hefur færst í aukana upp á síðkastið að vinnuveitendur útvegi húsnæði fyrir starfsólk sitt. Við höfum svo séð mikið okur þar og launafólk þannig hlunnfarið. Þetta er eitthvað sem við þurfum að bregðast við á meðan svo margir koma hingað til lands í leit að atvinnu,“ segir Aðalsteinn Árni.

„Við sjáum það sums staðar að brotaviljinn er mjög mikill hjá sumum vinnuveitendum,“ bætir Aðalsteinn Árni við.

Við sjáum það sums staðar að brotaviljinn er mjög mikill hjá sumum vinnuveitendum.

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar




þetta eins og nokkurs konar vistarband.“

Aðalsteinn Árni segir mikilvægt að verkalýðsfélög fái fleiri verkfæri til að geta skorist í leikinn þegar svona er í pottinn búið. „Okkar heimildir eru aðeins að tryggja að laun séu í samræmi við kjarasamninga. Það er kannski allt í lagi á þeirri hlið peningsins á meðan dregið er af starfsmanni of mikið í leigu að okkar mati. Við þyrftum að fá rýmri heimildir til að laga þessa stöðu.“

Um 2.500 manns fluttu hingað til lands á fyrstu þremur mánuðum ársins. Húsnæðismarkaðurinn hefur verið mjög erfiður síðustu misseri og sjást merki þess. „Við erum að sjá erlent starfsfólk með búsetu þar sem fólk á ekki að búa, til að mynda í ósamþykktum íbúðum og iðn- aðarhúsnæði. Færst hefur í aukana að vinnuveitendur skaffi starfsfólki húsnæði og dragi af því leigu,“ segir Hallur. sveinn@frettabladid.is

Hallur Oddsson, lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, tekur undir með Aðalsteini Árna á Húsvík og segir þetta hafa aukist upp á síðkastið. „Við höfum einnig orðið vör við þessa þróun hjá okkur,“ segir Hallur. „Við höfum orðið vör við að fólk komist ekki úr húsnæði sínu þar sem það gæti átt á hættu að missa vinnuna. Því erum við að sjá



FRÁBÆR ÚTSKRIFTARGJÖF

FÆST Í ÖLLUM BETRI BÓKABÚÐUM

WWW.FRANKLINCovey.IS



FJÁRÖFLUN FRAMUNDAN?

Í Rekstrarlandi fást flottir fjáröflunarpakkar, tilbúnir eða sérsníðnir eftir óskum. Úrval af hreinsivörum, pappírvörum, plastpokum og álpappír. Gæðavörur sem nýtast vel og gaman er að selja.



Umsóknarfrestur er til 15. maí

Stefnir þú á stjórnun í skapandi heimi menningar? Meistaránám í menningarstjórnun

Meistaránám í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst er vandað nám sem býr nemendum undir skapandi störf á sviði menningar og menntunar. Námið gerir nemendum kleift að þróa gagnrýna sýn á menningu og menningar-

pólítík um leið og þeir öðlast þjálfun í rekstri, stjórnun og skipulagningu. Háskólinn á Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms.

Nám í menningarstjórnun er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða.

Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2017 er til 15. maí.


HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
- fyrir þá sem ætla lengra

Netflix skapar 400 ný störf í Evrópu

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn Netflix stefna að því að auka umsvif sín í Evrópu og lofa að skapa 400 ný störf þar. Störfin munu verða í Amsterdam þar sem Netflix mun opna nýja skrifstofu í vikunni. Í byrjun munu starfa þar 170 manns en stefnt er að því að starfsmenn verði orönnir 400 fyrir árslok 2018. Nú þegar hefur starfsmannafjöldinn á skrifstofunni í Amsterdam, sem er höfuðstöðvar

fyrir Evrópu, Mið-Austurlönd og Afríku, tvöfaldast á síðastliðnu ári og nemur nú 120 manns.

Stefnt er að því að setja í loftið sex nýjar Netflix-sjónvarpsseríur sem framleiddar eru í Evrópu á þessu ári, þeirra á meðal er franska visindaskáldskaparserían Osmosis. Netflix hefur varið 1,75 milljörðum dollara í 90 verkefni í Evrópu á síðustu fimm árum. – **sg**

Flutti inn rafrettur og hlaut sekt

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt mann til sektargreiðslu fyrir innflutning á 1.050 níkótínfilterum í rafsigarettur. Tollskýrsla mannsins um varninginn sagði að um væri að ræða hosur og grænmetiskvörn.

Maðurinn pantaði vörurnar með póstsendingu hingað til lands í gegnum innflutningsfyrirtæki í hans eigu. Tollstjóri fór fram á að

maðurinn legði fram upplýsingar um kaupin en þar kom fram ofangreind skýring á því hvað pakarnir hefðu að geyma. Maðurinn sagðist ekki hafa vitað að níkótínfilterarnir væru í sendingunni.

Maðurinn var dæmdur til 200 þúsund króna sektar og til að greiða allan sakarkostnað, samtals 981 þúsund krónur. – **snæ**



101 Reykjavík

Laugavegur 28b

Höfum fengið í einkasölu heildareignina við Laugaveg 28B, Reykjavík. 413,9 fm hús sem stendur á 234 fm eignarlóð með nýtingarhlutfall 3,9. Í dag er rekinn verslun á jarðhæð og veitingarstaður á efri hæð húsin. Húsið skiptist í 222 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð og 191,8 fm á 2. hæð og í risi. Það er veitingahúsnæði og skrifstofur. Í dag er húsnæðið í leigu til tveggja leigutaka.

Óskað er eftir tilboðum í eignina.

Nánari uppl. veitir:

Kjartan Hallgeirsson
Löggtillur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
824 9093 / 588 9090

EIGNAMIDLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

Hafnarframkvæmdir á Sundabakka



Framkvæmdir við byggingu á nýjum hafnarbakka í Sundahöfn hafa nú staðið yfir um nokkurt skeið og ganga vel. Er nýja hafnarbakkanum ætlað að taka við hlutverki Kleppsakka og verða meginvörflytningabakki fyrir stærri og djúpristari flutningaskip. Hér má sjá stálþil sem verið er að reka niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsmæðraorlofið ekki ætlað í góðgerðarmálin

Bæjarráð Vestmannaeyja segir húsmæðraorlof ekki í anda jafnréttis en borgar loks árs gamla kröfu kvenfélagsins Líknar með hvatningu um að féð fari í góðgerðarmál. Peningarnir fara samt í húsmæðraorlof, að sögn formanns Líknar.

STJÓRNSÝSLA „Samkvæmt lögum eru þetta orlofsgreiðslur til kvenna og þetta á að fara þangað, við eigum ekkert að úthluta þessu í neina aðra hluti,“ segir Edda Ólafsdóttir, formaður kvenfélagsins Líknar um þau tilmæli bæjarráðs Vestmannaeyja að félagið leggi húsmæðraorlofsgreiðslu frá bænum í góðgerðarmál.

Líkn hefur í heilt ár reynt að innheimta greiðslur frá Vestmannaeyjabæ til húsmæðraorlofs sem samkvæmt lögum er viss upphæð á hvern íbúa sveitarfélags. Í fyrra var upphæðin 106 krónur á íbúa og átti þá bærinn að greiða alls 459 þúsund krónur. Með dráttarvöxtum var upphæðin komin í 603 þúsund krónur í vor. Eftir að hafa ítrekað neitað kröfunni samþykkti bæjarráð loks á þriðjudaginn að borga reikninginn er innheimtubréf barst frá lögmanni.

„Bæjarráð hefur áður lýst yfir fullum stuðningi við einróma ályktun kvennafundar bæjarráðs á kvenréttindadaginn 19. júní 2008 þess efnis að greiðsla húsmæðraorlofs væri ekki í anda jafnréttis. Sá stuðningur er óbreyttur,“ bókaði bæjarráðið sem vísar síðan í gott samstarf við Líkn í góðgerðarmálum og samþykkti að hækka upphæðina en lét þó skilaboð fylgja.

„Bæjarráði er afar annert um að hvergi beri skugga á það samstarf og samþykki þvi að greiða Líkn 700 þúsund krónur og hvetur Líkn til að nýta upphæðina til góðgerðamála.“

Sem fyrr segir telur Edda, formaður Líknar, ekki rétt að nota féð á þann hátt sem bæjarráðið hvetji til. Hún kveðst heldur ekki sammála bæjarráði um að greiðsla húsmæðraorlofs sé ekki í anda jafnréttis.

„Lögin eru í gildi ennþá og öll bæjarfélög eiga að greiða þetta. Þannig að það er mín skoðun að þetta eigi að vera áfram eins og það var þangað til annað kemur í ljós, eða lögum verður breytt,“ segir Edda.

Konur sem eru hættar störfum og eru 67 ára og eldri eiga mjög lítið brot af þeim lífeyris-sjóðsinneignum sem sá aldurs-hópur á.

Þorbjörg I. Jónsdóttir, lögmaður kvenfélagsins Líknar

Húsmæður úthvildar en ergelsi í Hveragerði

Lög um Framlag sveitarfélaga til húsmæðraorlofs fíkur í sér mismunum kynja skoðuð. Húsmæður af Suðurlandi fóru í tveir ferðir í fyrr og komu saðar heim.

FRÉTTABLAÐIÐ „Þetta lögfræðingurinn hefur verið á Hveragerði í einn sókn. Húsmæður af Suðurlandi fóru í tveir ferðir í fyrr og komu saðar heim.“

Húsmæður voru í Hveragerði um 240 tölur. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára. Þetta er fjórða ferðin sem húsmæður fara til Hveragerðis á milli ára.

Fréttablaðið

1. júní 2016

Fyrir tæpu ári sagði Fréttablaðið frá gagnrýni bæjaryfirvalda í Hveragerði á greiðslu húsmæðraorlofs til sunnlenskra kvenna.

Frumvarp um afnám húsmæðraorlofs hefur á síðustu árum ítrekað verið lagt fram á Alþingi en aldrei verið afgreitt.

Það var lögmannsstofa Þorbjargar I. Jónsdóttur, fyrrverandi formanns Kvenréttindafélags Íslands, sem rak málið fyrir hönd Líknar. Þorbjörg bendir á að kærunefnd jafnréttismála hafi þegar komist að þeirri niðurstöðu að húsmæðraorlof brjóti ekki reglu um jafnrétti kynjanna. Þá megi hafa í huga að konur á Íslandi eigi að jafnaði mun minni lífeyrisréttindi en karlar. Fram hafi komið að það tæki konur minnst 65 ár í viðbót að ná sömu lífeyrisinneign og karlar.

„Konur sem eru hættar störfum og eru 67 ára og eldri eiga mjög lítið brot af þeim lífeyris-sjóðsinneignum sem sá aldurs-hópur á. Það eru þær konur sem eru mest að sækja í þessar orlofsnefndir og sækja þessar ferðir,“ segir Þorbjörg I. Jónsdóttir.

gar@frettabladid.is

Saga Vélstjórastéttarinnar er komin út og er aðgengileg sem rafbók á heimasíðu félagsins, www.vm.is



VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna



Nýr Hyundai i30.

Hinn nýi fólkabíll.



Verð frá:
2.990.000 kr.

Hyundai i30 er hinn nýi fólkabíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður. Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km. Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólkabíl sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

DORMA KYNNIR



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þrouðustu dýnu heims.

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegum minnissvampi. Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.



Simba-kassinn

Ótrúlegt en satt. Simba dýnan þín kemur í kassa sem er 1,05 x 0,5 x 0,5 m. Háþróuð tæknin sem notuð er til að pakka henni með þessum hætti tryggir að þegar þú hefur tekið hana úr kassanum þenur hún sig út á fáeinum klukkustundum og verður aftur jafn fjaðrandi og þegar henni var pakkað.



100 náttu prófun

Við erum svo viss um gæði Simba dýnunnar að við bjóðum þér að prófa hana í 100 daga og ef svo ólíklega vill til að hún henti þér ekki geturðu skilað henni.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

| | |
|--------------|-------------|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á www.simbasleep.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

SIMBA®

SIMBA



DORMA

Láttu drauminn rætast

Dæmt í máli Jóns Ásgeirs og Tryggva gegn ríkinu

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu mun á fimmtudaginn kveða upp dóm í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar gegn íslenska ríkinu.

Málið snýst um það að þeir Jón Ásgeir og Tryggvi telja að brotið hafi verið gegn mannréttindum þeirra með því að þeim hafi verið refsad tvisvar vegna sama atviks. Í tengslum við rannsókn Bausmálsins rannsókuðu skattayfirvöld skattskil þeirra Jóns Ásgeirs og Tryggva fyrir árin 1998-2002. Leiddi rannsóknin til hækkunar á álögum sköttum þeirra og ákvað yfirsattanefnd 25 prósent álag á skattana. Þeir Tryggvi og Jón telja að með 25 prósent álaginu hafi þeim verið gerð refsing vegna þessara atvika. Síðan voru þeir dæmdir

Þetta snýst um það hvort það hafi verið heimilt að refsa tvisvar.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs og Tryggva



í Hæstarétti vegna brota á skattalögum.

„Þetta snýst um það hvort það hafi verið heimilt að refsa tvisvar, annars vegar fyrir stjórnvöldum og hins vegar fyrir dómstólum,“ segir Gestur Jónsson, verjandi þeirra. – jhh



101 Reykjavík

Laugavegur 28b

Höfum fengið í einkasölu heildareignina við Laugaveg 28B, Reykjavík. 413,9 fm hús sem stendur á 234 fm eignarlóð með nýtingarhlutfall 3,9. Í dag er rekinn verslun á jarðhæð og veitingarstaður á efri hæð húsin. Húsið skiptist í 222 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð og 191,8 fm á 2. hæð og í risi. Það er veitingahúsnæði og skrifstofur. Í dag er húsnæðið í leigu til tveggja leigutaka.

Óskað er eftir tilboðum í eignina.

Nánari uppl. veitir:

Kjartan Hallgeirsson

Löggiltur fasteignasali

kjartan@eignamidlun.is

824 9093 / 588 9090



EIGNAMIDLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegur 11 · 108 Reykjavík

Hælsleitendur á Íslandi

Hvernig er ferlið þegar sótt er um hæli? Hvað gerir Rauði krossinn fyrir hælsleitendur?

Áshildur Linnet verkefnastjóri og Arndís A.K. Gunnarsdóttir lögfræðingur hjá Rauða krossinum fjalla um ferlið við það að sækja um hæli á Íslandi. Hvar byrjar fólk, hvernig líður því, hvaða aðstoð fær það og hvar endar það? Þessum spurningum og fleiri verður svarað á fyrirlestri miðvikudaginn 17. maí kl. 8.30–9.30 í húsi Rauða krossins, Efstaleiti 9.

➤ Allir velkomnir
Skráning á raudikrossinn.is



Breska heilbrigðiskerfið NHS var nánast ónothæft í gær vegna árásarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Netþrjótur yfirtóku tugi þúsunda tölva

Starfsemi stofnana og fyrirtækja víðsvegar um heim lamaðist í gær eftir að gíslatökuhugbúnaður (e. ransomware) skaut upp kollinum. Notendur lentu í því að ekki var hægt að nota tölvur nema gegn greiðslu lausnargjalds.

TÆKNI Gíslatökuhugbúnaður olli miklum glundroða víða um heim í gær. Talið er að búnaðurinn eigi rætur að rekja til Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (NSA).

Afleiðingar tölvuárásarinnar voru þær að minnst tugþúsundum tölva var haldið í gíslingu af þrjótunum. Á skjáum þeirra birtust skilaboð sem tjáðu notandanum að ef hann reiddi fram 300 dollara, andvirði rúmlega 30 þúsund íslenskra króna, fengi hann gögn og tölvu sína til baka. Yrði upphæðin ekki greidd innan tveggja daga myndi upphæðin tvöfalda.

Þess var kraftist að rafræni gjaldmiðillinn BitCoin yrði brúkaður til verksins. Heimildir herma að gjaldmiðillinn hafi streymt inn á netveski þrjótanna í kjölfarið.

Meðal tölva sem var haldið í gíslingu með þessu móti má nefna tölvu breska heilbrigðiskerfisins, NHS, sem voru ónothæfar vegna þessa. Lamaðist kerfið algerlega.

Aðgerðum var slegið á frest, ekki var unnt að útskrifa sjúklinga eða gera nokkurn skapaðan hlut.

Forritið skaut upp kollinum í minnst 74 löndum. Útlit er fyrir að þrjótarnir hafi náð valdi á flestum tölvum í Rússlandi og Taívan en það birtist einnig í Bandaríkjunum, Bretlandi, Úkraínu, Tyrklandi, Þýskalandi, Japan og Spáni. Í síðastnefnda landinu herma heimildir að kerfi orkurisans Iberdrola og veitufyrirtækisins Gas Neutral hafi lamast.

Sérfræðingar og áhugamenn um tækni hafa rakið forritið til tölvuþrjóta sem kenna sig við Shadow Brokers. Í síðasta mánuði láku þeir á netið forriti sem á rætur sínar að rekja til NSA og hafði áður verið notað af stofnuninni.

Áður höfðu þrjótarnir reynt að selja búnaðinn á uppboði. Þá var haft eftir sérfræðingunum að hugbúnaðurinn væri „raunverulegur en gamall“. Í kjölfar árásarinnar í

gær sendi tölvuöryggisfyrirtækið Check Point frá sér yfirlýsingu um að þarna væri á ferðinni uppfærð útgáfa af eldra forriti.

„Þetta er netárás á fyrirtæki og stofnanir í Evrópu af áður óþekktri stærðargráðu,“ segir netöryggisönnuðurinn Kevin Beaumont í samtali við BBC.

„Við vitum af árásinni og netöryggisráðið vinnur nú að lausn málsins,“ sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands. „Það er ekkert sem bendir til þess að upplýsingum um sjúklinga hafi verið stolið og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að tryggja að það gerist ekki.“

Hugbúnaðarinn varð fyrst vart klukkan 15 að íslenskum tíma í gær og hélt hann áfram að dreifa sér um heiminn fram eftir kvöldi og inn í nóttina. Ekki liggur ljóst fyrir nákvæmlega hve margar tölvur urðu fyrir árásinni.

johannoli@frettabladid.is

Heilbrigðisráðherranum sparkað

VENESÚELA Lyfjafraeðingurinn Luis Lopez tók í gær við sem heilbrigðisráðherra Venesúela. Hann tekur við af kvensjúkdómalækningunum Antonietu Caporale sem gegnt hafði embættinu í fjóra mánuði.

Caporale var ýtt úr stjórninni af forsetanum Nicolas Maduro eftir að tölfraedi um ástand heilbrigðiskerfis landsins skaut upp kollinum. Slík tölfraedi hefur ekki verið gefin út síðustu tvö ár.

Tölurnar, sem komu frá heilbrigðisráðuneytinu, sýna að ungbarna-dauði í landinu hefur aukist um 30 prósent og sængurkvennadauði um 65 prósent frá því að slík tölfraedi var síðast gefin út. Þá fjölgaði malaríutílfellum um 76 prósent á milli ára.

Kreppan í Venesúela hefur nú varað í rúm fjögur ár og verða áhrif hennar víðtækari með hverjum deginum sem líður. Verðbólga er í hæstu hæðum og skortur er á matvælum og helstu nauðsynjavörum. Þá stefnir allt í að lyfjaskortur verði í landinu en heilbrigðisstarfsmenn áætla að 85 prósent lyfja séu að verða uppurin. – jõe



Nicolas Maduro lét Antonietu Caporale taka pokann sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Á Reykjavíkflugvelli.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sjúkraflug með 58 frá Hornafirði

SAMGÖNGUR „Því miður er óraunhæft að ætla að í náinni framtíð skapist þær aðstæður í íslenskrum heilbrigðisþjónustu að ekki verði þörf á að koma mörgum af erfðustu tilfellunum sem koma upp á landsbyggðunum á Landspítalann við Hringbraut,“ segir í bókun bæjarstjórnar Hornafjarðar.

Árið 2015 voru, að sögn bæjarstjórnarinnar, 58 fluttir í sjúkraflugi frá Hornafjarðarflugvelli. Skorað er á ríkisstjórnina og borgarstjórn Reykjavíkur að „tryggja óskerta starfsemi Reykjavíkflugvallar og tryggja þar með öryggishagsmunum íbúa landsbyggðanna, að minnsta kosti þangað til jafngöð eða betri lausn finnst“ eins og segir í bókuninni.

„Það er með öllu ólíkandi að dregið verði úr öryggi sjúklunga og slasaðra sem þurfa að komast með hraði á Landspítalann.“ - gar

Útburði hafnað

DÓMSMÁL Hæstiréttur hafnaði á dögunum kröfu manns á Akureyri þess efnis að fá kjörföður sinn borinn út úr húsi á Þórshöfn.

Í niðurstöðunni kemur fram að árið 2007 hafi húsinu á Þórshöfn verið afsalað til mannsins af móður hans, þáverandi eiginkonu kjörföðursins. Maðurinn telur að kjörfaðir sinn hafi búið í húsinu án leyfis og án þess að borga leigu. Vill hann losna við hann úr því til að geta selt eignina. Kjörfaðir hans hélt því hins vegar fram að húsinu hefði verið afsalað til sonarins til málamynda og að hann ætti í raun ekkert í eigninni.

Á báðum dómstigum var tekið fram að til að unnt væri að fallast á aðför þyrfti heimild eiganda að vera ótvíræð. Þar sem feðgarnir voru tvísaga var vafi uppi um raunveruleg atvik málsins og útburði því hafnað. - jõe

Inntökupróf í hagfræði lagt af

MENNTAMÁL „Við tókum þetta upp árið 2012 og erum að hætta með þetta aftur,“ segir Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands. Inntökupróf var haldið í deildinni síðustu fjögur árin en ekkert inntökupróf verður í haust.

Hann segir ýmsar ástæður fyrir þessari ákvörðun. „Þegar við förum af stað með þetta var álitid að aðrir væru að fara af stað með þetta líka, að aðrar deildir eins og viðskiptafræði myndu fylgja í kjölfarið. Við litum á að þarna værum við brautryðjendur en það hefur ekki gengið eftir.“

Við í deildinni stefnum að því að hafa í staðinn stærðfræðipróf sem nemendur geta tekið sjálfir og metið sína eigin stöðu í kjölfarið.“ - sg



Ásgeir Jónsson,
forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands

Blöndustöð Landsvirkjunar fær alþjóðleg verðlaun

UMHVERFISMÁL Blöndustöð Landsvirkjunar hefur hlotið Blue Planet verðlaunin, sem Alþjóðavattsaflsamtókin (International Hydropower Association, IHA) veita verkefnum sem skara fram úr í sjálfbærri nýtingu vatnsafls í heiminum. Verðlaunin voru veitt á þingi samtakanna, sem haldið var í Addis Ababa í Eþíópíu.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsvirkjun.

Verðlaunin eru veitt á grundvelli alþjóðlegs matslykils um sjálfbæra nýtingu vatnsafls (Hydropower



Laxveiði í Blöndu hefur stóruð eftir tilkomu virkjunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sustainability Assessment Protocol, HSAP), en úttekt á grundvelli hans var gerð á Blöndustöð árið 2013.

Í úttektinni, sem var mjög umfangsmikil og fór fram í Blöndustöð og á aðalskrifstofu Landsvirkjunar, voru teknir til nákvæmrar skoðunar 17 flokkar sem varða rekstur Blöndustöðvar – til dæmis samskipti og samráð, stjórnun á umhverfislegum og samfélagslegum þáttum, vatnsauðlindina, vinnuafli og vinnuástöðu, líffræðilegan fjölbreytileika og framaní tegundir ásamt rofi og setmyndun. – shá

Fræðslufundur um fyrstu fasteign

í Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 16. maí kl. 17.30

Á fundinum fer Breki Karlsson yfir helstu hugtök sem skipta máli við íbúðakaup og Snæðís Ögn Flosadóttir kynnir kosti þess að nýta skattfrjálsan viðbótarlífeyrissparnað til að stíga fyrsta skrefið inn á fasteignamarkaðinn.

Skráning á arionbanki.is.

Allir velkomnir!

Arion banki
– fyrir framtíðina

HVITA HÚSÍÐ/SÍA - 17-2883

Rekinn með tilþrifum



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Donald Trump Bandaríkjaforseti er ekki stjórnmálamaður. Hann kemur úr viðskiptalífnum eins og flestir vita. Tvennum sögum fer af því hvernig honum hefur tekist að ávaxta þau auðæfi sem hann erfði eftir föður sinn.

Í kringum forsetakosningarnar síðastliðið haust var staðhæft að Trump hefði haft meira upp úr því að leggja fé í hlutabréfasjóði sem byggðust á bandarísku NASDAQ vísitölunni en að standa í eigin viðskiptabróti. Með öðrum orðum, hefði betur verið heima setið en af stað farið.

Enginn velkist þó í vafa um að Trump kann þá list að upphæfa sjálfan sig. Hann hefur alla tíð verið áberandi á forsiðum dagblaða og glanstimarita. Frægðarsól hans reis hæst í tengslum við þáttinn The Apprentice þar sem hann réði og rak ungt og upprennandi fólk úr vinnu með miklum tilþrifum.

Trump virðist ætla að halda uppteknum hætti nú þegar í Hvíta húsið er komið. Embættisverk hans vekja ávallt mikla athygli, þótt tvennum sögum fari af árangrinum. Aðferðirnar sem hann beitir í starfsmannahaldinu minna óþægilega á þjónnaskapinn, sem hann sýndi unga fólkinu í sjónvarpsþættinum forðum.

Í þessari viku rak Trump stjórnanda FBI, James Comey, úr embætti með tilþrifum. Tvær ef ekki þrjár ástæður eru gefnar. Talsmenn Trumps gáfu til kynna að Comey hefði brugðist við meðferð á tölvupóstamáli Hillary Clinton. Mike Pence varaforseti tók svo sérstaklega fram að Trump hefði farið eftir ráðleggingum dómsmálaráðherra síns í málinu.

Sjálfur kom Trump svo í viðtal og lét í ljós að Comey hefði þurft að taka pokann sinn vegna Rússlandsmálsins svokallaða, það er að segja þeirra ásakana að Rússar hafi á óeðlilegan hátt beitt sér fyrir því að Trump næði kjöri síðastliðið haust. Hann bætti svo við að hann hefði tekið ákvörðunina einn síns liðs og hvorki þurft leiðsögn frá dómsmálaráðherra né nokkrum öðrum.

Allt sem forsetinn sagði stangaðist á við það sem undirmenn hans höfðu áður látið út úr sér.

Þetta er í annað sinn sem forstöðumanni FBI er vikið úr embætti. Fyrra tilfellið var í stjórnartíð Bills Clinton og var nokkuð óumdeilt en William Sessions, sá sem var látinn fara, var flæktur í net hneykslismála. Nú er réttlættingin allt önnur og persónulegri. Trump virðist hafa óttast að Comey myndi hefja rannsókn á tengslum hans sjálfs og stjórnar hans við Rússa.

Ef satt reynist kembir Trump varla hærurnar á valdastóli. Í besta falli er það þó stórkostlegt áhyggjuefni að sjálfur forseti Bandaríkjanna beiti enn sömu aðferðum og hann gerði í sínum dapra sjónvarpsþætti um árið.

Ymsir höfðu áhyggjur af því að skapgerð Trumps hentaði ekki hans háa embætti. Með hverri vikunni sem liður bendir fleira til að áhyggjurnar hafi ekki verið ástæðulausar.



Allt sem forsetinn sagði stangaðist á við það sem undirmenn hans höfðu áður látið út úr sér.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Óður til gleðinnar?

Maður verður að vera léttur. Ég er búinn að segja þetta milljón sinnum. Og þetta á alltaf við en alveg sérstaklega þessa viku. Eurovision. Það er allt skemmtilegt við þetta en okkur hættir til að taka þetta full alvarlega. Svona eins og þetta sé í alvöru keppni í tónlist. Sem er nánast það fyndnasta sem ég hef heyrt!

Við erum stundum eins og maður sem fer á bekkjar-kvöld í skólanum hjá barninu sínu og fer svo heim og skrifar harðorða gagnrýni um það. Alveg brjálaður!

Í stað heillar viku af gleði eru nefnilega svo margir sem ákveða að eyða þessari viku í samsæriskennningar, djúpar tónlistarlegar þælingar, vangaveltur um straua og stefnur og viðbrögð blaðamanna. (Ég held að ég sé ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þegar ég segi að þetta eru ekki allt alvöru blaðamenn. Finnst ykkur líklegt að margir fjölmiðlar sendi blaðamann í tveggja vikna ferð til að taka selfies af sér með keppendum? Það ætti líka að vera vísbending þegar blaðamenn spyrja hvað sé að fréttu af „Siga og Grætar“.)

Auðvitað væri gaman að vinna. Það eru reyndar meiri líkur á því að við vinnum einhvern tímann en að blaðamannafundur íslenska hópsins gangi ekki vel eða að íslenski hópurinn klúðri æfingu.

Plebbahegji

Þetta er vikan sem við leyfum okkur að vera plebbar. Þaða okkur í Vogaidýfu, troða í okkur of mörgum pitsum og mögulega drekka of mikið. Ótrúlegustu menn verða sérfræðingar í búningum og dansi og fyrir flesta er þetta eina landafræðikennslan sem þeir hafa fengið eftir grunnskóla.

Umgjörðin verður svo alltaf keppni í að fara aðeins of langt. Oft hjá þjóðum sem hafa eiginlega ekki efni á því. Allt er aðeins of stórt og mikið og þínu tilgerðarlegt.

En svo kemur sveitamennskan, svo falleg og skemmtileg, þegar Jon Ola Sand kemur – alltaf eins og



Þetta er vikan sem við leyfum okkur að vera plebbar. Þaða okkur í Vogaidýfu, troða í okkur of mörgum pitsum og mögulega drekka of mikið. Ótrúlegustu menn verða sérfræðingar í búningum og dansi og fyrir flesta er þetta eina landafræðikennslan sem þeir hafa fengið eftir grunnskóla.

Óvart – í mynd og tilkynnir að sýslumaður hafi farið yfir allt heila landafræðisamsærið. Svo sitjum við eins og á kosninganótt og botnum ekkert í því af hverju okkar flokkur/lag nauð ekki trausts kjósenda. Eins og við vorum stolt af því!

Sameinumst!

Við sameinumst í meðvirkni með okkar fólki. Það skipti sennilega ekki máli þótt Svala hefði ökkla-brotnað, gubbað og gleymt textanum. Okkur hefði alltaf fundist að hún hefði staðið sig frábærlega. Sem hún reyndar gerði. Og við erum brjáluð yfir að aðrar þjóðir hafi ekki séð það.

En svo er þetta líka eina kvöldið þar sem það er fyllilega samþykkt að tala um feitt fólk og ljótt. Jafnvel henda í smá rasisma. Bara ef maður man að setja #12stig á eftir.

Við eigum að sameinast í gleði. Gleðjast yfir því að það er ekki jafn rosalega hallærislegt og hér í eina tíð að horfa. Eða yfir því að það er í lagi að vera svo hallærislegur að hafa gaman af þessu. Fagna því að það eru ekki bara gamlir píanókennarar sem fá að kjósa. Og náttúrulega því að fá að vera með. Það er nú eitthvað!

KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17



RENAULT
Passion for life

Renault Clio

ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistarannum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

Renault Clio ZEN
Dísil, beinskiptur

Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.490.000 kr.

Renault Clio ZEN Sport Tourer
Dísil, beinskiptur

Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.690.000 kr.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Mikilvæg upplýsingar tölur framleiðanda um eidsneytisnotkun í blönduðum akstri ENNEM / SIA / NM82030

Conte kóngurinn á Brúnni



Meistarar Chelsea varð í gær Englandsmeistari eftir 1-0 sigur á WBA þar sem Michy Batshuayi skoraði sigurmarkið á 82. mínútu. Hér fagnar Antonio Conte í leikslök en Ítalinn vann titilinn á sinni fyrstu leiktið sem knattspyrnustjóri Lundúnaliðsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Síðasti sénsinn að vinna Fram

Kvennalið Fram í handbolta getur tryggt sér 21. Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins með sigri á Stjörnunni í Garðabænum á morgun. Þetta gæti verið síðasti möguleikinn til að vinna Fram í nokkur ár.

HANDBOLTI Fram leiðir einvígið gegn Stjörnunni 2-0 eftir tvo nauma sigra. Framkonur fá því þrjá leiki til að tryggja sér 21. Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins og þann fyrsta síðan 2013.

„Maður vonast auðvitað eftir jöfnum leik og að Stjarnan vinni. En ég hef áhyggjur af því. Mér fannst Stjörnukonur þínu sprungnar andlega í síðasta leik. Þessi sería á undan virtist vera andlega erfið fyrir þær,“ sagði Kristín Guðmundsdóttir, leikmaður Vals, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hún vísaði þar til einvígis Stjörunnar og Gróttu í undanúrslitunum sem Garðabæingar unnu 3-2, þrátt fyrir að hafa verið dæmdur ósigur í öðrum leiknum vegna ólöglegs leikmanns.

Fram vann fyrsta leikinn gegn Stjörnunni í Garðabænum, 24-25, þrátt fyrir að skora ekki síðustu 13 mínútur leiksins. Á miðvikudaginn vann Fram svo 25-22 sigur á heimavelli sínum í Safamýrinni.

Ekkert gekk upp hjá Stjörnunni

„Í öðrum leiknum gengu hlutir upp hjá Fram sem hafa ekki gengið upp áður. Á meðan gekk ekkert upp hjá Stjörnunni,“ sagði Kristín. „Manni finnst eins og Fram sé að fara að vinna þetta. En það þarf svo lítið að snúast við svo Stjarnan komist á blað. Ég held að það komi í ljós á fyrstu 10 mínútunum hvort þær séu tilbúnar.“

Stjarnan og Fram eru óumdeilalega bestu lið landsins en þau hafa barist um þá titla sem í boði eru í

vetur. Fram vann Stjörnunna í úrslitaleik deildabikarsins en Garðabæingar unnu Framkonur í bikarúrslitaleiknum og í eiginlegum úrslitaleik um deildarmeistaratitilinn.

„Stjarnan er með svaka leikmenn innanborðs og það sýndi sig í bikarúrslitaleiknum og sérstaklega þegar þær urðu deildarmeistarar. Fram mátti þá tapa með fimm mörkum en Stjarnan vann með sex,“ sagði Kristín sem lýsir eftir lykilmönnum Stjörunnar í úrslitaeinvíginu.

„Mér finnst hafa vantað Rakel [Dögg Bragadóttir] og Söllu [Sólveigu Láru Kjærnested] í síðustu tvo leiki. Ég hef enga trú á því þær vilji tapa svona. Innst inni vona ég að þær verði í essinu sínu og eigi góðan leik.“

Hátt spennustig hjá Fram

Kristín segir að hátt spennustig geti orðið Fram fjötur um fót í leiknum á morgun.

„Fram fer í leikinn til að verða meistari og ætlar að verða meistari og það getur stundum hækkad spennustigið. Þetta gæti sprungið í höndunum á þeim. Það getur allt gerst þótt ég spái því að Fram verði Íslandsmeistari, þó ekkert endilega á sunnudaginn [á morgun],“ sagði Kristín.

Stjarnan hefur verið í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn síðan 2013 en alltaf tapað. Kristín segir að þessi endalaus top í úrslitunum geti haft áhrif á liðið á morgun.

„Þetta hefur allt áhrif. Þótt þú ætlir ekki að hugsa um þessa hluti

Hanna Guðrún þekkir leiðina

Það hefur tvisvar sinnum gerst í sögu úrslitakeppni kvenna í handbolta að lið komi til baka úr 2-0 stöðu og vinni Íslandsmeistaratitilinn. Í bæði skiptin voru Haukar að verki.

Haukar lentu 2-0 undir gegn Stjörnunni árið 1996 en komu til baka, unnu þrjá leiki í röð og tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn. Stjarnan komst aftur í 2-0 gegn Haukum 2002 en Hafnfirðingar

endurtóku leikinn og tóku titilinn.

Hanna Guðrún Stefánsdóttir, leikmaður Stjörunnar, var í Haukaliðinu á þessum tíma og þekkir þessa stöðu því vel. Hanna kom lítið við sögu í úrslitakeppninni 1996 en var í lykilhlutverki í Haukaliðinu sex árum seinna. Hún skoraði þá 19 mörk í leikjunum fimm í úrslitaeinvíginu.

Hanna, sem er 38 ára gömul, er komin með 11 mörk í úrslitaeinvíginu gegn Fram.

●● **Þetta hefur allt áhrif. Þótt þú ætlir ekki að hugsa um þessa hluti láta þeir alltaf á sér kræla.**

Hanna G. Stefánsdóttir

láta þeir alltaf á sér kræla. Þú þarft að vera yfirvegaður og andlega klár að stilla hugann. Það er hugarþjálfun að hugsa ekki um hluti sem skipta ekki máli,“ sagði Kristín.

Upphafið að gullöld Fram?

Þótt Fram hafi verið með gott lið

Nýjast

Inkasso-deildin

HK - Leiknir R. 3-2

1-0 Árni Arnarson (17.), 2-0 Ingiberg Ólafur Jónsson (32.), 2-1 Ragnar Leósson (35.), 2-2 Halldór Kristinn Halldórsson (56.), 3-2 Ágúst Freyr Hallsson (90.+2).

Fram - Haukar 2-2

0-1 Arnar Aðalgeirsson (27.), 0-2 Björgvin Stefánsson (75.), 1-2 Simon Smidt (82.), 2-2 Ivan Bubalo (90.+4).

Grótta - Fylkir 1-2

1-0 Andri Þór Magnússon (16.), 1-1 Hákon Ingi Jónsson (28.), 1-2 Daði Ólafsson (90.).

ÍR - Þróttur 1-2

0-1 Emil Atlason (69.), 0-2 Daði Bergsson (77.), 1-2 Jón Gísli Ström (90.).

| Efri | Neðri | | |
|---------|-------|------------|---|
| Fylkir | 6 | Leiknir F. | 1 |
| Fram | 4 | Keflavík | 1 |
| Haukar | 4 | Grótta | 1 |
| Selfoss | 3 | Leiknir R. | 1 |
| HK | 3 | ÍR | 0 |
| Þróttur | 3 | Þór | 0 |

Enska úrvalsdeildin

West Brom - Chelsea 0-1

0-1 Michy Batshuayi (82.).

Everton - Watford 1-0

1-0 Ross Barkley (56.).

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|------------|----|----|----|----|-------|----|
| Chelsea | 36 | 28 | 3 | 5 | 76-29 | 87 |
| Tottenham | 35 | 23 | 8 | 4 | 71-23 | 77 |
| Liverpool | 36 | 20 | 10 | 6 | 71-42 | 70 |
| Man. City | 35 | 20 | 9 | 6 | 70-37 | 69 |
| Arsenal | 35 | 20 | 6 | 9 | 68-42 | 66 |
| Man. Utd | 35 | 17 | 14 | 4 | 51-27 | 65 |
| Everton | 37 | 17 | 10 | 10 | 61-41 | 61 |
| WBA | 36 | 12 | 9 | 15 | 41-46 | 45 |
| Leicester | 35 | 12 | 7 | 16 | 45-54 | 43 |
| Southamp. | 35 | 11 | 9 | 15 | 39-46 | 42 |
| B'mouth | 36 | 11 | 9 | 16 | 52-65 | 42 |
| West Ham | 36 | 11 | 9 | 16 | 45-59 | 42 |
| Stoke | 36 | 10 | 11 | 15 | 39-52 | 41 |
| Burnley | 36 | 11 | 7 | 18 | 37-51 | 40 |
| Watford | 36 | 11 | 7 | 18 | 37-59 | 40 |
| Crystal P. | 36 | 11 | 5 | 20 | 46-61 | 38 |
| Swansea | 36 | 10 | 5 | 21 | 41-69 | 35 |
| Hull | 36 | 9 | 7 | 20 | 36-69 | 34 |
| Boro | 35 | 5 | 13 | 17 | 26-45 | 28 |
| Sunderland | 35 | 6 | 6 | 23 | 28-60 | 24 |

Helgin

Laugardagur

08.55 F1: Æfing - Spánn Sport 2
11.20 Man City - Leicester Sport
11.50 F1: Tímataka - Spánn Sport 2
13.25 Leipzig - B. München Sport 2
13.25 Augsburg - Dortmund Sport 4
13.25 Leipzig - B. München Sport 2
13.30 Formúla E - Mónakó Sport 3
13.50 Sunderland - Swansea Sport
16.20 Stoke - Arsenal Sport
16.25 Fulham - Reading Sport 2
18.00 The Players Golfstöðin
01.30 UFC Countdown Sport
02.00 UFC 211 Sport

Olís-deild karla

14.00 Valur - FH Valshöllin

Sunnudagur


10.50 C. Palace - Hull Sport
10.55 Huddersf. - Sheff. W. Sport 3
11.30 F1: Keppni - Spánn Sport 2
13.05 West Ham - Liverpool Sport
15.20 Tottenham - Man Utd Sport
16.45 KR - IA Sport 2
17.50 KA - Fjölnir Sport 3
17.55 Real Madrid - Sevilla Sport
17.55 L. Palmas - Barcelona Sport 3
18.00 The Players Golfstöðin
19.45 Breiðablik - Stjarnan Sport 2
11.50 F1: Tímataka - Spánn Sport 2

Olís-deild kvenna

16.00 Stjarnan - Fram TM-höllin

Pepsi-deild karla

17.00 ÍBV - Víkingur R. Hásteinsv.
18.00 Grindavík - Vík. Ó. Grindavík



Mazda bílar eru hannaðir af ástríðu, hvert einasta smáatriði vel ígrundað og úthugsað. Hönnuðir Mazda leggja hjarta sitt og sál í að hanna bíla sem uppfylla ströngustu kröfur þínar um þægindi, akstursupplifun, gæði og öryggi.

ELSKAÐU AÐ KEYRA



MAZDA CX-5 AWD



Brimborg

Bíldshöfða 8
110 Reykjavík

S. 515 7000

Tryggvabraut 5
600 Akureyri

S. 515 7050

mazda.is

Þessar hressu konur eru tilbúnar í gönguna og að láta gott af sér leiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hælisleitandi börn, fylgdarlaus börn á flóttu

Hefur þú áhuga á að taka inn á heimili þitt barn sem gæti verið á aldrinum 13 – 17 ára og kemur án fylgdar fullorðinna til Íslands?

Óskað er eftir áhugasömu fólki sem er tilbúið að vista eða fóstara barn á heimili sínu til lengri eða skemmri tíma. Æskilegt er að þeir sem taka að sér börn í slíkum aðstæðum hafi reynslu eða þekkingu á málefnum flóttabarna, mismunandi menningu þeirra, trú og hefðum og eða tali tungumál þeirra.

Nauðsynlegt er að umsækjendur sækji undirbúningsnámskeið á vegum Barnaverndarstofu, hafi möguleika á að sinna þörfum barna í nýju umhverfi og veita þeim öruggt skjól á heimili sínu. Mikilvægt er að umsækjendur hafi sveigjanlegan vinnutíma.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Barnaverndarstofu í síma 530 2600 eða sendi tölvupóst á bvs@bvs.is.



BARNAVERNDARSTOFA

Ganga til styrktar góðu málefni

Mæðradagurinn er á morgun, 14. maí. Þá stendur félagið Göngum saman, sem styrkir íslenskar rannsóknir á brjóstakrabbameini, fyrir vörgöngu um allt land og á Tenerife. Lagt er af stað klukkan 11. Á höfuðborgarsvæðinu er Háskólatorg upphafsstaður.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Mæðradagurinn er viðeigandi fyrir göngur til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini því ein af hverjum tíu konum getur búist við að greinast með það einhvern tíma á ævinni. Við erum að vekja athygli á þessu og því góða vísindastarfi sem fer fram hér á landi," segir Margrét Baldursdóttir, félagi í Göngum saman og ein þeirra sem undirbúa viðburð morgundagsins, sem í ár ber upp á tíu ára afmæli félagsins.

Ein ganga er á höfuðborgarsvæðinu og verður gengið frá Háskólatorgi. „Það er í þriðja sinn sem gengið er þaðan, sem er frábært því þar er svo góð aðstaða," segir

Margrét og heldur áfram: „En það verður gengið á fjórtán stöðum á landinu og svo á Tenerife líka. Allar þessar göngur hefjast klukkan 11 en á Háskólatorgi byrjum við klukkan tíu því þar erum við með dagskrá, skemmtiatriði, söluvarning og hlutaveltu sem engin núll eru í en stórglæsilegir vinningar.“

Margrét segir Göngum saman hafa átt mjög gjöfult samstarf við íslenska hönnuði og segir Hildi Yeoman hönnuðinn sem í ár leggi félaginu lið. „Hildur hefur hannað boli, við erum alltaf með nýja boli á hverju ári, svo hefur hún líka hannað taupoka.“

Allir eru velkomnir á Háskólatorgið og í gönguna sem ekkert kostar að taka þátt í.

Í sjöunda sinn er Göngum saman í samstarfi við bakarameistara. Um helgina selja þeir svokallaðar brjóstabollar og láta hluta ágóðans renna til félagsins.

JAGUAR

AUKIN ÞÆGINDI VIÐ BREYTILEGAR AÐSTÆÐUR



Fjór hjóladrifnu fjölskyldusportbílarnir Jaguar XE og Jaguar XF eru búnir hinu fullkomna Jaguar ASPC fjór hjóladrifskerfi sem hentar einstaklega vel við aðstæður þar sem allra veðra er von. Allar gerðir Jaguar fólksbíla eru með yfirbyggingu úr áli sem tryggir léttleika og lága eldsneytisnotkun. Nýjasta fjölarma fjöðrunartækni tryggir þægilegan akstur og framúrskarandi aksturseiginleika.

Jaguar bílar eru þekktir fyrir fallett efnisval og vandaðan frágang innréttingar og með nýjstu kynslóð af Jaguar InControl Touch Pro margmiðlunarkerfinu getur ökumaður notið nýjunga á borð við íslenskan leiðsögubúnað, stafræna stjórnun hljómtækja og tengingu við snjalltæki fyrir tónlistarafspilun.

Reynslauaktu fjór hjóladrifnum Jaguar í dag.

jaguarisland.is

THE ART OF PERFORMANCE

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Katrín Oddsdóttir lögfræðingur og Kristín Eysteinsdóttir borgarleikhússtjóri búa saman í gömlu húsi í Þingholtunum með börn sín tvö. Þær hafa sömu gildi í lífinu þó ólíkar séu, meta ferðalög, listir og frelsi mikils en líka gott heimilislíf. Kristín er rólega týpan en Katrín ör í eðli sínu og elskar spuna og karóki.

Þingholtin, járnhlíð og tröppur. Kristín Eysteinsdóttir kemur til dyra, Katrín Oddsdóttir, kölluð Kata, hefur nýlökkið við að hella á könnuna og býður til sætis við borðstofuborðið. Eru þær miðbæjarrottur? Kristín verður fyrir svörum – hugsandi til baka: „Ja, Kata ólst upp í Skjólunum og ég var mikið að leika mér þar, ég hef örugglega hitt hana í Einarabúð og strítt henni. Svo fór ég í Kvennó og Kata í MR. Við bjuggum saman í Hlíðunum í fimm ár og svo á Lindargötunni þannig að ræðisinn er ekkert rosaalega stór. Það á fánlega vel við okkur að vera nálægt miðbænum.“

Kristín: „Þessi hluti Þingholtanna er líka bara eins og dásamlegur smábær úti á landi. Hér eru litlir leikvællir og leynigarðar víða og bara falleg og góð stemning. Maður þekkir alla nágrannana, fær lánaða hluti og stutt á leikskólann. Allt rólegt. Svipað og að vera á Seyðisfirði nema með þeim kosti að geta farið niður í bæ á átta mínútum.“

Katrín: „Ég hélt það væri eitthvert snobb að búa í Þingholtunum en það eru alveg falleg gildi bak við það. Að vera nærri hringiðum menningar og sjá líf þegar maður kemur út en samt ekki í sollinum.“

Katrín og Kristín keyptu húsið nýlega af þriðju kynslóð frá þeim sem byggðu það. Þær eru búnar að breyta eldhúsi í baðherbergi, svefnherbergi í eldhús, taka niður vegg milli þess og stofu og stækka dyr inn í aðra stofu. „Allar breytingar sem við höfum gert reyndum við að hafa í anda hússins,“ segir Kata. „Ætlum að fara að gera upp gluggana smátt og smátt og hafa þá í upprunalegri mynd.“

„Það er eilífðarverkefni að eiga gamalt hús en ótrúleg gleði sem fylgir því,“ segir Kristín og lýsir draumnum um svalir út frá stofunni og tröppur þaðan niður í garð þar sem börnin geti leikið sér. Þær eiga nefnilega tvö börn, dótturina Díu sem verður fjögurra ára í júlí og soninn Aron, tveggja ára. Hún segir börnin vera sálufélaga. „Þau ná ótrúlega vel saman. Það er eins og þau hafi verið ætluð hvort öðru sem systkini.“

Katrín hefur starfað sem lögmaður undanfarin ár en tók sér frí frá því starfi um sinn. „Ég byrjaði á að taka mér launalaust leyfi í eitt ár, frá þarsíðustu áramótum til að vera með dótturinni og líka að berjast fyrir stjórnarskrármálinu sem ég hef mikinn áhuga á. Er búin að kenna dálitið uppi í HR, halda fyrirlestra í ýmsum löndum um stjórnarskrármálið og gera ýmislegt skemmtilegt.“

En ég er frjálst með tímann minn og það á ótrúlega vel við mig. Nú eru börnin orðin tvö til að sinna. Það er yndislegt. Sakna samt stundum lögmennskunnar og frábærra samstarfsfélaga á Rétti. Það er gaman að berjast þar því ég hef verið svo heppin að fá að vinna í mörgum málum sem mér finnst ég virkilega vera að gera gagn í. Sem var ástæðan fyrir að ég fór í þetta fag.“

Á leið hvor í sína átt

Katrín er formaður Stjórnarskrárfélagsins og er að búa sig undir ráðstefnu í Bandaríkjunum með Berkley-háskóla í byrjun júní. „Íslenska stjórnarskrármálið hefur vakið gríðarlega athygli fræðimanna úti um allan heim og ekki síður sú tregða sem er á framgangi þess hér. Próffessorar við flottustu háskólana í Bandaríkjunum, eins og Harvard, Stanford og Yale, hafa verið



Katrín og Kristín í nýja eldhúsinu í gamla húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Minni peningar en fleiri gæðastundir

Katrín Oddsdóttir lögfræðingur og **Kristín Eysteinsdóttir** borgarleikhússtjóri búa saman í gömlu húsi í Þingholtunum með börn sín tvö. Þær hafa sömu gildi í lífinu þó ólíkar séu, meta ferðalög, listir og frelsi. Kristín er rólega týpan en Katrín ör í eðli sínu og elskar karóki.

að kenna um þetta íslenska ferli í lagadeildum og víðar. Það eru yfir þrjátíu manns að fara frá Íslandi á þessa ráðstefnu, þar á meðal þingmenn, og ég held að hún muni hafa áhrif. Þetta er langhlaup en klárast eins og annað.

Það eru svo ótrúlega margar breytingar fölgjar í stjórnarskrárdrögunum sem samfélagið þarfnast. Nú þegar lýðræðissamfélag standa víða höllum fæti og traust gagnvart kjörnum fulltrúum rýrnar úti um allt, er það dýrmætt á heims-

vísu að eiga dæmi um framtak eins og íslenska stjórnarskrárfelid því það gefur öðrum innblástur, jafnvel þótt við höfum ekki enn náð að klára málið með því að lögfesta nýju stjórnarskrána.

Ráðstefnan er í San Francisco 3. júní og verður með nokkurs konar þjóðfundarsniði, það mega allir taka þátt en þurfa að skrá sig.“

Kristín kveðst því miður ekki komast með vestur um haf enda sé hún að fara í átta daga ferð til Kína síðar í þessum mánuði. „Sýningu frá

Borgarleikhúsinu er boðið á lista-hátíð í Macau, sem er ansi sérstök borg og oft kölluð Las Vegas Kína, enda er hún full af spilavítum og karókiöldum. Við erum rúmlega 20 manna hópur sem fer frá leikhúsinu og við sýnum Mávinn eftir Tsjekov, en þetta er þriðja hátíðin sem þeirri sýningu er boðið á, hinar voru í Póllandi og Finnlandi. Sýningin er löguð að Íslandi, gerist í sumarbústað í íslenskri sveit og vakti mikla athygli þegar hún var sýnd hérlandis. Það er mikill spenn-



KATA ER TIL DÆMIS MJÖG

HJÁTRÚARFULL, HÚN Á

MYND AF ÖMMU SINNI

OG ALLTAF ÞEGAR VIÐ

HÖFUM FLUTT Á NÝJAN

STAD ÞÁ SETUR HÚN ÞESSA

MYND UPP INNI Í SVEFN-

HERBERGI, ÁÐUR EN ALLT

ANNAD FER INN.

Kristín

ingur og tilhlökkun að sýna á svona framandi menningarsvæði og afar nærandi fyrir leikhópinn.“

Kata kveðst alveg hefði þegið að fara með til Kína, en þegar þær hafi farið að horfa á skipulagið hafi þeim fundist ómögulegt að vera svona lengi í burtu og tekið hagsmuni barnanna fram yfir eigin.

„Það er samt mjög slæmt fyrir mig að missa af þessu og þegar ég heyrði að það væri sérstakt karókiherbergi á hótelinu fann ég til virkilegrar öfundsyki. Þá bara sagði ég: Ég trúi þessu ekki, ég vil koma með!“

Kristín: „Ég get staðfest að ef ég ætla að gleðja Kötun þá fer ég með hana í karóki. Þar eru, eins og hún segir, fullorðnir að leika sér og ég held að henni finnst fátt skemmtilegra en fara í karóki eða út í brennó.“

Kata: „Eða spuna, ég er á fullu í spuna, það er ótrúlega skemmtilegt. Maður má ekki gleyma að leika sér. Það er nefnilega dálitil gildra þetta fullorðinskonept. Við látum teyma okkur inn í eitthvert ástand sem er bara hundleiðinlegt. Hvað gerðum við til að verðskulda þetta? Enda situr fólk bara og hellir í sig, það er eina leiðin til að fá útrás.“

Súrefni í lífið

Kristín: „Fyrir einu og hálfu ári vorum við báðar í ótrúlega krefjandi vinnu þótt hvorug okkar hefði stefnt á það. Sumir eru með fimm ára plan um að vera orðnir eitthvað sérstakt eða klífa metorðastigann að ákveðnu takmarki, en í eðli okkar viljum við hafa frekar mikið frelsi í lífinu og ég er oft bara frekar löt. Mér finnst það vera kostur. Það virðist stöðutákn að vera á fullu alls staðar en mér líður best þegar ég hef mikinn tíma til að lesa og hugsa.“

Þegar við tókum ákvörðun um að Kata hætti í fastri vinnu utan heimilis kom bara rosa mikið súrefni inn í líf okkar. Fyrst og fremst vorum við að gera þetta með hagsmuni barnanna okkar í huga og líka sambands okkar. Við eigum minni pening en miklu fleiri gæðastundir og miklu betra líf.“

Katrín: „Já, eyðsla er bara visst fall af tekjum. Við erum búnar að vera saman frá 2002 og það er alveg ljóst að við höfum aldrei átt feita sjóði, eyðum bara þeim peningum sem okkur áskotnast, í ýmsa gáfulega hluti svo sem. Nú eigum við yndislegt heimili og höfum nóg, því ættum við þá báðar að eyða þeim tíma sem við höfum núna í að vinna og vinna, meðan við erum báðar fullfrískar og með lítil börn? Það er engin góð ástæða sem poppar upp í hugann nema hvað við njótum þess báðar að vinna við það sem við höfum valið okkur og ég held að við höfum ýmislegt til málanna að leggja báðar – en þessi ákvörðun reyndist alger snilld.“

Kristín: „Ég held það sé veruleiki rosa margra foreldra að hittast í dýrunum og hafa vaktaskipti.“

Katrín: „Það geta auðvitað ekki allir leyft sér að gera þetta eins og við.“

Kristín: „Nei, okkar uppskrift

**MILLJÓNIRNAR
KEPPA Í DAG!**

33

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 33 MILLJÓNIR



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Örlykjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



„Ef við leikum alltaf þá leiki sem eru sennilegir, þá að lokum deyr skákin, en ef maður gerir hluti eftir innsæinu viðhelst líf og fjör.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gildir ekki nema svigrúm sé til að forgangsraða.“

Katrín: „Mér finnst rosa margt í lífinu vera eftir einhverri forskrift sem maður samþykkti aldrei. Eins og maður sé búinn að skrifa undir ósýnilegan samning og svo stefnir allt í einhverja átt sem maður var aldrei viss um af hverju var valin. Við Kristín reynum að spyrja spurninga um þessa vegferð og sérstaklega áfangastaðinn. Kristín var aldrei með þau langtímaáform að verða borgarleikhússtjóri en fyrst hún fékk þetta tækifæri þá var tilvalið fyrir mig að hægja á mér. Þegar hún svo ákveður að fara að gera eitthvað annað get ég tekið mössun í vinnu-málunum.“

Kristín: „Kata er leynivopnið mitt og ég gæti aldrei gert þetta án hennar, í gegnum samtíð við hana fæ ég mínar bestu hugmyndir og hennar stuðningur er lykillinn að því að ég geti látið þetta allt saman ganga upp. Þegar ég hugsa fimm ár aftur í tímann skil ég ekki hvað ég var að gera á daginn. Þá var ég barnlaus en fastráðin í Borgarleikhúsinu og vann tvær uppfærslur á ári að meðaltali. Núna er hver einasta mínúta skipulögð. Amma hennar Kötú sagði að lífið kæmi í gusum og það er svolítið þannig. Dóttir okkar var bara nokkurra mánaða þegar mér var boðið að taka við starfi leikhússtjóra.“

Katrín: „Ég vil meina að Kristín hafi verið í eðlunni svokölluðu á þessum rólega tíma. Eðlan getur legið grafkyrr á steini tímunum saman með opin augun og bara verið. Það get ég ekki. Ég sef aldrei út og það er í eðli mínu að vera alltaf á fullu, er með svo hratt tempó en Kristín rosa rólegt. Oft sækja andstæður hvor í aðra. Kristín er líka góður stjórnandi, réttisyn og úrræðagóð, af því að hún hefur tamið sér rólyndi. Þannig að hún er að uppskera þótt hún hafi ekki verið á fullu að rembast við að komast upp á einhvern topp.“

Djarft leikhús

Kristín er einmitt þessa dagana á fullu að skipuleggja næsta leikár.

„Við erum búin að stilla öllu árinu upp, raða í hlutverk og raða listræna stjórnendur. Tíminn sem leikhúsið er algerlega í frii er júlí, svo fer allt í gang aftur,“ lýsir hún og segir Borgarleikhúsið verða djarft og pólitískt ógrandi á næsta leikári sem hefst með frumsýningu á 1984, leikgerð eftir bók George Orwell.

„Kannski er það þannig með klassísk verk að maður getur alltaf lesið þau inn í samtímann, en þegar maður les þetta í dag þá upplifir maður að þetta sé skrifað nákvæmlega um það sem er að gerast í Bandaríkjunum og víða í kringum okkur. Í verkinu er einstaklingur sem vinnur við að breyta fréttum hjá Sannleiksráðuneytinu, því það er bara einn sannleikur og allur heimurinn ritskodaður út frá því en mennskan og ástin verða algerlega hornreka.“

Svo erum við að gera verk út frá Rannsóknarskýrslu Alþingis, sem ber vinnuheitid Guð blessi Ísland. Bak við það er sami hópur og stóð að Njálu og verður mjög hressandi og afhjúpanni sýning, mikil músik og dans og verið að rannsaka okkar mannlega eðli. Svo erum við að fara í Rocky Horror, sem er beitt parti með þungi undiröldu og valinn maður í hverju rúmi.

Við erum með níu frumsýningar á næsta ári, Elly heldur áfram en Mamma Mia! rennur sitt skeið fyrir sumarfrí. Þegar við klárum leikárið verða tæplega 104 þúsund miðar seldir, það er mikið í rúmlega 300 þúsund manna samfélagi.“

Heppnar með foreldra

Nú vil ég vita aðeins um uppruna þeirra Kristínar og Katrínar.

Kristín: „Ég er uppalin á Sel-tjarnarnesi, mamma mín, Kristín Guðmundsdóttir, vann lengi sem ritari hjá Alþingi og síðan Hæstarétti. Pabbi, Eysteinn Jósefsson, var múrari, hann er látinn. Ég á tvö systkini sem eru tíu og þrettán árum eldri en ég. Ég er ættleidd innan fjölskyldunnar og þekki alveg líffræðilega foreldra mína líka. Átti mjög góða æsku.“

Bróðir minn Illugi hafði mikil áhrif á það að ég fór að starfa við listir. Ég var mikið í tónlist sem barn, ætlaði alltaf að verða tónlistarmaður og gaf út plötu þegar ég var 21 árs með eigin lögum. En ég var í leikfélagi í Kvennó og röð tilviljana ýtti mér inn á þessa leikhúsbraut.

Ef maður skrúfar fyrir einn krana þá fer orkan út einhvers staðar annars staðar og eftir að ég fór að sinna leikhúsinu og skapa þar hef ég haft litla þörf fyrir annað. Ég lærði leikhúsfraði í Danmörku og svo fórum við Kata saman í framhaldsnám til London 2006.“

Kata: „Pabbi minn og mamma eru Oddur og Día, Oddur Benediktsson sem var prófessor í tölvunarfræði en er látinn og Hólmfríður R. Árnadóttir sem var í alls konar framkvæmdastjórstöðum en var menntaður loftskreytamaður. Af því að hún var kona komst hún aldrei á sjó sem var þó draumurinn hennar og minn líka að einhverju leyti. Ég hef aldrei fylgt honum en mig langar að prófa að vera til sjós. Mér var ekki einu sinni boðið á sjóinn þegar ég starfaði einn vetur á Norðfirði sem blaðamaður, eins og ég eignaðist nú frábæra vini þar.“

Foreldrarnir mínir áttu tvö börn hvort þegar þau tóku saman og eignuðust svo tvö þannig að við erum sex alls. Því liður mér best þegar fullt er af fólki á heimilinu og algerlega óvíst hversu margir verði í mat. Þannig var það hjá okkur, alls konar heimagangar. Ég ólst upp í Faxaskjólínu, afi og amma byggðu hús þar og þangað komu þeir sem koma vildu og fóru þeir sem fara vildu.

Mamma var ein af stofnendum Kvinnalistans og bæði hún og pabbi börðust eins og ljón fyrir alls konar hlutum, friði og jafnrétti, til dæmis. Ég hef reyndar forritast af því og hef tileinkað mér að reyna að hafa áhrif. Mamma er í Söltúni, fékk heilablóðfall fyrir nokkrum árum, samt með sína orku enn sem ég sækí í. Hún er dálítið ólíkindatól og amma Kata var það líka. Ég er full áhuga á að vera sjálf ólíkindatól og bið spennt

draumi að þetta ætti að vera svona, við fylgjum því. Hún er tveggja, þriggja ára á þessari mynd, mjög sæt og þetta er eini hluturinn sem ég mundi bjarga í eldsvoða.“

Göngurolfar

Þegar talið berst að tómsendum segir Kristín: „Við höfum alltaf ferðast mikið en aðeins minna síðustu ár, nú er meira um að ég fari vegna leikhússins og Kata með fyrir-lestra.“

Kata: „Já, við erum rosa mikið fyrir göngur, það er mjög gott fyrir sálina að vera á fjöllum og helst með allt á bakinu en höfum ekki komist tvö síðustu árin.“

Kristín: „Ég gekk Jakobsstíginn allan árið 2011 þegar Kata var í Stjórnlagaráði og við gengum saman yfir hálendi Skotlands fyrir nokkrum árum. Göngur voru okkar helsta áhugamál, svo spilum við bridds en nú erum við með ung börn og þá breytist forgangs-röð-unin. Við hlökkum til að fara með þau í göngur og erum farin að kenna þeim aðeins á skiði.“

Kata: „Svo auðvitað erum við alltaf í leikhúsinu. Kristín reynir að sjá sem flestar sýningar og minn helsti mentor í lífanda lífi er hann Ragnar Aðalsteinsson lögmaður. Hann er ein af ástæðunum fyrir því að ég ákvað að verða lögfræðingur.“

Á jólahádegisverði í vinnunni sat hann við enda borðsins og við yngri spurðum: „Jæja, Ragnar, hvað gerir lögmann góðan?“ Hann fór strax að tala um listina, að sjá nógu mikið af henni, svo í fimmta sæti voru einhverjir lögmannshættir.

Mér finnst það merki um andlegan þroska þegar maður fattar að það sem maður fæst við sjálfur er hvorki byrjun né endir á neinu heldur tengist allt og við erum öll hluti af sömu heildinni. Leikhúsið er mikilvægur miðill um samfélagið okkar og hvert við stefnum. Svo elskum við öll góðar sögur og séu þær vel sagðar fær þær enginn staðist. En sögur verða bara góðar af því að þær hafa samhljóm við eitthvað sem við þekkjum. Þær eru leit að því sameiginlega sem er svo fallegt.“

Kristín: „Leikhúsið er líka í dag einn af fáum stöðum þar sem við erum í rauntíma með öðrum mann-eskjum að upplifa það sama og þær. Ekki með keikvt á símanum og getum ekkert annað gert á meðan. Það hefur því enn meiri sérstöðu en áður. Ég held það skipti mjög miklu máli í því samfélagi sem við lifum í í dag.“

Leikhúsið er ákveðin kirkja sam-tímans. Það skortir oft virðingu fyrir hinum andlegu gildum og síðfræði. Mestu fordómur sem maður upplifir í dag eru gagnvart trú og trúarbrögðum. En um leið og trú er gerð svona útlæg þá finnst mér skorta samtal um hvers vegna við viljum frekar standa saman en sundruð.“

Kata: „Ekki verður það samtal auðveldlega til í pólitíkinni, þar er fólk sundrað út af því hvernig kerfið er byggt upp. Þó það sé kannski sammála í grunninn þá lætur það dveljast í þessum örfáu prósentum sem það er ósammála um. Mér finnst skorta umræðu um gildi og framtíðarsýn þar.“

Síðan má kirkjan ekki anda þá verða allir brjálaðir. Mér finnst mikilvægt að segja þetta því við Kristín erum hvorug sérstaklega trúaðar eða kristnar, okkur stóð ekki einu sinni til boða að gífta okkur lögformlega í kirkju á sínum tíma en það hefur sem betur fer breyst núna. En að fólk megi ekki fara til kirkju án þess að það þyki hallærslagt. Af hverju má það ekki leita andlegs föðurs í hvaða formi sem er og hvar sem er?“

Kristín: Ég held að um leið og áhrif trúarinnar fara minnkandi í samfélaginu skapist tómarúm því þá vantar andlega næringu. Leikhúsið og listirnar eru á því svæði og því höfum við svo mikla þörf fyrir það. Ég held við getum ekki þrífist eða liðið vel sem manneskjum án þess að þörfinni fyrir þessa andlegu næringu sé fullnægt.“



ÉG VIL MEINA AÐ KRISTÍN

HAFI VERIÐ Í EÐLUNNI

SVOKÖLLUÐU Á ÞESSUM

TÍMA. EÐLAN GETUR LEGIÐ

GRAFKYRR Á STEINI TÍM-

UNUM SAMAN MEÐ OPIN

AUGUN OG BARA VERIÐ.

ÞAÐ GET ÉG EKKI.

Kata

eftir að verða óþekkt amma. Held að það hafi verið til þess sem ég var skrifuð inn í þennan heim og vænti þess að börnin mín eignist mörg börn svo ég geti sinnt þeirri köllun minni.

Ég ólst mikið upp hjá Kötú ömmu, hún kenndi mér póker og við höfðum Snickers í kvöldmatinn ef við vildum. Hennar lífssaga var mögnuð og efni í heila bók. Ég hef tekið að mér að viðhalda þeirri óþekkt og ófyrirsjáanleika sem hún tileinkaði sér því ef við leikum alltaf þá leiki sem eru sennilegir, þá að lokum deyr skákin en ef maður gerir hluti eftir innsæinu viðhelst líf og fjör. Amma Kata hét Katrín Ólafsdóttir Pjetursson.“

Kristín: „Hún var dálítill Astrid Lindgren. Ég hitti hana aldrei enda dó hún þegar Kata var ellefu ára en hún hefur samt áhrif á mitt líf, bara sögurnar af henni og hvernig allir tala um hana. Kata er til dæmis mjög hjátrúarfull, hún á mynd af ömmu sinni og alltaf þegar við höfum flutt á nýjan stað þá setur hún þessa mynd upp inni í svefnherbergi, áður en allt annað fer inn.“

Kata: „Amma sagði mömmu í



Drifinn af spennu.

IONIQ rafbíll

Hleður sig hraðar en snjallsími

Komdu og kynntu þér glænýjan Hyundai IONIQ 100% rafbíll sem býður upp á einstaka akstursupplifun og 280 km* drægi á einni hleðslu. Það tekur aðeins 23 mínútur að hlaða hann upp í 80% - styttra en það tekur að hlaða snjallsíma.

IONIQ er útbúinn nútímalegum tæknilausnum og staðalbúnaði eins og Adaptive Smart hraðastilli, upplýsingakerfi með 8 tommu snertiskjá, Apple CarPlay™, Android Auto™ og hágæða Infinity hljóðkerfi. Eins og allir bílar frá Hyundai er IONIQ rafbíllinn með 5 ára ábyrgð og að auki er 8 ára ábyrgð á rafgeymi.

| | |
|-----------------|---------------|
| Hyundai Classic | 3.790.000 kr. |
| Hyundai Comfort | 3.990.000 kr. |
| Hyundai Premium | 4.290.000 kr. |

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



*Drægi samkvæmt NEDC-prófun (New European Driving Cycle). Drægi bíls fer eftir aksturslagi, hitastigi, ástandi vega og ýmsum öðrum þáttum. Hámarksdrægi er mælt í bestu mögulegum aðstæðum.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Comey, tölvupóstarnir og Rússland

4. SEPTEMBER 2013

James Comey verður yfirmaður alríkislögreglunnar (FBI). **Barack Obama**, þáverandi forseti, skipar hann í embættið.

2. MARS 2015

The New York Times greinir frá því að **Hillary Clinton**, síðar forsetaframbjóðandi Demókrata, hafi notað einkatölvupóstþjón í starfi sínu sem utanríkisráðherra.

24. JÚLÍ 2015

Upp kemst að leyniskjöl hafi verið geymd á hinum óörugga pósthjóni. Málið er sent til alríkislögreglunnar til rannsóknar.

4. ÁGÚST 2015

The Washington Post greinir frá rannsókn FBI.

27. JÚNÍ 2016

Loretta Lynch, þá dómsmálaráðherra, fundar með **Bill Clinton**, fyrrverandi forseta og eiginmanni **Hillary**, um borð í einkapötu. Þau neita því síðar að hafa rætt rannsóknina.



1. JÚLÍ 2016

Lynch tilkynnir að hún muni samþykka meðmæli FBI hvað varðar mögulega ákæru í málinu.

5. JÚLÍ 2016

Comey tilkynnir á blaðamannafundi að hann mæli ekki með ákæru á hendur **Clinton**. Hann segir þó að hún hafi verið „gífurlega kærulaus“.

7. JÚLÍ 2016

Comey ítrekar fyrir eftirlitsnefnd fulltrúadeildar Bandaríkjaþings að **Clinton** hafi ekki brotið lög.

JÚLÍMÁNUÐUR 2016

FBI hefur rannsókn á mögulegum afskiptum Rússa af forsetakosningabaráttunni, meðal annars mögulegum tengslum við aðila í herbúðum **Donalds Trump**, sem átti eftir að vinna kosningar.

28. SEPTEMBER 2016

Comey segir fyrir dómsmálanefnd þingsins að hann hyggist ekki hefja rannsókn á máli **Clinton** á ný.

28. OKTÓBER 2016

Comey tilkynnir í bréfi til þingmanna að FBI rannsaki nýfundna tölvupósta, tengda máli **Clinton**, sem fundust á tölvu **Anthony's Weiner**, fyrrverandi þingmanns.

6. NÓVEMBER 2016

Comey segir að yfirferð yfir hina nýfundnu tölvupósta sé lokið. Niðurstaða rannsóknarinnar hafi ekki breyst.



8. NÓVEMBER 2016

Donald Trump sigrar í forsetakosningum.

12. NÓVEMBER 2016

Clinton kennir **Comey** um tap sitt þegar hún hringir í stuðningsaðila framboðs síns.

13. NÓVEMBER 2016

Í viðtali við 60 Minutes segist **Trump** ekki hafa ákveðið hvort hann muni reka **Comey**.

9. DESEMBER 2016

Obama fer fram á að leyniþjónustustofnanir rannsaki áhrif Rússa á kosningarnar.

6. JANÚAR 2017

Leyniþjónustustofnanir skila skýrslu sem í segir að Rússar hafi reynt að hafa áhrif á kosningarnar, minnka sigurlíkur **Clinton** og þar með stuðla að sigri **Trump**s.

10. JANÚAR 2017

Upplýsingamálanefnd öldunga- deildar þingsins tilkynnir um óháða rannsókn á skýrslu leyniþjónustustofnananna.

20. MARS 2017

Comey segir fyrir upplýsingamálanefnd fulltrúadeildarinnar að FBI rannsaki hvort framboð



Trumps hafi unnið með Rússum í kosningabaráttunni.

27. APRÍL 2017

Rod Rosenstein verður aðstoðardómsmálaráðherra.

2. MAÍ 2017

Hillary Clinton segir í viðtali við CNN að **Comey** hafi kostað hana sigurinn. Hún segir að ef kosið hefði verið 27. október hefði hún unnið.

3. MAÍ 2017

Comey ver starfshætti sína fyrir dómsmálanefnd öldunga- deildarinnar. Hann segir að það vekti honum ógleði að hann hafi mögulega haft áhrif á úrslit kosninganna.

9. MAÍ 2017

Comey er rekinn.

Snörp skoðanaskipti um James Comey

Fyrrverandi yfirmaður alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum hefur verið umdeildur um nokkurra mánaða skeið. Báðir flokkar hafa hampað honum og hatað. Ákvörðun Bandaríkjaforseta um að reka hann í vikunni hefur þó valdið miklu fjaðrafoki vestanhafs.

TOYO TIRES
driven to perform

BFGoodrich
TAKE CONTROL

MAXXIS®

JEPPADEKK Í MIKLU ÚRVALI



Bilabúnaði
BENNA
590 2045 | BENNI.IS

NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS



Comey sver embættiseiðinn. Það var Barack Obama sem skipaði hann í embætti. NORDICPHOTOS/AFP

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



James Comey var rekinn úr stöðu yfirmanns alríkislögreglunnar (FBI) í Bandaríkjunum í vikunni. Er það einungis í annað skipti sem forseti Bandaríkjanna rekur mann úr þeirri stöðu en það gerði Bill Clinton einnig í tilfelli Williams Sessions.

Comey hafði gegnt stöðunni síðan árið 2013 en áður var hann meðal annars saksóknari. Hinn tröllvaxni Comey, sem er rúmir tveir metrar á hæð, hefur hins vegar ekki verið óumdeildur í starfi.

Tvö stór mál hafa komið inn á borð alríkislögreglunnar sem hafa valdið því að jafnt Demókratar sem Repúblikanar hafa bæði hampað honum og hatað hann. Annars vegar er um að ræða rannsókn á notkun Hillary Clinton, fyrrverandi forsetaframbjóðanda Demókrata, á einkatölvupóstþjóni í starfi sínu sem utanríkisráðherra. Hins vegar er um að ræða rannsókn á afskiptum Rússa af bandarísku forsetakosningunum og meintum tengslum rússneskra stjórnvalda við framboð Donalds Trump, núverandi forseta Bandaríkjanna.

Tölvupóstmálið

Óumdeilanlega hefur tölvupóst- málið valdið Comey meiri vand- ræðum en Rússamálið. Stuðnings- menn Trumps, sem og margir aðrir



Comey er hann kom fyrir þingnefnd. NORDICPHOTOS/AFP

Repúblikanar, eru fullvissir um að Clinton hafi brotið lög þar sem hún var með leyniskjöl á umræddum tölvupóstþjóni. Mátti reglulega heyra köll þeirra á baráttufundum Trumps um að loka ætti Clinton bak við lás og slá. Sjálfur sagði Trump í einum kappræðna forsetaframbjóðendanna að hann myndi sjá til þess að Clinton yrði stungið í steininn.

Það reitti stuðningsmenn Trumps, sem og Trump sjálfan, því til reiði þegar Comey tilkynnti í júlí að alríkislögreglan mælti ekki með því að Clinton yrði ákærð í málinu. Var Comey kallaður „mörður“ og kröfðust margir Repúblikanar þess að hann segði af sér eða yrði rekinn.

Nokkrum mánuðum seinna, nánar tiltekið í október og einungis

örstuttu fyrir forsetakosningarnar, tilkynnti Comey að rannsókn á málinu væri hafin á ný vegna þess að nýir tölvupóstar hefðu fundist.

Þrátt fyrir að Comey hafi tilkynnt tveimur dögum fyrir kosningarnar að nýju tölvupóstarnir breyttu ekki ákvörðun FBI eru margir Demókratar, til að mynda Clinton sjálf, á þeirri skoðun að tímasetning Comeys hafi kostað hana forsetaembættið.

Þá var komið að Demókrötum að kalla eftir afsögn Comeys eða eftir því að Barack Obama, sem þá átti rúma tvo mánuði eftir sem forseti, ræki hann úr embætti.

Rússamálið

Hitt málið sem um ræðir, og Clinton telur sömuleiðis að hafi kostað sig sigurinn, eru meint afskipti Rússa af kosningunum og tengsl þeirra við framboð Trumps.

Segir Comey rannsókn hafa leitt í ljós að Rússar hafi vissulega reynt sitt besta til að hafa áhrif á forsetakosningarnar og að það hafi tekist að einhverju leyti.

Þar sem rannsóknin tengist Trump með beinum hætti vilja margir Demókratar meina að ákvörðun Trumps um að reka Comey hafi byggst að miklu leyti á einmitt henni. Hefur Chuck Schumer, leiðtogi Demókrata í öldunga- deild þingsins, til að mynda vefengt þá fullyrðingu Trumps að honum hafi ekki þótt Comey standa sig nógu vel og að hann hafi íhugað brottreksturinn allt frá því að hann tók við embætti forseta.



elja

Starfsmannþjónusta

„Elja hefur útvegað okkur alla þá starfsmenn sem okkur hefur vantað og ég hef nú þegar mælt með þjónustu þeirra til annarra fyrirtækja.“

Magni Helgason,
mannauðsstjóri ÍAV

Þarftu að ráða starfsfólk?

Láttu okkur ráða

Elja starfsmannþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

ALGJÖRLEGA
GRILLUÐ VERÐ
Á GRILLUM

HVAÐA LAG
ER NÆSTBEST?

Leikur á facebook.com/byko.is

MONARCH 320 gasgrill, yfirbreiðsla,
grillaukahlutasett og 10kg gaskútur.
Drögum út í dag laugardag klukkan 14!

Heildarandvirði vinnings er

89.980kr.

VIÐ GERUM BARA GOTT ÚR ÞESSU!

EUROVISIONPARTÍ



TRAVELQ PRO
PORTABLE GAS GRILL



TILBODSVERÐ

TRAVELQ PRO 285X gasgrill 4,1 Kw, 2 brennarar,
heildargrillflötur er 54 x 37 cm, JETFIRE™ kveikjakerfi,
WAVE™ grillgrindur úr pottjárnri, ACCU PROBE™ hitamælir.

44.995 kr.

506600020
Almennt verð: 59.995 kr.



TILBODSVERÐ

ROGUE R425 gasgrill, 10,6 kW 3 aðalbrennarar,
grillgrind 60 x 45 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur,
JETFIRE™ kveikju-kerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárnri,
ACCU PROBE™ hitamælir.

79.995 kr.

506600036
Almennt verð: 99.995kr.



TILBODSVERÐ

TRIUMPH 495 gasgrill, 18,4 kW, 4 aðalbrennarar
og hliðarhella, heildargrillflötur er 73 x 43 cm, JETFIRE™
kveikjakerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárnri, ACCU
PROBE™ hitamælir, áfastur flöskuopnari.

99.995 kr.

506600034
Almennt verð: 119.995 kr.



TILBODSVERÐ

ROGUE R425SIB gasgrill 15,45 kW 3 aðalbrennarar,
innrauður SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 64 x 44 cm
Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikjakerfi,
WAVE™ grillgrindur úr ryðfríu stáli, ACCU PROBE™ hitamælir.

139.995 kr.

506600038
Almennt verð: 169.995 kr.

KAUPAUKI

FYLGIR ÖLLUM SELDUM
GASGRILLUM Í DAG LAUGARDAG

4x2l. PEPSI eða PEPSI MAX, Cool American og
Nacho Cheese DORITOS ásamt HARIBO hlauppoka
frá Ölgerðinni.



TILBODSVERÐ

PRESTIGE P500 gasgrill, 23,0 kW, 4 aðalbrennarar, innrauður
SIZZLE ZONE™ hliðarbrennari, innrauður bakbrennari, heildargrillflötur
er 71 x 45 cm, LIFT EASE™ tækni í opnun á loki, Dual-Level ryðfríar
hitadreifigrindur, 7,0 mm ryðfríar WAVE™ grillgrindur, innbyggð ljós.

229.995 kr.

506600060
Almennt verð: 269.995 kr.

Q1200 gasgrill, svart, 2,64 kW/h—8.500 BTU ryðfrír
brennari. Meðfærilegt, frábært heima eða í ferðalagið,
postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárnri, grillflötur:
32 x 42 cm, slanga og þrýstijafnari fyrir venjulegan gaskút,
rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg hliðarborð, hitamælir í
loki, álbakki fyrir fitu.

34.995 kr.

50650007

2,64 kw
1 brennari
(1ring)

FRÁBÆRT
VERÐ!



weber

Q2200 gasgrill, 3,51 kW, 12.000 BTU, frábært heima
eða í ferðalagið, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur
úr pottjárnri, 39 x 54 cm grillflötur, 10 x 34 cm efri grind,
ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg
hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

44.995 kr.

50650005

3,51 kw
1 brennari
(1ring)

FRÁBÆRT
VERÐ!



weber

Q2200 meðfærilegt gasgrill á fótum, 3,51 kW, 12.000 BTU,
Postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárnri, 39 x 54 cm
grillflötur, ryðfrír brennari, rafstýrður kveikjurofi, innfellanleg
hliðarborð, hitamælir í loki, álbakki fyrir fitu, svart lok

49.995 kr.

50650003

3,51 kw
1 brennari
(1ring)



TRAIL BLASER
reiðhjól 24", grænt eða fjólublátt

37.995 kr.

49620076-7

KENT
A century of cycling

STREET RACER EÐA TWINKLE reiðhjól 12"

18.995 kr.

49620059/61

KENT
A century of cycling



SUPER EDA ROCK CANDY reiðhjól 20", 7 gíra

35.995 kr.

49620111-2

KENT
A century of cycling

SUMIR HAFNA ENGAN ÁHUGA Á EUROVISION

...þá er fínt að kíkja út að hjóla!

JOURNEY reiðhjól 26", 21 gíra
Shimano diskabremsur.

39.995 kr.

49620235



PHOENIX

Aukahlutirnir fyrir hjólið
fást líka hjá okkur



PHOENIX



KVEN- OG KARLHJÓL

28" karla, 6 gíra með brettum og bögglabera eða 26" kvenhjól með körfu.

28.995 kr.

49620200-1

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda út 17. maí. Kaupaukatið er ekki við kaup á kola- eða einmotagrillum.



6,9 kW
3 brenningar

Broil King
Great Barbecues Every Time

TILBODSVERÐ

GEM 320 gasgrill, 6,9 kW, eldunarsvæði: 2774 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjærni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrjú ryðfrír brenningar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

34.995 kr.

50657521
Almennt verð: 42.895kr.



8,8 kW
3 brenningar

Broil King
Great Barbecues Every Time

TILBODSVERÐ

MONARCH 320 8,8 kW, eldunarsvæði: 3350 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjærni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrjú ryðfrír Dual-Tube™ brenningar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

52.895 kr.

50657510
Almennt verð: 62.895kr.



11,4 kW
4+2 brenningar

Broil King
Great Barbecues Every Time

TILBODSVERÐ

BARON 490 gasgrill, fjórir 11,4 kW Dual-Tube™ aðalbrenningar, 2,7kW hliðarbrennari + 4,4kW aftari grillteinsbrennari, eldunarsvæði: 4155 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjærni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

89.895 kr.

50657488
Almennt verð: 105.895kr.



6,35 kW
2 brenningar

**FRÁBÆRT
VERÐ!**

Q3200 gasgrill grátt, létt og meðfærilegt gasgrill, 6,35 kW/h, 21.700 BTU, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjærni, hitamælir í loki, 63 x 45 cm grillflötur, efri grind: 40 x 11 cm, grill fast á hjólavagni, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði, rafstýrður uppveikjurofi, ljós í handfangi, álbakki fyrir fitu, gaskútagrind (hámark 5kg)

69.995 kr.

50650021



**ADEINS TIL
Í VERSLUN
BREIDD OG
VEFVERSLUN**

TILBODSVERÐ

RATTAN sófasett í garðinn, sófi (157 x 82 x 86cm), borð (116 x 61 x 42 cm / 5mm gler) og tveir stólar (74 x 82 x 86 cm). Pullur í stóla og sófa fylgja. Svart plast og ál.

99.995 kr.

41615995Almennt verð: 125.995kr.

Allt á þessari opnu
fæst í vefverslun
BYKO!

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Tveggja turna tal á stóra sviðinu

Úrslitin í Eurovision ráðast í kvöld en sérfræðingar telja Francesco Gabbani frá Ítalíu eiga mikla möguleika. Portúgalinn Salvador Sobral er líka talinn líklegur en sá er með hjartagalla og hefur lítið getað einbeitt sér að keppninni.

Skrifa frá Eurovision í Kiev

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@365.is
Stefán Árni
Pálsson
stefanp@365.is



Tvö lönd eru talin líklegust til afreka í Eurovision í kvöld. Annars vegar Ítalía, með sjarmatrölllið og orku-boltann Francesco Gabbani í fararbroddi, og hins vegar Portúgal þar sem hinn silkimjúki Salvador Sobral leikur við mikkrofóninn eins og hann sé að mála fallegt málverk í rólegheitum.

Önnur lönd sem koma til greina samkvæmt sérfræðingum hér í Kænugarði eru Svíþjóð, Belgía, Rúmenía og jafnvel Danmörk en danska lagið hefur komið sterkt inn undanfarna daga.

Langlíklegast er að ítalski söngvarinn Francesco Gabbani muni hampa glermikkrofóninum eftirsóttá þegar úrslitin verða kunngjörð. Lagið hans, Occidentali's Karma, er gríðarlega vinsælt um Evrópu og hefur Gabbani verið hampað fyrir framkomu sína og brosmildi hér undanfarna daga.

Nýleg alþjóðleg frægð

Riccardo Pasquini, blaðamaður RTV 38, segir að Gabbani sé mjög vinsæll á Ítalíu og nýleg alþjóðleg frægð hans hafi ekki stigið honum til höfuðs. „Við erum bjartsýn fyrir stóra kvöldið. Francesco varð mjög vinsæll á Ítalíu ekki alls fyrir löngu. Lagið hans er eitt mest seldi ítalska lag frá upphafi og það er búið að horfa á myndbandið hans yfir 100 milljón sinnum. Ítalskt lag hefur aldrei notið svona mikilla vinsælda þannig að, já, ég myndi segja að við værum bjartsýn en við sjáum til þegar atkvæðin verða talin hvernig fer.“

Ítalir hafa unnið keppnina tvisvar sinnum, 1964 og 1990 þegar Stjórnin varð í fjórða sæti með Eitt lag enn. Þeir hafa tekið þátt 42 sinnum og voru meðal þjóða sem sungu í fyrstu Eurovisionkeppninni 1956. Gabbani vann Sanremo-keppnina sem er forkeppni Ítala en sú keppni er einmitt fyrirmynd Eurovision.

Lagið keppti ekki í undankeppninni þar sem Ítalir eru ein af hinum svokölluðu stóru fimm sem komast beint í úrslitin. Hin eru Bretland, Frakkland, Spánn og Þýskaland. Ítalir drógu sig út úr Eurovision fyrir 20 árum en sneru aftur 2010.

Það er sama við hvern er talað, hvort sem það eru íslenskir Eurovisionsérfræðingar eða íslenskir blaðamenn eða erlendir sérfræðingar eða blaðamenn, það spá allir að Gabbani muni vinna. Sigurinn sé nánast þegar kominn í höfn og Eurovisionsirkusinn haldi til Rómars á næsta ári.

Hjartveikur hjartakúsari

Þó er einn keppandi sem gæti veitt honum einhverja keppni.

Mikið hefur verið rætt og ritað hér í Úkraínu um Salvador Sobral, söngvarann frá Portúgal. Meðbyrinn sem lag hans og flutningur



Margir telja nánast öruggt að hinn 38 ára Francesco Gabbani muni vinna Eurovision, enda lag hans feiknavinsælt um alla álfuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Sá sem er helst talinn geta skákað Ítalanum er hinn portúgalski Salvador Sobral. Sá hefur heillað áhorfendur upp úr skónum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

hefur fengið undanfarna daga er mikill. Sobral er 27 ára og glímur við hjartasjúkdóm. Hann syngur á móðurmálinu en lagið er samið af systur hans sem einnig er söngvari. Hann hefur lýst laginu á blaðamannafundum sem sorglegu ástarlagi. Sobral talar litla ensku þrátt fyrir að hafa búið í Bandaríkjunum og vegna ástands hans hefur hann lítt haft sig í frammi.

Portúgalar eru einnig bjartsýnir á gott gengi en þeim hefur aldrei gengið neitt í Eurovision. Hafa hæst náð sjötta sæti og fengið tvisvar 0 stig.

Nina Pinto, fararstjóri portúgalska hópsins, segir að lagið sé ólíkt öðrum lögum. Annaðhvort elski fólk það eða hati. „Lagið er vinsælt og í fyrsta sinn sé ég okkur í efri hlutanum og jafnvel með möguleika á sigri. En þetta er öðruvísi lag og annaðhvort elskarðu það eða hatar. Það er ekkert meðalhóf. En ég vona að okkur gangi vel.“

Nokkrir hafa bent á að fjarvera hans í upphafi keppninnar hafi verið skipulögð til að skapa umtal um hjartasjúkdóm hans og fá þannig fleiri atkvæði. Þessu vísar Pinto




LAGIÐ ER VINSÆLT OG Í FYRSTA SINN SÉ ÉG OKKUR Í EFRI HLUTANUM OG JAFNVEL MEÐ MÖGULEIKA Á SIGRI. EN ÞETTA ER ÖÐRUVÍSI LAG OG ANNAD-HVORT ELSKARÐU ÞAÐ EÐA HATAR.

Nina Pinto, fararstjóri portúgalska hópsins

til föðurhúsanna. „Hann er með hjartasjúkdóm og það vita allir. Hann hefur haft hann í nokkur ár og það hefur aftrað honum frá því að syngja.“

Hann er með læknaþeymi og verður að fara sér hægt og taka því rólega en hann getur alveg sungið.

Hann gat ekki komið hingað fyrir



Sviðið er 30 tonn og 350 fermetrar

- Sviðið er í 14 metra hæð og breiddin á því er sjötiú metrar.
- Það tók 8.000 vinnustundir að reisa sviðið.
- Lýsingin í salnum er gríðarlega öflug en þar eru 1.816 ljós sem nota 854.000 vött.
- Skjárinn fyrir aftan sviðið er þúsund fermetrar og getur sýnt efni í 18k upplausn.
- Hljóðkerfið er af dýrari gerðinni og eru 258 risahátalarar inni í höllinni.
- Í salnum eru 212 hljóðnemar og þrettán hljóðborð.
- Alls eru tuttugu myndavélar í salnum til að taka upp Eurovision.
- Flytja þurfti inn 18 rafstöðvar til að geta séð öllum búnaðinum fyrir rafmagni.
- Það þurfti 230 trukka til að flytja allan búnaðinn inn í höllina í Kænugarði og yfir 800 starfsmenn til að setja allt upp.
- 220 starfsmenn vinna að beinu útsendingunni og koma þar 180 kílómetra langir kaplar við sögu.
- Það þurfti að flytja inn 10.500 teppi í höllina fyrir Eurovision.

tveimur vikum því lækna vildu ekki leyfa honum það. Hann vill enga sérmeðferð, hann vill vera eins og allir hinir.

Þótt þetta sé fyrirfram talið tveggja turna tal veit enginn hvað gerist í Eurovision. Ekki voru margir á því að Jamala myndi vinna í fyrra. Hvort keppnin fer fram í Róm eða

Lissabon á næsta ári mun koma í ljós þegar atkvæðin hafa verið talin. Eitt er víst. Svala Björgvinsdóttir hefur lokið keppni og nokkur frábær lög dattu út sem áttu miklu meira skilið að vera á úrslitakvöldinu en til dæmis Aserbaísjan – en það atriði og lag verður seint talið líklegt til afreka.

BÓKAÐU SÓL Á SPOTTPRÍS

Sólarferðir frá kr.
48.795
m/afslætti*

Allt að
35.000 kr.
afsláttur á mann

Allt að
140.000 kr.
afsláttur fyrir fjögurra
manna fjölskyldu

Síðustu
sætin

MAÍ
JÚNÍ &

**BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN**

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

*Öll verð eru með afslætti.

BIBIONE

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Villaggio Planetarium Resort

Frá kr. 94.195 m/hálft fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 94.195 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá
kr. 113.795 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.

KRÓATÍA

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Sol Katoro Apartments

Frá kr. 61.190 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 61.190 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá
kr. 82.185 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. júní í 7 nætur.

PORTOROZ

NÝR ÁFANGASTAÐUR



Remisens Hotel Lucija

Frá kr. 99.695 m/morgunmat innif.
Netverð á mann frá kr. 99.695 m.v. 2 fullorðna
í herbergi.
13. júlí í 7 nætur.

BENIDORM



Hotel Melia Benidorm

Frá kr. 73.365 m/hálft fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 73.365 m.v. 2 fullorðna
og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá
kr. 83.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

ALTEA



SH Villa Gadea Hotel

Frá kr. 72.645 m/morgunmat innif.
Netverð á mann frá kr. 72.645 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá
kr. 98.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA



Estrella de Mar Apartments

Frá kr. 52.095 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 52.095 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.195
m.v. 2 fullorðna í íbúð.
23. júní í 7 nætur.

COSTA DEL SOL



Playa Granada Club Resort

Frá kr. 70.520 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 70.520 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í fj. herb. Netverð á mann frá
kr. 96.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
28. maí í 7 nætur.

KRÍT



Stökktu

Frá kr. 69.995 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna
og 1 barn í gistingu. Netverð á mann frá
kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í gistingu.
25. maí í 11 nætur.

ALBIR



Hotel Sun Palace Albir

Frá kr. 57.795 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 57.795 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá
kr. 70.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

MALLORCA



Eix Lagotel Apartments

Frá kr. 92.445 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 92.445 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá
kr. 118.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júní í 11 nætur.

SALOU



Hotel Villa Romana

Frá kr. 71.085 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 71.085 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr.
87.085 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. júní í 9 nætur.

TENERIFE



Arena Suites Apartments

Frá kr. 48.795 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 48.795 m.v. 2 fullorðna
og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 60.195
m.v. 2 fullorðna í íbúð.
3. júní í 7 nætur.

Stigatafla fyrir EUROVISION



NAFN:

Fyrsta sæti

Annað sæti

Priðja sæti

Stigatafla er bráðnauðsynleg í hverju Eurovision-partíi. Hér eru gefin stig í fimm flokkum og gefur hver flokkur að hámarki fimm stig (0-5 stig). Lögunum er í framhaldinu raðað í sæti eftir stigum og það lag sem fær flest stig vinnur.


| LAND | FLYTJANDI | LAG | Lagið Flutningur og laga- og textasmíð | Skemmtanagildi Húmor, framkoma og fjör | Sviðsetningin Leikmyndir, ljós, grafík og fleira | Óvænti faktorinn Það sem þú hefur aldrei búist við | Gedþóttastig Af því bara | SANTALS |
|----------------|----------------------|----------------------|---|---|---|---|-----------------------------|---------|
| Ísrael | IMRI | I Feel Alive | | | | | | |
| Pólland | Kasia Moś | Flashlight | | | | | | |
| Hvíta-Rússland | Naviband | Story of My Life | | | | | | |
| Austurríki | Nathan Trent | Running on Air | | | | | | |
| Armenía | Artsvik | Fly with Me | | | | | | |
| Holland | O'G3NE | Lights and Shadows | | | | | | |
| Moldóva | Sunstroke Project | Hey, Mamma! | | | | | | |
| Ungverjaland | Joci Pápai | Origo | | | | | | |
| Ítalía | Francesco Gabbani | Occidentali's Karma | | | | | | |
| Danmörk | Anja | Where I Am | | | | | | |
| Portúgal | Salvador Sobral | Amar Pelos Dois | | | | | | |
| Aserbaídsjan | Dihaj | Skeletons | | | | | | |
| Króatía | Jacques Houdek | My Friend | | | | | | |
| Ástralía | Isaiah | Don't Come Easy | | | | | | |
| Grikkland | Demy | This Is Love | | | | | | |
| Spánn | Manel Navarro | Do It for Your Lover | | | | | | |
| Noregur | JOWST5 | Grab the Moment | | | | | | |
| Bretland | Lucie Jones | Never Give Up on You | | | | | | |
| Kýpur | Hovig | Gravity | | | | | | |
| Rúmenía | Ilinca & Alex Florea | Yodel It! | | | | | | |
| Þýskaland | Levina | Perfect Life | | | | | | |
| Úkraína | O.Torvald | Time | | | | | | |
| Belgía | Blanche | City Lights | | | | | | |
| Svíþjóð | Robin Bengtsson | I Can't Go On | | | | | | |
| Búlgaría | Kristian Kostov | Beautiful Mess | | | | | | |
| Frakkland | Alma | Requiem | | | | | | |

Vissir þú?

...að bannað er að hafa lifandi dýr á sviðinu? Ítalir eru reyndar með mann í górrilubúningi í atriði sínu í ár.



...að Rúmenar fengu ekki að taka þátt í keppninni í fyrra vegna vangoldinna skulda? ...að í fyrsta sinn í 61 ár er engin kona í hópi kynna Eurovision? Þrír karlmenn kynna keppnina í ár.



Johnny Logan hefur unnið keppnina þrisvar fyrir hönd Íra.


...að engin þjóð hefur sigrað jafn oft í Eurovision og Írar? Þeir unnu árið 1970, 1980, 1987, 1992, 1993, 1994 og 1996.

...að hin úkraínska Ruslana var ráðin ráðgjafi Viktors Janúkovitsj, þáverandi forsætisráðherra Úkraínu, í félagsmálum nokkrum dögum eftir að hún vann Eurovision árið 2004?



Skólar & nám

Kynningar: HR, Endurmenntun HÍ, Penninn, Rannís, Háskólinn á Akureyri, Söngskólinn í Reykjavík, Hússtjórnarskólinn í Reykjavík



MYND/ERNIR

Gott að geta klárað á einu ári

Þau Grétar Þór Þorsteinsson og Marta Kristín Jósefsdóttir eru bæði að ljúka frumgreinanámi í Háskólanum í Reykjavík. Námið er stíft en þau klára á einu ári. Þau eru bæði afskaplega ánægð með fyrirkomulagið. ➔2

Framhald af forsiðu →

Frumgreinanám Háskólans í Reykjavík er undirbúningur fyrir háskólanám. Þegar nemendur sækja um velja þeir háskólagrunn miðað við það háskólanám sem þeir stefna á í framhaldinu. Eins geta þeir sem hafa lokið stúdentsprófi bætt við sig einungum í til dæmis stærðfræði og raungreinum í viðbót við stúdentspróf. Frumgreinanámið er eingöngu kennt í staðarnámi. Það var áður eitt og hálf til tvö ár, en hefur nýlega verið stýtt í eitt.

Langaði í byggingartækni-fræðina

Nemendur í frumgreinanámi koma úr ýmsum áttum og eru á öllum aldri. Þau Grétar Þór Þorsteinsson og Marta Kristín Jósefsdóttir ljúka bæði námi í vor og bera því vel söguna. „Ég útskrifaðist sem smíður árið 2009 en kláraði ekki viðbótarnám til stúdentsprófs á sínum tíma. Ég hef verið að vinna síðan en langaði að fara að gera eitthvað meira. Ég var mjög heillaður af byggingartækni-fræðinni í HR og fór að leita leiða til að komast inn. Ég féll fljótt fyrir frumgreinadeild HR og því að geta klárað það sem ég átti eftir til stúdentsprófs á einu ári,“ segir Grétar.

Aðspurður segir hann um að ræða fullt nám. „Það er talsverð pressa en mér hefur fundist þetta mjög skemmtilegt og öll umgjörð til fyrirmyndar. Styttingin er líka ákveðin gulrót, enda sérðu fljótt fyrir endann á náminu.“

Grétar segir nemendur geta fengið ýmsa áfanga metna en því meira sem þeir fá metið því minna er álagið.



Pau Grétar og Marta eru saman í bekk, en bekkirnir í frumgreinadeildinni eru fimm. Pau segja góðan anda hafa skapast í bekknum. MYND/ERNIR

Kominn inn í háskóla-umhverfi

Öll kennsla fer fram í HR. „Þannig ert þú kominn inn í háskóla-umhverfi og hefur aðgang að sömu þjónustu og aðstöðu og aðrir nemendur HR. Það finnst mér mikill kostur,“ segir Grétar. Hann er líka ánægður með kennarana. „Þeir eru vel menntaðir og mjög auðvelt að nálgast þá. Þá hefur myndast góður andi og samstaða í bekknum mínum og við lærur

mikið saman.“

Í heildina eru fimm bekkir í frumgreinadeildinni og um tuttugu nemendur í hverjum. Aðspurður segir Grétar skólagjöldin í kringum 140 þúsund á önn. Nemendur sem ná afburða árangri eiga þess svo kost að fá skólagjöldin niðurfelld, eins og aðrir nemendur HR. Grétar náði þeim árangri á síðustu önn og slapp við skólagjöld. Hann segir kerfið hvetjandi og gaman að hafa náð þessum árangri. Hann er þegar

kominn inn í byggingartækni-fræðina, með fyrirvara um að hann ljúki námi í frumgreinadeild, og hlakkar til framhaldsins.

Stefndi alltaf að því að klára

Marta Kristín kláraði ekki stúdentspróf á sínum tíma en var alltaf með það á stefnuskránni. „Ég hef verið meira og minna í fæðingarorlofi síðustu ár og fór eiginlega beint úr því að vera heimavinnandi í þetta nám. Eftir að hafa

„Það er talsverð pressa en mér hefur fundist þetta mjög skemmtilegt og öll umgjörð til fyrirmyndar. Styttingin er líka ákveðin gulrót, enda sérðu fljótt fyrir endann á náminu.“

Grétar Þór Þorsteinsson

skoðað mig um fannst mér frumgreinadeildin í HR stýsta og þægilegasta leiðin. Eins hafði ég heyrt góða hluti um hana.“

Aðstaðan til fyrirmyndar

Marta segir námið hafa gengið vel en að yfirferðin sé vissulega hröð. „Þegar maður er kominn í girinn og hefur viljann að vopni verður hins vegar allt auðveldara.“ Mörtnu hefur líkað vel í náminu. „Aðstaðan er til fyrirmyndar og það er haldið vel utan um okkur. Það hefur skapast góður andi í bekknum mínum og ég mæli sannarlega með þessu. Fyrir mína parta myndi ég segja að það væri þægilegra að gera þetta svona en að klára stúdentspróf með hefðbundnum hætti. Þú færð meiri reynslu, ert inni í háskólaumhverfi og græðir á því.“ Marta stefnir á háskólanám í framhaldinu en segir óákveðið hvað verður fyrir valinu.

Frumgreinanámið hefst að hausti en umsóknarfrestur er til 15. júní ár hvert. Kynningarfundur um námið verður haldinn í HR 24. maí kl. 17.30. Allar nánari upplýsingar er að finna á hr.is/frumgreinar

Fór í nám á sextugsaldri

Nína Kristjánsdóttir var fimmtíu og eins árs þegar hún hóf háskólanám í viðskiptafræði. Fimm árum síðar státaði hún af meistaraþráðu.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Þegar Nína ákvað að hefja krefjandi háskólanám fimmtíu og eins árs að aldri voru flestir jákvæðir en hún varð líka vör við að fólki myndi þá vera brjálæði. „Sumir héldu að ég væri gengin af göflunum að fara í nám á þessum aldri,“ segir Nína, sem hefur aldrei séð eftir að hafa menntað sig meira.

„Ég bjó úti á landi þegar ég var ung og þar voru engir möguleikar til menntunar. Ég flutti í bæinn um fertugt og byrjaði á að fara í diplómanám í opinberri stjórnun og stjórnsýslu og hafði ekki hugsað um að fara í frekara nám. Svo var ég á haustfundi hjá Soroptimistum í Munadarnesi og við fengum kynningu á Háskólanum á Bifröst. Þá kviknaði eitthvað hjá mér. Ég féll alveg fyrir staðnum og kennslu-aðferðunum og ákvað að sækja um nám við skólann,“ rifjar Nína upp.

Hún fékk inngöngu og árið 2006 hóf hún nám í frumgreinadeild og þaðan lá leiðin í viðskiptafræði. „Ég útskrifaðist árið 2009 í miðju hrúni og atvinnumöguleikar flestra voru af skornum skammti. Ég ætlaði ekki í meistaranámið en segja má að ég hafi verið lokkuð í það og tveimur árum seinna var ég komin með meistaraþráðu í alþjóðafjarmálum og bankastarfsemi.“

„Sumir héldu að ég væri gengin af göflunum að fara í nám á þessum aldri.“

Strembið í byrjun

Nína segir að eftir á að hyggja hafi kannski verið nokkuð djarft að hefja nám á þessum aldri en það hafi gefið henni heilmikið persónulega. „Mér fannst dálítið erfitt að byrja í skóla eftir að hafa verið árum saman á vinnumarkaðnum. Það var margt nýtt að læra og ekki síður að koma sér í girinn fyrir háskólanám. Fyrsta önnin var erfðust og þá helst að koma sér upp almennilegri námstækni. Ég fann þó strax að námið hentaði mér vel. Ég lærði heilmikið á tölvur, en það var meira og minna allt kennt í tölvum. Við nemendurnir kynntumst vel og við gátum alltaf leitað til kennaranna ef eitthvað vafðist fyrir okkur.“

Námið byggðist á verkefnavinnu, kynningum og prófum og segir Nína að það hafði komið sér vel að fá þjálfun í að standa fyrir framan

hóp af fólki og kynna verkefni.

Nína flutti að Bifröst þegar hún hóf námið árið 2006 en flutti aftur í bæinn 2009. „Maðurinn minn varð bráðkvaddur þegar ég var á síðustu önninni. Ég gekk í gegnum mjög erfitt tímabil en ég fékk mikinn stuðning frá samnemendum mínum og kennurum, ekki síst frá Ástu Dís Óladóttur, sem þá var deildarforseti. Hún hvatti mig áfram og ég hugsa að ég hefði bara hætt hefði ég ekki fengið þennan stuðning. Það var yndislegt að finna þennan hlýhug í minn garð,“ segir Nína.

Fjarnám er bylting

Hún tók meistaranámið í fjarnámi. „Mér finnst þessi tækni algjör bylting, sérstaklega fyrir fólk á landsbyggðinni. „Mér finnst frábært að fólk geti náð sér í menntun í fjarnámi, jafnvel meðfram vinnu, og þurfi ekki að flytja landshluta á milli ef það hyggur á nám.“

Að námi loknu gekk Nínu í fyrstu ekki sérlega vel að finna vinnu við sitt hæfi. Hún sótti um fjölda starfa án árangurs en vann svo um tíma í Frihöfninni. „Síðan fékk ég vinnu hjá VIRTUS-bókhaldi og ráðgjöf og líkar það vel. Þegar ég lit til baka er ég mjög sátt við að hafa farið í nám og er sannfærð um að það hafi gert miknið fyrir mig, bæði hvað atvinnu snertir og persónulega, ekki síst til að efla sjálfstraustið. Ég mæli með að fólk fari í nám, hafi það tók á því.“



„Sumir héldu að ég væri gengin af göflunum að fara í nám á þessum aldri,“ segir Nína, sem hefur aldrei séð eftir að hafa menntað sig meira. MYND/ANTON BRINK

Ný námslína sem eykur færni í stjórnun

Forysta til framfara er ný námslína hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Henni er ætlað að styðja stjórnendur í að ná aukinni færni í stjórnun, meðal annars með aðferðafræði verkefnastjórnunar.

Hugmyndin að námslínunni varð til í samtali okkar Kristínar en við höfðum orðið vör við óskir bæði Endurmenntunar og fólks í kringum okkur um kennslu fyrir stjórnendur í því að innleiða breytingar á vinnustöðum,“ segir Þór Hauksson, verkefnalóðs á þróunarsviði Landsvirkjunar og formaður Verkefnastjórnunarfélags Íslands, en hann er umsjónarmaður námslínunnar Forysta til framfara ásamt Kristínu Baldursdóttur, innri endurskoðanda Landsbankans.

„Stöðugar kröfur eru gerðar til fyrirtækja og stofnana um að bregðast hratt við og tileinka sér breytingar. Á þeim forsendum ræddum við hvernig best væri að styðja stjórnendur í að takast á við stöðugar og oft á tíðum umtalsverðar breytingar. Við fengum þá hugmynd að búa til nám sem væri góð blanda af fræðilegum grunni og verklegri framkvæmd. Þetta myndum við gera með því að blanda saman leiðtogakenningum og kenningum um breytingastjórnun við verkefnastjórnun,“ lýsir Þór.

Dýpka skilning

„Námið er ætlað stjórnendum sem vilja ná aukinni færni í stjórnun. Við vinnum meðal annars með að dýpka skilning stjórnenda á umhverfinu sem þeir vinna í, á sjálfum sér, á samstarfsfólki sínu og hvernig þeir geti fengið það til að eiga í uppbyggilegu samstarfi. Fólk lærir að móta framtíðarsýn og stefnu og hvernig markvisst megi innleiða hana,“ segir Kristín og bendir á að verkefnastjórnin komi sterk inn í síðastnefnda liðnum enda sé hún í eðli sínu breytingastjórnun.

Fyrir fólk í fullri vinnu

Námið er ætlað stjórnendum í fullri vinnu. Námið spannar sex mánaða tímabil og fer kennsla fram einu sinni í mánuði. Á föstudögum frá klukkan 13 til 17 og á laugardagsmorgnum frá klukkan 9 til 13.

Þór og Kristín segjast finna mikinn áhuga meðal stjórnenda sem vilji endurnýja sig og þróa sig í starfi.

Kennslan er byggð upp með fyrirlestrum og verkefnavinnu. „Í hverri lotu leggjum við áherslu á afmarkað umfjöllunarefni og fléttum saman umfjöllun um stjórnun og leiðtogahæfni saman við hagnýtar aðferðir verkefnastjórnunar. Við biðjum fólk að koma með raunhæf verkefni, síðan er þátttakendum skipt niður í hópa sem velja eitt verkefni að vinna með. Þeir fá þjálfun í að beita kenningum og aðferðum sem



Kristín Baldursdóttir og Þór Hauksson eru umsjónarmenn námslínunnar Forysta til framfara. MYND/EYÞÓR

„Við fengum þá hugmynd búa til nám sem væri góð blanda af fræðilegum grunni og verklegri framkvæmd.“

Þór Hauksson

til umfjöllunar eru hverju sinni við að leysa verkefni,“ lýsir Kristín.

Hún segir enga heimavinnu fylgja náminu en þau Þór leggi hins vegar fram leslista og komi með ábendingar um efni sem áhugavert sé fyrir þátttakendur að kynna sér.

Verkefnastjórnun má nýta við

Viðbúið er að þátttakendur í náminu komi úr ólíkum áttum sem Þór og Kristín telja afar jákvætt. „Oft lærir fólk ekki minna af samnemendum sínum og reynslu-

heimi þeirra en af kennurunum,“ segir Kristín glaðlega.

Hún mun sjálf einbeita sér að stjórnenda- og leiðtogafærni og fara yfir fyrirtækjameningu, breytingastjórnun, sjálfsrækt og hópefli meðan Þór tekur fyrir verkefnastjórnun. „Verkefnastjórnun er ung faggrein og í stöðugri þróun. Fólk er að vakna til vitundar um að hægt sé að nýta þessa aðferðafræði á mörgum sviðum, bæði í stórum verklegum framkvæmdum sem og breytingum innan fyrirtækja,“ segir hann.

Kynningarfundur 23. maí

Kynningarfundur á námslínunni Forysta til framfara fer fram í Endurmenntun Háskóla Íslands, Dunhaga 7, þriðjudaginn 23. maí klukkan 18. Þar geta áhugasamir komið, kynnt sér námið, og spurt Kristínu og Þór nánar út í það. Umsóknarfrestur í námið er til 5. júní 2017.

Nánari upplýsinga má leita á www.endurmenntun.is



TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI:

Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
STAÐNÁM – FJARNÁM

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM HUGRÆNNA ATFERLISFRÆÐA

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA- OG SKIPASALA
STAÐNÁM – FJARNÁM

ÖKUKENNARANÁM TIL ALMENNRA RÉTTINDA

Á FRAMHALDSSTIGI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

SÉRFRÆÐINÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ
FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEDLÆKNA

NÁMSLÍNUR ÁN EINGA

FJÁRMÁL OG REKSTUR
STAÐNÁM – FJARNÁM

FORYSTA TIL FRAMFARA
– LEIÐ STJÓRNENDA TIL AUKINS ÁRANGURS

HUGRÆN ATFERLISFRÆÐI FYRIR LÆKNA

HUGUR OG HEILBRIGÐI – GERÐU GOTT LÍF BETRA

STUÐNINGUR VIÐ EINSTAKLINGA ÚT FRÁ FJÖLSKYLDUSÝN

VIÐURKENNDUR BÓKARI
STAÐNÁM – FJARNÁM

KYNNINGARFUNDUR 23. MAÍ
UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. JÚNÍ

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR:
SÍMI 525 4444 ENDURMENNTUN.IS

Heillandi heimur náms og ævintýra flytur sig um set

Penninn Eymundsson í Smáralind er gósenland námsmannsins. Þar úir og grúir af öllu sem þarf til náms. Verslunin verður opnuð brátt á nýjum stað í Smáralind.

Okkur í Pennanum Eymundsson þykir einkar dásamlegt að fá til okkar káta krakka í leit að fyrstu skólatöskunni og má með sanni segja að upphaf námsferils ævinnar hefjist í bókabúðinni,“ segir Eygló Birgisdóttir, verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralind.

Verslunin er sú best búna af verslunum Pennans Eymundsson þegar kemur að skólavörum og er námsfólki mætt í hvívetna með framúrskarandi þjónustu og yfirgripsmikilli þekkingu starfsfólks.

„Námsmenn á öllum skólastigum finna það sem þeir þarfnast til skólans hjá okkur, bæði vetur, sumar, vor og haust. Hér í Smáralind höldum við líka stærstu skiptibókamarkaðina, á haustdögum og í byrjun janúar,“ upplýsir Eygló. „Við erum með allar skólabækur, einstakt úrval af skólatöskum fyrir allan aldur og öll hugsanleg ritföng. Allt eru það gæðavörur á góðu og samkeppnishæfu verði,“ segir Eygló.

Um þessar mundir eru liðin sextán ár síðan Eymundsson opnaði stórverslun sína í Smáralind, vestan megin á neðri hæð. Í sumarbyrjun dregur til tíðinda því þá flytur verslunin sig um set yfir í nýja miðju Smáralindar, beint á móti Hagkaupum.

„Við förum á enn betri stað, ætlum að gera enn betur og hlökkum mikið til,“ segir Eygló um nýju búðina og lofar að hún verði skemmtileg heim að sækja. „Því fylgir alveg sérstök upplifun að stinga sér inn í bókabúð. Þar ríkir jafnan notaleg stemning og maður fær nasasjón af menningu heimsins. Hægt er að glugga í bækur sem geyma flestan fróðleik og skáldskap veraldar, blaða í nýjustu tímaritum og lesa með



Eygló Birgisdóttir er verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralind, sem á næstunni flytur sig um set innan Smáralindar. Þar verður sem endranær mesta úrval námsbóka, ritfanga, skólataska og annars sem námsmaðurinn þarf. MYNDIR/GVA



Allir geta fundið draumaskólatöskuna sína í Pennanum Eymundsson, sama á hvaða aldri námsmaðurinn er.



Það er gaman að velja sér ritföng í Pennanum Eymundsson enda úrvalið endalaust spennandi.



Möppur af öllum stærðum og gerðum halda utan um námsefnið.

börnnum í ævintýrlegu barnahorninu, sem vitaskuld verður á sínum stað í nýju búðinni,“ segir Eygló, full tilhlökkunar.

Hún segir marga nota sumarið til að sækja námskeið í útlöndum eða sem tengjast áhugamálum hér heima.

„Við mætum því námsfólki með heillandi úrvali ferðahandbóka, ferðafylgihluta og frábærum

ferðatöskum af öllum stærðum og gerðum. Það ýtir svo enn undir námsáhugann og ferðaskapið og ekki má gleyma að hjá okkur fæst lesefni fyrir sumarfríð, fönðurvörur til að hafa ofan af fyrir börnunum og spennandi tækifærissgjafir sem gaman er að stinga ofan í tösku til að gleða vini og ættingja á ferðalögum heima og að heiman.“

Gamaldags handskrift mætir stafrænum nútíma

Óxford stílabækurnar eru af einstökum gæðum og skara fram úr í hefðbundinni ritfangalórunni með skemmtilegri tækninýjung. Með aðstoð smáforritsins (appsins) Scribzee eru stílabækurnar þeim nýstárlega eiginleika gæddar að á einfaldan og auðveldan hátt er hægt að taka myndir af glósum eða hverju því sem blaðsíðurnar geyma og vista sem PDF-skjal sem hægt er að deila áfram í gegnum síma eða spjaldtölvu. Draumurinn um að njóta

» Með aðstoð appsins Scribzee má taka myndir af glósum og deila sem PDF í gegnum síma og spjaldtölvu.

bæði einfaldleika handskriftar og stafrænnar tækni nútímans hefur því ræst með litlum kassa í horni hverrar blaðsíðu sem mátar sig við Scribzee.



Gefðu draumunum byr undir báða vængi

Atvinnuflugmannsnám í Flugakademíu Keilis er hagkvæmasta flugnám sem þú getur sótt á Íslandi. Boðið er upp á samtvinnnað nám sem hægt er að ljúka á einungis átján mánuðum og verklega þjálfun í tæknivæddustu kennsluvélum landsins. Næstu bekkir hefjast 26. maí og 25. ágúst. Nánari upplýsingar á www.flugakademia.is

Flugvirkjanám á vegum Keilis og AST fer fram í fyrsta flokks aðstöðu skólans á Ásbrú. Um er að ræða fimm anna alþjóðlegt flugvirkjanám þar sem fjögurra vikna námsferð í verklega þjálfun í Skotlandi er innifalin í skólagjöldum. Námið hefst í ágúst og er umsóknarfrestur til 15. maí. Nánari upplýsingar á www.flugvirkjun.is



Keilir
Flugakademía



„Fólki getur líka fækkað jafn hratt og því fjölga, ef ein barnmörg fjölskylda flyst í burt fækkar um marga nemendur í skólanum.“ MYND/BILDUDALSSKÓLI

Fjöldi nemenda hefur tvöfaldast

Þrjátíu og sjö krakkar sækja Bildudalsskóla. Nemendur voru færri en tuttugu þegar fæst var.

„Það hefur verið ævintýralegt að fylgjast með fjölskjöldun í sveitarfélaginu síðustu ár og auðvitað mjög ánægjulegt,“ segir Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri Bildudalsskóla, en þar hefur fjöldi nemenda hátt í tvöfaldast á nokkrum árum.

Krakkarnir voru hér fæst í skólanum átján talsins og hafði þá farið fækkandi í nokkur ár. Upp úr árinu 2007 fór aðeins að lifna yfir málum en um það leyti var kalkþörunga-verksmiðjan reist í sveitarfélaginu og íbúum fjölgaði. Haustið 2015 voru þeir orðnir þrjátíu og fimm en þá hafði Arnarfax hafið starfsemi í Arnarfirði. Síðasta haust var fjöldi nemenda við skólann orðinn þrjátíu og sjö.

Fólki getur líka fækkað jafn hratt og því fjölga, ef ein barnmörg fjölskylda flyst í burt fækkar um marga nemendur í skólanum. En vonandi heldur áfram að fjölga, það er skemmtilegri þróun,“ segir Ásdís. Þá sé skólinn í nánú samstarfi við leikskólann í bænum þar sem fjöldi barna sveiflast einnig til.

„Leikskólakrakkarnir koma í hverri viku í skólann og unglingarnir okkar eru í vali um að fara í leikskólann í útivist með krökkunum. Þetta er mjög vinsælt val og hefur gengið frábærlega vel. Þetta eflir tengslin milli stofnana,“ segir hún. Bildudalsskóli býi vel að menntuðu starfsfólki sem fagni þeim áskorunum sem fylgi fleiri nemendum.

„Fjölgun og fjölbreytileika fylgja auðvitað nýjar áskoranir. Nemendahóparnir eru stærri og flóran



Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri Bildudalsskóla.

er fjölbreyttari. Hjá okkur er meirihluti starfsmanna fagmenntað fólk, ýmist fagmenntað eða í námi í kennslufræðum. Til okkar kom kennaranemi í haust, sem klárar B.Ed. næsta haust. Eiginmaður hennar fékk vinnu á svæðinu og þeim líkar svo vel að þau vilja setjast hér að.

Ég hugsa að helstu vaxtarverkir þessarar þróunar séu húsnæðismálin,“ segir Ásdís. Það vanti leigu-húsnæði fyrir fjölskyldufólk. „Fólk leggur kannski síður í að byggja úti á landi með tilheyrandi kostnaði.“

Sjálfr er Ásdís innfæddur Bildudalíngur og hafði kennt í mörg ár við skólann áður en hún tók við skólastjórstöðunni síðasta haust. Um tíma hafði hún sjálf ihugað að flytja burt.

„Við maðurinn minn fluttum eitt ár til Grundarfjarðar en komum til baka. Enda skildi fólk ekkert í okkur að vera að fara,“ segir hún spök.

Áhrif hesta á líf einhverfra

Oddrún Ýr Sigurðardóttir útskrifast sem þroskaþjálfari frá Háskóla Íslands í vor. Í loka-ritgerð sinni skoðaði hún hvaða áhrif hestar geta haft á líf einhverfra einstaklinga.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Oddrún er menntaður reiðkennari frá Hólum og hefur í gegnum tíðina kennt krökkum með raskanir á borð við einhverfu og ADHD. „Um tíma starfaði ég sem stuðningsfulltrú í skóla og það kveikti endanlega í mér að fara í nám í þroskaþjálfun,“ segir Oddrún sem kunnir afar vel við námið og samnemendur sína sem voru á öllum aldri. „Þá var mun meira af strákum í náminu en verið hafði sem var mjög skemmtilegt.“

Hún segist hafa lært afskaplega mikið. „Þegar ég byrjaði fattaði ég hvað ég vissi í raun lítið um réttindi fatlaðs fólks og heillaðist mest af því að geta orðið málsvari þeirra sem þurfa á því að halda.“

Reiðnámskeið sem meðferðarform

Oddrún hefur unnið mikið með hestamannafélaginu sínu, Herði í Mosfellsbæ, sem heldur úti afar metnaðarfullu starfi fyrir fatlaða. „Fræðslunefnd fatlaðra var stofnuð árið 2010 en verkefni hennar er að þróa reiðnámskeið sem henta sem meðferðarform og frístund fyrir fatlaða einstaklinga,“ segir Oddrún en námskeiðin njóta mikilla vinsælda. „Í dag eru námskeið sex sinnum í viku, fimm hestar eru í notkun fyrir námskeiðin og færri komast að en vilja. Mjög blandaður hópur sækir námskeiðin og er mismunandi hversu mikið af aðstoðarfólki þarf hverju sinni, stundum þarf þrjá og stundum engan,“ útskýrir hún.

Sýna aðra hegðun kringum dýr

Þegar kom að því að velja efni í lokaritgerð kom fátt annað til greina hjá Oddrúnu en að nýta sína fyrri menntun, reynslu og áhuga á hestamennsku. Úr varð ritgerðin Aðstoð hesta í lífi einhverfra einstaklinga.

„Mig langaði að kafa aðeins dýpra í hvernig hægt er að nota hestamennsku sem meðferðarform. Á undanförunum árum hefur reiðþjálfun með fötludum einstaklingum aukist mikið hér á landi en taka skal fram að erlendis er reiðþjálfun ekki ný af nálinni og hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir því tengdar,“ segir Oddrún sem vildi skoða reiðþjálfun og ávinning hennar fyrir fatlaða einstaklinga en hún ákvað að afmarka sig við einstaklinga sem greindir hafa verið með einhverfu.

Hún skipti ritgerðinni upp í tvo hluta. Í öðrum skoðaði hún fræðilega greiningu á áhrifum reiðþjálfunar. „Heimildir eru reyndar af nokkuð skornum skammti en nokkuð hefur verið skrifað um meðferðarform með gæludýrum. Temple Grandin er til dæmis þekktur prófessor í háskóla í Colorado og er greind með ein-



Oddrún með Salbjörgu Ósk Atladóttur sem er á reiðnámskeiði hjá Fræðslunefnd fatlaðra í Herði. MYND/EYÞÓR

hverfu. Hún hefur skrifað margar bækur um það hvernig er að vera einhverfur einstaklingur og hefur einnig skrifað bækur um dýr. Hún telur að einhverfir hafi sérstök tengsl við dýr sem aðrir einstaklingar hafi ekki. Margar rannsóknir sýna til dæmis að einhverfir hegði sér á mismunandi hátt eftir því hvort þeir eigi í samskiptum við menn eða gæludýr. Þau geta sýnt dýrum hegðun sem þau geta ekki sýnt mannfólkinu. Í samneyti við gæludýrin getur ótti minnkað sem og óviðeigandi hegðun og kvíði. Færni einstaklinganna í félagslegri hegðun eykst og þau sýna gæludýrunum oft mikla alúð og ást,“ lýsir Oddrún. Hún bendir á að til séu meðferðir sem kallast meðferð með hjálpi dýra og virkni með hjálpi dýra. „Rannsóknir um virkni hafa sýnt að þetta meðferðarform sé árangursríkt fyrir einstaklinga með einhverfu. Í meðferðinni virðist einstaklingurinn fá stuðning frá dýrinu og sjálfsálit virðist aukast í kjölfar þess.“

Viðtöl við aðstandendur og notendur

Í hinum hluta ritgerðar sinnar tók Oddrún viðtöl. „Ég tók viðtal við

Berglindi Ingu Árnadóttur, eiganda Hestamenntar og Harðarfélaga, sem hefur mikla reynslu af því að vinna með fötludum fólki á hestbaki. Þá tók ég viðtöl við tvo aðstandendur og notendur sem hafa verið á reiðnámskeiðum og eru með einhverfugreiningu.“

Henni fannst hún fá einna mest út úr því að tala við aðstandendur. „Þeir töluðu um hversu hestarnir hefðu haft góð áhrif á einstaklinginn, róað hann og aukið einbeitingu. Þá töldu þeir námskeiðin einnig hafa góð áhrif á líkamlegu hliðina á borð við jafnvægi.“

Oddrún hefur fullan hug á að starfa áfram að framgangi reiðnámskeiða fyrir fatlaða. Hún skilaði með ritgerðinni bæklingi með sínum hugmyndum að því hvernig best væri að byggja upp slík reiðnámskeið en þar telur hún mikilvægast að mynda teymi í kringum hvern einstakling sem ynni að markmiðasetningu í samráði við reiðkennara.

„Síðan er það ósk okkar í fræðslunefnd fatlaðra að breiða út boðskapinn og fá fleiri hestamannafélög í lið með okkur þannig að boðið yrði upp á námskeið sem þessi viðar en í Mosfellsbæ.“



Ferðaskrifstofan sem breytir lífi þínu!

Mundo er öðruvísi ferðaskrifstofa. Innihaldsríkar ferðir fyrir fullorðna. Skiptinám og sumarbúðir fyrir unglunga.

Allar nánari upplýsingar:
mundo.is.

MUNDO
www.mundo.is



HELGIN

LAUGARDAGUR 13. MAÍ 2017

Helgin



Hanna Margrét Arnardóttir útskrifast úr fatahönnun frá Listaháskóla Íslands nú í vor. Útskriftarsýning hefst í Hafnarhúsinu í dag.

[helgin →12](#)



MYND/EYÞÓR

Gott lag og heppni lykillinn að sigri

Sennilega eru fáir Íslendingar jafn fróðir um Eurovision-keppnina og Jónatan Garðarsson. Hann spáir Portúgal, Búlgaríu eða Ítalíu sigri en segir þó allt geta breyst, það fari eftir stemningunni í Evrópu í kvöld. →2

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Undanfarin sextán ár hefur Jónatan verið liðsstjóri íslensku Eurovision-keppendanna og fylgst með keppninni baksviðs. Í kvöld ætlar hann að horfa á keppnina í rólegheitum heima hjá sér, ásamt fjölskyldunni.

„Ég kom fyrst að Eurovision þegar ég var í vinnuhópi sem hvatti til þess að við Íslendingar tækjum þátt í keppninni. Síðan var ég útgefandi íslensku Eurovisionlaganna og frá 2001-2016 var ég liðsstjóri íslensku keppendanna. Mér fannst algjörlega orðið tímabært að stiga til hliðar og Felix Bergsson var tilbúinn að taka við keflinu. Hann var mér til aðstoðar í fyrra og sá þá hvað hann þurfti að læra og kunna.“

En hvað skyldi standa upp úr þegar hann lítur til baka? „Fyrst og fremst allt fólk sem ég hef unnið með í gegnum tíðina, allt þrýðisfólk. Stundum hefur þetta verið mikill tilfinningarússíbanki, ég hef tekið sumt inn á mig, bæði gleði og svo minni gleði, stundum nánast sorg, en alltaf haft fagmennskuna að leiðarljósi.“

Töfrar á úrslitakvöldinu

Jónatan er nýkominn heim úr frii frá New York og hefur því ekki fylgst grannt með undankeppninni en hann segist þó vel vita hvað sé að gerast. En hver er líklegasti sigurvegarinn að hans mati? „Eins og staðan er núna spái ég Portúgal, Búlgaríu eða Ítalíu sigri en svo getur allt breyst í kvöld. Stundum finnur maður þetta fyrirfram en svo verða einhverjir töfrar í salnum á úrslitakvöldinu. Þetta eru ólík lög, fyrri tvö eru róleg en þriðja er meira stuðlag.



„Við Jóhanna Guðrún og Helgi Jóhannesson, upptökustjóri sjónvarpsins, árið 2009. Þetta var merkileg ferð í alla staði og það sem stóð upp úr var þegar Jóhanna Guðrún eða Yohanna, hafnaði í öðru sæti keppinnar.“

Það fer alveg eftir stemningunni í Evrópu í kvöld hvaða lag vinnur. Svo er kannski eitthvert lag þarna sem ég hef ekki tekið eftir sem getur skotist upp og farið í fyrsta sætið. Það væri reyndar gaman ef Portúgal ynni. Þeir hafa átt í fjárhagskröggum eins og við og drógu sig út úr keppninni og ætluðu alveg að hætta en koma svo með þetta lag, sem hefur vakið mikla athygli. Söngvarinn syngur af einlægni og ef hann nær í gegn er aldrei að vita hvað gerist.“

Svala stóð sig með þrýði

Svo skemmtilega vill til að Jónatan og Svala Björgvinsdóttir eiga sama afmælisdag. Hann segist ekki vita hvers vegna hún komst ekki áfram. „Svala stóð sig með stakri þrýði, flutti lagið vel og gerði sitt allra besta, en þessi keppni er þannig að maður veit í rauninni aldrei hvernig atkvæðin radast. Eflaust má velta upp ýmsum flötum á myndvinnslunni, sviðsetningunni og hinu og þessu, en einfalda svarið er að evrópska sveiflan var einfaldlega



Hér er Jónatan í Belgrad í Serbíu eftir að Euroband, Regina Ósk og Friðrik Ómar, komust í úrslit. Ísland hafði ekki náð þeim árangri í þrjú ár þar á undan.

501 SKINNY KR.
13.990

Vörunúmer: 29502-0003
Danmörk kr 17.119*
Svíþjóð kr 14.340*

*skv.verðskrá levi.com og gengistöflu Íslandsbanka

LIVE IN Levi's®

Levi's Kringlunni - Levi's Smaralind - Levi's Glerártorgi

„Eins og staðan er núna spái ég Portúgal, Búlgaríu eða Ítalíu sigri en svo getur allt breyst í kvöld. Stundum finnur maður þetta fyrirfram en svo verða einhverjir töfrar í salnum á úrslitakvöldinu.“

ekki með okkur að þessu sinni.“

Spurður hvort við þurfum að breyta einhverju varðandi forkeppnina hér heima til að komast í aðalkeppnina segir Jónatan að það þurfi alltaf að skoða alla fleti varðandi þessi mál. „En það er ekki til nein töfraformúla. Sviar leggja gríðarlega vinnu og fjármuni í að leita að rétta laginu á hverju ári og það er her manna og kvenna sem vinnur að Melodifestivalen, sem er næstum því jafn viðamikil keppni og Eurovision. Þeir hafa sérhæft sig í að semja Eurovisionlög og sviðsetja þau, enda er það svo núna í ár að 10 lög í Eurovision eru eftir sænska höfundu og sænskir verkefnastjórar koma að sviðsetningu margra laga í keppninni. Þetta er fyrst og fremst gott sjónvarpsfni, góð afþreying sem maður á ekki að taka allt of alvarlega. Mér finnst alveg jafn mikilvægt að leyfa alls konar höfundum og flytjendum að láta ljós sitt skína í Söngvakeppninni hérna heima eins og að taka þátt í Eurovision. Þetta er einn af vaxtar-sprotunum í okkar fjölbreytta tónlistarlífi og á hverju ári koma fram nýir höfundar og flytjendur sem fá ómetanlegt tækifæri til að spreya sig í sjónvarpskeppni. Mikilvægast er að íslenska þjóðin sé sátt við það

lag sem sent er í keppnina hverju sinni og standi heils hugar að baki sínum keppendum.“

Ekkert Eurovisionlag í uppáhaldi

Jónatan heldur ekki upp neitt eitt Eurovision lag umfram annað. „En ég man eftir tveimur sem mér fannst frábær á sínum tíma, annars vegar All Kinds of Everything með írsku söngkonunni Dana og hins vegar Waterloo með Abba. Af íslensku lögunum finnst mér mörg mjög vel heppnuð og sennilega standa lögin All Out of Luck og Is It True upp úr af þeirri einföldu ástæðu að þau komust bæði í annað sæti.“

Eurovision góð byrjun á sumrinu

Eurovision-keppnin hefur alla tíð verið sérlega vinsæl hérlendis og flestir landsmenn fylgst grannt með henni. „Þegar við tókum þátt í Eurovision í fyrsta sinn voru miklar vonir bundnar við íslenskan sigur en þegar það gekk ekki eftir töluðu margir keppnina niður. Það hafði samt ekki þau áhrif að vinsældinar minnkuðu. Landsmenn komust fljótt upp á lag með að efna til samkvæma í heimahúsum þetta kvöld, þar sem vinir og vandamenn hittast til að njóta góðra veiga, horfa á keppnina og skiptast á skoðunum. Það hefur væntanlega líka sitt að segja að á hverju ári verður Eurovision stærri í sniðum, með sífellt víðameiri sviðsbúnaði, ljósum, grafík og öllu sem hægt er að láta sér detta í hug að gera í einum sjónvarpsþætti. Margir segjast ekki horfa á keppnina, en vita samt sem áður allt um hana. Sennilega er þetta einfaldlega góð byrjun á sumrinu og kjörið tækifæri til að lyfta sér upp í góðra vina hópi eftir langan vetur.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Svefntruflanir eru úr sögunni

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Melissa Dream eru vísindalega samsettar vörur sem aðstoða fólk við að sofa betur og vakna endurnærðara. Lífsgæðin batna þannig til muna.

Við búum í hröðu og erlissömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofa. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það



mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna þirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

Finnur ekki fyrir fótáóeirð

Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótáóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótáóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream og ákvað að prófa.“



Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofa en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofa fljótlega og finn ekki fyrir þessum fótáóeirðum. Það sem mér finnst líka æðislegt við

töflurnar er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“

Ekkert hefur reynst eins vel

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina.“ Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissa er að nú heyrir fótáóeirðingur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótáóeirðing þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofa en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“

Sölustaðir og upplýsingar

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Handhæg vörn gegn frjókornaofnæmi

Hay Max er lífrænn salvi sem fyrirbyggir frjókornaofnæmi. Með því að nota salvann fækkar hnerrunum og ofnæmisviðbrögð minnka.

Hay Max er lyfjalaus frjókornatálmí fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hay Max er framleiddur úr vottuðum lífrænum hágæðaeftum: bývaxi, ilmjkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er varan því vottuð fyrir grænmetisætur. Salvinn er laus við öll lyf sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana ófugt við

mörg ofnæmislyf. Það er því óhætt að aka bíl þó svo Hay Max sé notað. Salvinn er auk þess hentugur fyrir börn, ófrískar konur og konur með barn á brjósti. Salvinn er mjög einfaldur í notkun, hann er einfaldlega borinn vandlega á svæðið umhverfis hvora nös nokkrum sinnum á dag á meðan á frjókornatímabili stendur. Einnig má setja salvann aðeins inn í nasir og í kringum augu. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að einkenni ofnæmisins komi fram, svo sem hnerri og kláði í augum, hálsi og eyrum. Hay Max hefur fengið fjölda viðurkenninga í Bretlandi, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum.

Frábær lausn

Jón Páll Pálmason er mikið úti við á sumrin í starfi sínu sem þjálfari meistaraflokks í knattspyrnu. „Ég hef verið mjög slæmur á þessu tímabili, alltaf svo pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max því



Jón Páll Pálmason þjálfar knattspyrnu og er alltaf með Hay Max salvann í vasanum á sumrin.

það sakaði ekki að prófa og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti,“ segir Jón Páll sem mælir hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi.

Hay Max fyrir lítill kríli

Sonja Dögg Ólafsdóttir var í vandræðum með annan tvíburason sinn sem var síhnerandi. „Þegar við fórum í fri var hann alltaf hnerandi og með lekandi hor þannig að ég ákvað að fara í apótek til að athuga hvort það væri eitthvað til handa svona litlum krílum við ofnæmi. Mér var sagt að það væri ekkert lyf fyrir svo ung börn og var því bent á Hay Max og sýndar þrjár gerðir af því. Ég valdi að taka Hay Max með aloe vera. Ég bar þetta á hann og það var eins og hendi væri veifað og enginn hnerri kom sem var mjög gott. Þannig að Hay Max er borinn á þá báða þegar við förum út og erum úti í náttúrunni og ég er alltaf með salvann í skiptitöskunni.“

Hay Max:

- Lausn við frjókornaofnæmi.
- Einfaldur í notkun, salvinn er borinn á svæði umhverfis hvora nös og augu ef vill.
- Inniheldur lífræn hágæðaefti.

- Vottaður fyrir grænmetisætur.
- Lyfjalaus.
- Hentar öllum.
- Kemur í veg fyrir hnerri, kláða í augum, hálsi og eyrum.
- Hay Max Pure inniheldur engin viðbætt ilmefni eða ilmjkjarnaolíur fyrir þá sem hafa viðkvæma húð og jósa náttúrulegan ilm af bývaxi.
- Hay Max Aloe Vera sameinar frjókornatálmí áhrif Hay Max og mýkjandi og græðandi áhrif Aloe vera plöntunnar.



Feitur matur og sterkur örvar sýruframleiðslu

ENGIN UPPÞEMBA LENGUR

Einar Ágúst Einarsson, smiður mælir með Frutin töflunum en eftir að hann byrjaði að taka þær hálf tíma fyrir svefn og mat finnur hann lítið sem ekkert fyrir óþægindum eða uppþembu.

„Ég hafði verið með mikla uppþembu og brjóstsviða eftir mat í langan tíma. Þetta kom sérstaklega fyrir ef ég borðaði seint á kvöldin eða fékk mér gosdrykki eða bjór stuttu fyrir svefninn. Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin. Eftir að ég byrjaði að taka Frutin töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur,“ segir Einar Ágúst ánægður.

Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.



IceCare
Þín heilsa

Frutin fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. www.icecare.is

Stórkostlegur staður og stórkostleg stund

Allir eru sammála um að Úkraínumenn eigi hrós skilið fyrir framkvæmd Eurovision í ár. Borgin hefur tekið tæplega 1.200 blaðamönnum opnum örmum og allt skipulag hefur gengið eftir.

Skrifa frá

Eurovision

í Kiev

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@365.is
Stefán Árni
Pálsson
stefanp@365.is



Kænugarður er ógurlega fallett borg sem vert er að bæta á listann yfir borgir sem þarf að heimsækja. Flug hingað er ekki sérstaklega dýrt. Blaðamenn Fréttablaðsins flugu frá London, hópur frá Morgunblaðinu flaug frá Frankfurt og íslenski hópurinn kom hingað í gegnum Brussel.

Verðlagið er líka hagstætt. Hér kostar matur fyrir tvo á finu veitingahúsi með smá öli og heilli rauðvinsflösku um 12 þúsund krónur. Hamborgari og söngvatn kostar um þúsund krónur. Maturinn í fjölmörgum höllum, sem er gríðarlega góður, kostar um 400 krónur.

Kænugarður hefur tekið blaðamönnum 1.200 sem þangað eru komnir til að fjalla um Eurovision opnum örmum. Blaðamennirnir koma víða að. Þjóðverjarnir í blaðamannahöllinni eru meira að segja ánægðir með skipulagið og Svisslendingar sem við hittum í mat brostu út að eyrum yfir hvernig keppnin hefði tekist. Það þarf nú töluvert til að þessar þjóðir hrósi öðrum fyrir skipulag.

Öryggisgæslan er gríðarleg. Stranglega er bannað að taka mynd af öryggisvörðum eins og sá er þetta skrifar komst að. Hermenn í fullum skrúða, lögglumenn með hriðskotabyssur og hundar leita á hverjum einasta blaða-



Horft yfir Kænugarð, höfuðborg Úkraínu, sem er sjöunda stærsta borg Evrópu ef miðað er við mannfjölda.

Nokkrar staðreyndir um Kænugarð

- Kænugarður er höfuðborg og stærsta borg Úkraínu.
- Borgin liggur í norðurhluta landsins við fljótið Dnjepr.
- Í borginni búa 2,9 milljónir manna.
- Flatarmál Kænugarðs er 840 ferkílómetrar.
- Kænugarður er sjöunda stærsta borg Evrópu ef miðað er við fólksfjölda.
- Jarðlestakerfið í Úkraínu er stórmerkilegt og það dýpsta í Evrópu. Það var byggt 105 metra niður í jörðu og var gert ráð fyrir því að borgarbúar gætu flúið í jarðlestakerfið ef kæmi til loftárásar.
- Hnefaleikakappinn Vitali Klitschko er borgarstjóri í Kænugarði.
- Það er þriggja klukkustunda tímamismunur á Íslandi og Kænugarði.

» Öryggisgæslan er gríðarleg. Stranglega bannað er að taka mynd af öryggisvörðum eins og sá er þetta skrifar komst að.

manni. Allt þarf að taka í sundur og sýna að hver einasti hlutur virki. Ekkert virðist fara fram hjá þeim. Þeir bílar sem koma of nálægt eru umsvifalaust reknir í burtu með harðri hendi.

Skemmtanalífið er í miklum blóma þrátt fyrir undirliggjandi sorg. Miðbærinn að nóttu til virkar öruggur en það gæti svo sem verið vegna allrar öryggisgæslunnar. Eftir gott kvöld hér úti finnur maður aldrei til hræðslu. Hjartað



Horft yfir Eurovision-þorpið. NORDICPHOTOS/GETTY

slær örar þegar gengið er um stræti Reykjavíkur.

Það eina sem mætti setja út á í Kænugarði er enskukunnátta heimamanna. Flestir eru ekkert sérstakir svo vægt sé tekið til orða. En þeir svara á úkraínsku og slíkt er skemmtilegt. Ef við höfum þurft að komast á milli staða höfum við

notað Uber. Við vorum varaðir við okri á leigubílum og svindlurum í þeim geira þannig að Uber varð fyrir valinu.

Eurovision lýkur í kvöld og flugvöllurinn verður þétt setinn næstu daga. Reyndar fengu að blaðamenn Fréttablaðsins ekki flug heim fyrr en með síðustu vél á mánudag.

Borgin verður kvödd með bros á vör og gleði í hjarta enda hefur hún tekið vel á móti okkur og hinum blaðamönnum.

Keppendur eru einnig ánægðir og munu skila stórkostlegri sýningu heim í stofu landsmanna sem og allrar Evrópu. Á því er enginn vafi.

L-Mesitran

Náttúruleg sárgræðsla með hunangi

Hunangplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssára. Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.



- Fæst í apótekum -

Williams & Halls
www.wh.is



Allt skipulag keppinnar hefur verið til fyrirmyndar.

Hrislande
douze points 🍪



Steik í Eurovision-partíinu

Upplagt er að hafa bæði Eurovision- og grillpartí í kvöld. Þessi uppskrift er með nautakjöti en það má alveg breyta um kjöt og hafa kjúkling eða svín.

Nautakjöt á grillið er alltaf dásamlegur matur. Ekki er verra ef kjötið er borið fram með góðu grilluðu grænmeti. Hér er einföld nautasteik sem allir geta eldað. Ef valinn er kjúklingur í staðinn fyrir nautið er kannski betra að hafa kalda sósu með í stað piparsósunnar.

Uppskriftin miðast við fjóra.

4 sneiðar nautafillet
Marinering fyrir kjötið

Marinerið kjötið áður. Best er að láta það liggja í blöndunni í hálfan dag, að minnsta kosti í eina klukkustund. Þessi marinering hentar líka fyrir svínakjöt eða kjúkling.

2 hvítlauksrif, pressuð
2 tsk. ferskt engifer, smátt skoríð
3 msk. tómatsósa
3 msk. sojasósa
2 msk. fljótandi hunang
1 msk. sesamolía

Blandið öllu vel saman. Setjið í plastpoka ásamt kjötsneiðunum. Lokið pokanum og geymið við stofuhita. Þurrkið mestu sósunu af

Grænmeti á spjoti er fullkomið meðlæti með nautasteikinni.



Æðislegt nautasteik sem gott er að snæða yfir Eurovision.



Grillaður mais.

kjötinu áður en það er sett á grillið en í lok tímans má pensla henni aftur yfir. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að kjötið brenni.

Grænmeti á spjoti

8 sjalottlaukar
4 kirsuberjatómatar
1 kúrbítur
2 paprikur
2 msk. olía
Salt og pipar
8 grillspjót

Skrælið laukinn, skolið tómatana, kúrbít og papriku. Skerið í hæfilega bita. Þræðið upp á spjót. Ef notuð eru tréspjót þurfa þau að liggja í bleyti í hálf tíma áður svo þau brenni ekki. Penslið grænmetið með olíu og stráði salti og pipar yfir.

Grillið spjótin á meðalhita í um það bil 5 mínútur. Snúid af og til. Grillið kjötið á meðalhita í 2-3 mínútur á hvorri hlið eftir þykkt. Berið kjötið fram með grænmetinu og gjarnan góðri piparsósu. Einnig má hafa grillaða maískólfa með.

Grillaður mais

4 maískólfar
2 msk. mjúkt smjör
Safi og rifinn börkur úr einni límónu
Gott salt

Setjið maískólfa í sjóðandi vatn í um það bil 2 mínútur. Hrærið saman smjöri, límónusafa og rifnum berki. Penslið maisinn með smjöri og grillið í 5-6 mínútur. Snúid af og til. Stráid smávegis salti yfir í lokin.

Piparsósa

3 msk. smjör
1 laukur, mjög smátt skorinn
1 tsk. græn piparkorn
1 tsk. rósapipar
3 msk. hveiti
3 dl kjötsoð
2 dl rjómi
¼ tsk. salt
½ tsk. nýmalaður pipar
2 msk. fersk steinselja

Bræðið smjörið og steikið laukinn þar til hann byrjar að taka lit. Setjið rósa- og grænpipar í mortél og merjið. Bætið síðan yfir laukinn. Hærið hveiti saman við og hellið síðan heitu kjötsoði saman við svo sósan þykkni. Látið sjóða í 20 mínútur.

Bætið þá við rjómanum. Það má setja örlitinn súsulit saman við ef sósan er of ljós á litinn. Bragðbætið með salti og pipar. Það má sigta sósunu áður en hún fer á borð ef einhver vill ekki hafa laukinn í henni. Ef sósan er of þykk er hún þynnt með rjóma eða soði. Þegar sósan er borin á borð er steinselju stráð yfir hana.

Hasselback-kartöflur

Sumir geta ekki hugsað sér nautasteik án þess að hafa kartöflu. Þá er upplagt að baka hasselback. Þær eru bragðmiklar og góðar. Notið stórar kartöflur og skerið þær í þunnar sneiðar án þess að fara í gegnum þær. Svona kartöflur passa með flestu kjöti. Venjulega er ein kartafla á mann.

4 kartöflur
2 msk. smjör
Paprikuduft, salt og pipar
Parmesan-ostur

Hitið ofninn í 225°C. Skrælið kartöflurnar og skerið í þunnar sneiðar en ekki í gegn. Þær eiga að haldast saman á botninum. Ágætt ráð er að setja grillspjót í gegnum þær að neðan og skera niður að því. Best er að skera af þeirri hlið sem snýr niður svo kartaflan standi vel í ofninum. Setjið kartöflurnar í vel smurt eldfast mót og setjið smá smjörklípur á milli sneiðanna. Penslið kartöflurnar létt með smjöri eða olíu og stráid kryddi og rifnum parmesan-osti yfir. Setjið í heitan ofninn og athugið eftir 45 mínútur hvort þær eru orðnar mjúkar.



Eurovision-partý?

Þetta verður veisla

NÝJAR SENDINGAR

RODEO SÓFI 4RA SÆTA
TILBOÐSVERÐ 198.000,-



MEERT HILLUR
LÍTIL 2.900,-
STÓR 3.900,-



DENA STÓLL
FRÁ 125.000,-



SÓFABORÐ
M: 49.000,-
L: 59.000,-



BIRD
1.450,-



ALLIR EININGARSÓFAR
MEÐ 20% AFSLÆTTI



HORSÓFI NORDIC 262 X 262CM
TILBOÐSVERÐ 256.000,-

SKÁPUR, EINNIG TIL Í SVÖRTU
179.000,-



habitat  SIDAN 1964

TEKK
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10-18
OG SUN KL. 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Hleypir fjöri í Eurovisionpartíið

Margra ára gamall Eurovisionleikur Davíðs Olgeirssonar tónlistarmanns nýtur mikilla vinsælda í heimapartíum þegar vinahópar hittast.

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég hef ekkert ætlað að gera leikinn á hverju ári en það hafa alltaf einhverjir samband. Ég held að hundrað manns hafi sóst eftir honum í ár,“ segir Davíð Olgeirsson, tónlistarmaður og markaðsstjóri Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar, en hann setti saman Eurovisionpartíleik fyrir meira en tíu árum sem nýtur mikilla vinsælda í heimapartíum.

„Það er rosalegt fjör að hafa þennan leik í Eurovisionpartíinu. Þetta er ekki drykkjuleikur í sjálfu sér en það getur verið gaman að drekka eitthvað meðan á honum stendur, fólk má bara ekki missa einbeitinguna. Þegar stigakynnarirnir birtast á skjánum verður fólk að vera með á nótunum,“ segir Davíð sposkur.

Leikurinn gengur í grófum dráttum út á það að segja til um þau lönd sem hreppa munu sex efstu sætin. Fyrir rétt lag í sæti fást fimm stig. Ef spád er fyrir um rétt lag í sex efstu sætin en ekki rétt sæti fást tvö stig og þar fram eftir götunum.



Davíð Olgeirsson, tónlistarmaður og markaðsfulltrúi, bjó fyrir mörgum árum til skemmtilegan partíleik fyrir gesti sína í Eurovision-gleðskap. Leikurinn er enn í umferð í heimapartíum um allan bæ. MYND/ANTON BRINK

Það er rosalegt fjör að hafa þennan leik í Eurovision-partíinu. Þetta er ekki drykkjuleikur í sjálfu sér en það getur verið gaman að drekka eitthvað meðan á honum stendur, fólk má bara ekki missa einbeitinguna. Þegar stigakynnarirnir birtast á skjánum verður fólk að vera með á nótunum.

Davíð Olgeirsson

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum
Tilvalið fyrir fjölskyldur!



Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5-12 ára börn 1.200kr.

HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100



Opíð alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00

Kinahofid

Kínahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogur
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022



www.kinahofid.is

„Svo er hægt að fá aukastig, til dæmis fyrir að giska á hvaða sæti Astralía hreppir og hvað Bretar gefa Portúgölum mörg stig. Hvernig verða fót þýska stigakynnisins á litinn? Ég hafði líka í leiknum spurningu um hvort karl eða kona myndi kynna stigin frá Þýskalandi en tók eftir því að fólk var kynna sér það fyrirfram. Ég tók þann lið því út,“ segir Davíð, ekki sé hægt að líða svindl.

Hann blási sjálfur yfirleitt til Eurovisionfagnaðar heima og þá sé leikurinn alltaf á dagskrá. En vinnur hann ekki alltaf, sjálfur höfundur leiksins?

„Nei, ég vinn nefnilega ekki alltaf, þótt ég sé yfirleitt ofarlega. Í partíinu í fyrra vann gaur sem vissi bókstaflega ekki neitt um Eurovision, sem var ótrúlega pirrandi. Sigurlandið, Úkraína, náði ekki einu sinni í topp sex hjá mér, enda hundleiðinlegt lag,“ segir Davíð og hlær. Pólitik hljóti að hafa spilað inn í sigurinn í fyrra. Fólk þurfi jafnvel að vera betur að sér í stöðu heimsmálanna en tónlist til að spá rétt um Eurovision.

Hvada lönd veðjar hann á í ár? „Ég vona að Ítalía vinni. Fannst lagið frábært strax og ég heyrði það fyrst. Portúgal verður líka örugglega mjög ofarlega, þetta verður keppni milli ítalska lagsins

og þess portúgalska. Svo veitir sænska lagið þeim harða keppni. Þessi þrjú verða í topp þremur.“

Sjálfur hefur Davíð tvisvar tekið þátt í undankeppninni hér heima, árið 2006 með lagið Strengjadsans og árið 2008 með lagið In Your Dreams. Er hann jafnvel Eurovision-nörður innst inni? „Nei, ég er ekki nörður. Ég hef samt mjög gaman af þessu og tel mig vita ýmislegt um Eurovision. Ég hef meira að segja verið í dómnefnd RÚV 5 ár í röð. Það er reyndar kannski dálítið narðarlegt.“

Leikurinn gengur í grófum dráttum út á það að segja til um þau lönd sem hreppa munu sex efstu sætin. Fyrir rétt lag í sæti fást fimm stig. Ef spád er fyrir um rétt lag í sex efstu sætin en ekki rétt sæti fást tvö stig og þar fram eftir götunum.

EUROVISION
SONG CONTEST
UKRAINE 2017

1. sæti: _____
2. sæti: _____
3. sæti: _____
4. sæti: _____
5. sæti: _____
6. sæti: _____

Fyrir hvert rétt land á topp 6 færðu 2 stig en 5 stig fyrir rétt land í rétt sæti.

Í hvaða sæti verður Astralía? (3 stig) _____

Aukastig: (hvert rétt svar gefur 1 stig)

Hvað gefa Bretar Portúgölum mörg stig? _____
Hvað gefa Svíar Danmörku mörg stig? _____
Hvað gefa Úkraína Svíum mörg stig? _____
Hvað gefa Portúgalar Ítölum mörg stig? _____

Hvernig verða fót stigakynnis Þýskalands á litinn? _____
Hvernig verða fót stigakynnis Eistlands á litinn? _____
Hvernig verða fót stigakynnis Ungverjalands á litinn? _____
Hvernig verða fót stigakynnis Azerbaijan á litinn? _____

Hverjum gefa Makedónar 12 stig? _____
Hverjum gefa Ítalir 12 stig? _____
Hverjum gefa Íslendingar 12 stig? _____
Hverjum gefa Danir 12 stig? _____
Hverjum gefa Ungverjar 12 stig? _____

Stig: _____

Flóahreppur

Skólastjóri

Flóahreppur óskar eftir að ráða skólastjóra grunnskólans Flóaskóla. Leitað er að kraftmiklum og lausnamiðuðum leiðtoga með metnað og einlægum áhuga á skólastarfi.

Umsóknarfrestur

29. maí 2017

Helstu verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.
- Fagleg forysta skólans.
- Ábyrgð á framþróun í skólastarfi.
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5029

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun æskileg.
- Kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.
- Skipulagshæfni, góð yfirsýn og styrkur til ákvarðana.
- Reyndsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er æskileg.



FLÓAHREPPUR

Flóaskóli var stofnaður haustið 2004 eftir sameiningu Gaulverjabæjarskóla, Villingaholtsskóla og Þingborgarskóla. Flóaskóli þjónar nemendum í 1.-10. bekk og eru nemendur 100 talsins. Áhersla er lögð á nemendamiðuð nám og að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. List og verkgreinar og önnur skapandi vinna er stór hluti af skólastarfinu. Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu skólans: <http://www.floaskoli.is/>.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLU FÓLKI TIL STARFA

Hlutverk Póstsins er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna. Framtíðarsýn Íslandspósts er að fyrirtækið verði nýjunga- og tæknidrifið fyrirtæki sem svarar síbreytilegum þörfum viðskiptavina.

Meiraprófsbílstjórar - sumarstörf

Pósturinn óskar eftir meiraprófsbílstjórum í sumarstörf á höfuðborgarsvæðinu. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingum með ríka þjónustulund, góða hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnuhæfileika. Skilyrði fyrir störfun eru stundvísi og áreiðanleiki.

Bílstjórar á höfuðborgarsvæðinu

Um er að ræða fjölbreytt störf á dreifingu pósts og annarra þjónustuvara sem Pósturinn annast. Í boði bæði dag- og vaktavinnu.

Hæfniskröfur

- Meiraprófsréttindi, C.
- Réttindi til að draga eftirvagn, CE, er kostur.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Jón Ólafur Gestsson, deildarstjóri flutningamála, í síma 580 1284 eða í netfanginu jong@postur.is



Pósturinn hlaut Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC árið 2016. Pósturinn leggur mikla áherslu á jafna stöðu kynjanna og er það mikilvæg staðfesting á því að vel sé staðið að jafnréttismálum hjá fyrirtækinu og að mikið sé lagt upp úr því að tryggja að allir fái jöfn tækifæri og eigi þann kost að vaxa og dafna í starfi á eigin verðleikum.

Umsóknarfrestur:
31. maí 2017

Umsóknir:
umsokn.postur.is

Spennandi starf

Félagsmálastjóri

Norðurþing óskar eftir öflugum aðila í starf félagsmálastjóra hjá sveitarfélaginu. Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með félagslegri þjónustu Norðurþings, en sveitarfélagið sinnir einnig félagsþjónustu við fimm nágrennasveitarfélög á grunni sérstaks þjónustusamnings. Undir þjónustuna fellur barnavernd, félagsþjónusta, jafnréttis- og öldrunarmál auk málefna fatlaðra.

Umsóknarfrestur

29. maí

Starfssvið

- Fagleg forysta í málefnum félagsþjónustunnar, gæðamál og þróun þjónustunnar.
- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Stefnumótun og samningagerð.
- Undirbúningur og eftirfylgni funda.
- Upplýsingagjöf og samskipti við notendur, ráðuneyti og hagsmunaaðila.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4829

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í félagsráðgjöf eða annað háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði, framhaldsmenntun sem nýtist kostur.
- Reynsla af stjórnun og rekstri kostur.
- Reynsla af áætlanagerð og stefnumótun kostur.
- Þekking á lögum og reglugerðum er varða starfsemina kostur.
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu sveitarfélaga er kostur.
- Þekking og reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnslu kostur.
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Góð þekking og færni í tölvunotkun.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.



Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Þéttbúlskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2826 talsins.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Knattspyrnusamband Íslands

Fjármálastjóri

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa. Um er að ræða áhugavert starf fyrir hvern þann sem hefur áhuga á að vinna í öflugu samstarfi með fólki sem vinnur að ástríðu við uppbyggingu á knattspyrnu á Íslandi.

Umsóknarfrestur

21. maí 2017

Helstu verkefni

- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum.
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Gerð mánaðaruppgjóra, uppgjóra verkefna og landsleikja.
- Umsjón með innheimtumálum.
- Ábyrgð og umsjón með launaútreikningi og launagreiðslum.
- Undirbúningur bókhalds til endurskoðanda.
- Gerð fjárhagsupplýsinga og umsókna til erlendra sambanda vegna styrkja.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5033

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Mjög góð þekking og reynsla af Navision bókhaldskerfi.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Afar góð greiningarhæfni og færni til að halda utan um töluleg gögn og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.



Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) var stofnað árið 1947 og er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ, sem iðka og keppa í knattspyrnu. Skv. lögum KSÍ er hlutverk sambandsins m.a. að vinna að eflingu knattspyrnu í landin og sjá til þess að knattspyrnulögum og reglum KSÍ sé fylgt. Knattspyrna er fjölmennasta íþróttgreinin á Íslandi með vel yfir 20.000 skráða iðkendur og er um þriðjungur þeirra konur/stúlkur. Af heildarfjölda skráðra iðkenda af báðum kynjum eru um 15.000 fimmtán ára eða yngri. Á skrifstofu KSÍ, sem fer með daglegan rekstur sambandsins, starfa í dag 18 starfsmenn í fullu starfi auk vallarstarfsmanna og þjálfara.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna

Sérfræðingur á kjarasviði

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing á kjarasviði. Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi með mikla þjónustulund sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

Umsóknarfrestur

21. maí 2017

Helstu verkefni

- Vinna að kjaramálum og hagsmunagæslu félagsmanna.
- Þjónusta við félagsmenn er varða kjör og réttindi.
- Tölvu- og markaðsmál.
- Fundar- og nefndarseta.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5013

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. grunn í starfsgreinum félagsins og framhaldsmenntun.
- Áhugi og reynsla/þekking af kjaramálum.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð enskukunnátta skilyrði og þekking á Norðurlandamáli er kostur.



VM
Félag vélstjóra
og málmæknimanna

VM Félag vélstjóra og málmæknimanna er meðal stærstu fag- og stéttarféлага landsins. VM varð til við sameiningu Vélstjórafélags Íslands og Félags járníðnaðarmanna. Stofnfundur var haldinn 14. október 2006, á Grand Hótel í Reykjavík. Vélstjórafélag Ísland og Félag járníðnaðarmanna höfðu bæði starfað um langt skeið. Félag járníðnaðarmanna var stofnað árið 1920, en Vélstjórafélagið árið 1909. Í dag starfa 11 manns á skrifstofu félagsins.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Forstöðumaður menningarmála

Kópavogsbær óskar eftir að ráða forstöðumann menningarmála bæjarins. Forstöðumaður menningarmála ber ábyrgð á rekstrarlegum og stjórnunarlegum þáttum á sviði menningarmála í nánú samstarfi við forstöðumenn menningarstofnana. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur áhuga og farsæla reynslu af rekstri og stjórnun, frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

Umsóknarfrestur

29. maí

Helstu verkefni

- Stefnumótunarvinna og markmiðasetning.
- Samhæfing á starfsemi menningarstofnana.
- Stjórnun menningarviðburða í samstarfi við forstöðumenn.
- Gerð rekstrar- og starfsáætlana.
- Kostnaðareftirlit og eftirfylgni.
- Yfirumsjón með markaðssetningu og kynningarmálum menningarstofnana, menningarmála og menningarviðburða bæjarins.
- Ábyrgðamaður lista- og menningarráðs.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5030

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Rekstur og stjórnun.
- Reynsla af menningartengdri starfsemi.
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Þekking og/eða reynsla af starfsumhverfi sveitarfélaga kostur.
- Leiðtogaþæfileikar, þ.m.t. færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af skipulagningu viðburða og kynningarmálum æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti.



Forstöðumaður menningarmála er í forsvari fyrir stefnumörkun, þróun og skipulagningu menningarmála hjá Kópavogsbæ. Hann fer með rekstrareftirlit með starfsemi allra menningarstofnana bæjarins, þ.e. Tónlistarhúss Kópavogs – Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Bókasafns Kópavogs og Héraðsskjalasafns.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Skrifstofuumsjón/Bókhald - Tilvalið fyrir nýtskrifaðan

Traust og framsækið upplýsingatæknifyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í fjölbreytt skrifstofustarf. Leitað er að fjölhæfum og skipulögðum einstaklingi með samskiptahæfni og góða þekkingu á bókhaldi. Starfið er tilvalið fyrir einstakling sem er nýtskrifaður, t.d. úr viðskiptafræði.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Sálfræðingafélag Íslands
(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Sálfræðingafélag Íslands er fag- og stéttarfélag sálfræðinga. Félagið var stofnað árið 1954. Félagar eru rúmlega 600, sálfræðingar og sálfræðinemar í framhaldsnámi og fer ört fjölgandi.

Sálfræðingafélagið er eitt aðildarféлага BHM og á mikið samstarf við BHM og önnur aðildarfélög þess.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.sal.is

Framkvæmdastjóri

Sálfræðingafélag Íslands óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi starf sem gerir kröfu um frumkvæði og sjálfstæði. Félagið er ört vaxandi fag- og stéttarfélag sálfræðinga og verkefni framkvæmdastjóra varða bæði fagleg málefni og kjara- og réttindamál sálfræðinga.

Megin verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á starfsemi og daglegum rekstri félagsins
- Náið samstarf við stjórn, fagdeildir og nefndir félagsins ásamt því að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar
- Samskipti, ráðgjöf og samstarf við félagsmenn og ýmsa aðila utan félagsins
- Utanumhald og stjórnun margs konar verkefna, svo sem ráðstefna og funda
- Undirbúningur og gerð kjarasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða í sálfræði, löggilt starfsleyfi er kostur
- Þekking á stjórnun og starfi félagasamtaka
- Þekking á kjaramálum og kjarasamningagerð
- Lipurð í samskiptum, metnaður og úthald
- Geta til að vinna í hópi og leiða hópa
- Brennandi áhugi á sálfræði og hagsmunamálum sálfræðinga
- Mjög góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Góð kunnátta, mælt og rituð, í íslensku og ensku. Kunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Stúdentagarðar

Stúdentagarðar bjóða hentugt og vel staðsett húsnæði til stúdenta við Háskóla Íslands á sanngjörnu verði. Leigueiningarnar eru 1.207 talsins og er undirbúningur hafinn að byggingu 330 leigueininga til viðbótar. Íbúafjöldi Stúdentagarða er um 1.900 manns.

Við hönnun nýbygginga og upptekt á eldra húsnæði er hugað að vistlegum og skemmilegum sameiginlegum rýmum svo mannlíf og félagslíf íbúa geti blómstrað, enda er leiðarljós fyrirtækisins að auka lífsgæði stúdenta.

Nánari upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins má finna á www.studentagarðar.is

Tæknimaður í verklegar framkvæmdir

Stúdentagarðar óska eftir að ráða starfsmann sem mun hafa umsjón með nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum auk verkefnastjórnar stærri verkefna. Um er að ræða fullt starf.

Megin verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með eignum Félagsstofnunar stúdenta, þ.m.t. Stúdentagarða
- Almenn byggingatækniráðgjöf
- Ábyrgð á skipulagningu framkvæmda og stærri viðhaldsverkefna
- Verkefnastjórn stærri verkefna s.s. gerð kröfu- og þarfalýsinga, vinna við útboðsgögn, eftirlit verka, öflun tilboða, áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samningagerð við efnisbirgja og verktaka
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Lönnmenntun er nauðsynleg
- Háskólamenntun tengd starfi er nauðsynleg
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Þjónustulyndi
- Lausnamiðað og jákvætt viðhorf
- Góð samskiptahæfni
- Skipulagshæfni
- Góð tök á íslensku og ensku er skilyrði
- Almenn tölvukunnátta, þ.m.t. á Microsoft Office

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Ger innflutningur

Sérfræðingur í tollafgreiðslu



Sérfræðingur í tollafgreiðslu gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi fyrirtækisins. Hann sér um alla tollafgreiðslu sendinga hjá Ger Innflutningi og tengdum félögum, ásamt afgreiðslu á tollskýrslum.

Umsóknarfrestur

21. maí**Starfssvið**

- Vinna við tollafgreiðslu sendinga.
- Tollskýrslugerð og samskipti við tollyfirvöld.
- Útleysingar sendinga.
- Fylgjast með nýtingu á tollkvótum sem keyptir eru og notaðir við tollafgreiðslu /stemma af við lok nýtingar.
- Skjalavinnsla og frágangur á pósti.
- Móttaka á vörum og önnur tilfallandi störf.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5006**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Tollmiðlaraanámskeið hjá Tollskóla ríkisins.
- Reynsla af vinnu við tollappíra og sambærileg verkefni.
- Góð almenn tölvukunnátta sem og gott vald á ensku.
- Þjónustulund og nákvæm vinnubrögð.
- Hæfni til þess að vinna sjálfstætt sem og undir álagi.

GER Innflutningur, sem rekur Betra bak, Dorma og Húsgangahöllina var stofnað árið 2010 og byrjaði starfsemi sína á því að vera með vandaðar dýnur, rúm, koddar og vörur fyrir hótél og spítala. Í dag bjóðum við upp á úrval af vörum sem geta fyllt heilt heimili, veitingastað eða hótél.

Capacent – leiðir til árangurs

capacent



Lagerstjóri

Optima óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að sinna starfi lagerstjóra. Hann kemur inní sterkan hóp starfsmanna Optima þar sem fagmennsku og góða þjónustu er höfð leiðarljósi.

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf hjá traustu fyrirtæki, í síbreytilegu umhverfi þar sem tekist er á við fjölbreytt viðskiptatækifæri.

Starfssvið:

- Dagleg umsjón með lager
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Móttaka og afhending vöru
- Skráning í tölvukerfi og birgðahald
- Umhirða lagers

Hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstörfum nauðsynleg
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Þjónustulund, reglusemi og jákvætt hugarfar

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsóknum eiga að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Umsjón með starfinu hefur Þorsteinn G.A.Guðnason, neftfang: radningar@optima.is



Hafnareyri ehf. er 100% dótturfyrirtæki Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV). Félagið er alhliða þjónustufyrirtæki við sjávarútveg og rekur frystigeymslu, ísframleiðslu, löndunarþjónustu og þjónustuverkstæði. Velta félagsins á síðasta ári var 600 milljónir króna og stöðugildi eru um 35. Stærsti viðskiptavinur félagsins er VSV.



Framkvæmdastjóri

Hafnareyri ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að reyndum stjórnanda og leiðtoga sem hefur áhuga á að stýra fyrirtækinu inn í áframhaldandi uppbyggingu.

Meginverkefni framkvæmdastjóra:

- Daglegur rekstur félagsins
- Ábyrgð á framkvæmdum á vegum fyrirtækisins
- Ábyrgð á samskiptum við þjónustuaðila, verktaka, starfsmenn, birgja og aðra hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskóla- og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af stjórnun og rekstri
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, metnaður, leiðtogaþæfni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veita:****Sverrir Briem**sverrir@hagvangur.is**Þórir Þorvarðarson**thorir@hagvangur.is**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

Kynningarbréf ásamt ferilsskrá þar sem koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf fylgi umsókninni.

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk.

Vegna aukinna umsvifa vantar strax öfluga einstaklinga til framtíðarstarfa hjá IBH. Um er að ræða störf á verkstæði og lager IBH við samsetningu tromlumótora og færibandareima. Við leitum að áreiðanlegum sjálfstæðum einstaklingum með góða þjónustulund. Kostur er að geta hafið störf sem fyrst.

Vélvirki óskast

Starfssvið:

Samsetning á Interroll mótorum.
Viðhald tromlumótora.
Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

Vélvirkji eða sambærileg menntun.
Nákvæm og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg.

Laghentur starfsmaður

Starfssvið:

Framleiðsla og samsetning Habasit færibandareima.
Eftirlit og umsjón með lager.
Ýmis önnur tilfallandi verkefni.
Samskipti við viðskiptamenn IBH.

Hæfniskröfur:

Laghentur, vel skipulagður einstaklingur sem viðhefur nákvæm vinnubrögð og getur unnið sjálfstætt. Iðnmenntun er mikill kostur. Gott vald á íslenskrí og enskrí tungu. Bílpróf er nauðsynlegt.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á netfangið oddny@ibhehf.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. maí nk.

Vagnhöfði 21 • 110 Reykjavík • Sími: 562 6858 • ibh@ibhehf.is • www.ibhehf.is

IBH ehf er rótröð fjölskyldufyrirtæki sem hefur áunnið sér traust viðskiptavina fyrir áreiðanleika og skjóta þjónustu.

IBH er leiðandi í framleiðslu, sölu og þjónustu á **Interroll** tromlumótorum.



IBH er umboðsaðili **Habasit** færibandaefnis sem er tilsníðið og sett saman á verkstæði IBH.



Á síðasta ári var þjónusta við matvælaíðnaðinn eflað til muna en helstu birgjar okkar eru leiðandi í þjónustu við hann.

IBH er í hópi "framúrskarandi fyrirtækja" en markmið okkar er að vera ávallt í fremstu röð varðandi gæði og þjónustu.



Píanókennari með meiru

Tónlistarskóli Árnésinga óskar eftir að ráða til starfa píanókennara í um 75% starf á Laugarvatni og Selfossi frá og með 1. ágúst 2017.

Menntun og eiginleikar:

- Tónlistarkennari III (samkv. kjarasam. FT/FÍH) – með píanókennarapróf.
- Tilbúinn að kenna e.t.v. fleiri greinar s.s. tónfræði eða gítar og sinna meðleik.
- Eigi gott með mannleg samskipti.
- Samvisskusamur, skipulagður og skapandi.

Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Upplýsingar fást hjá skólustjóra í síma 861-3884.

Umsóknarfrestur er til 2. júní 2017. Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til robert@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnésinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 600 og starfa 30 kennarar við skólann.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Forstöðumaður í frístundaheimili Ævintýralandi

Frístundamiðstöðin Gufunesbær

Frístundamiðstöðin Gufunesbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman einstakling til starfa í frístundaheimilinu Ævintýralandi sem staðsett er í Kelduskóla - Korpu. Ævintýraland er eitt af átta frístundaheimilum sem frístundamiðstöðin Gufunesbær rekur við grunnskólana í Grafarvogi. Á frístundaheimilunum er boðið upp á fjölbreytt tómstunda-starf þegar hefðbundnum skóladegi 6-9 ára barna lýkur. Megináhersla í starfi frístundaheimilisins er fjölbreytt starf með börnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón og ábyrgð á starfsemi frístundaheimilisins fyrir 6-9 ára börn.
- Skipulagning starfsins í samráði við börn og starfsfólk.
- Samskipti og samstarf.
- Þátttaka í að móta stefnu og framtíðarsýn.
- Umsjón með starfsmannamálum.
- Umsjón og ábyrgð með rekstri frístundaheimilisins í samráði við deildarstjóra.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á uppeldissviði, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði, eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum.
- Reynsla af stjórnun.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar.
- Áhugi á frístundastarfi.
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi á frístundaheimili.
- Færni í samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2017.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2017.

Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóra Melsted í síma 411-5600 og tölvupósti thora.melsted@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspeglji það margbreytilega samfélag sem borgin er

Frístundamiðstöð Gufunesbær
Ævintýraland, Kelduskóla Korpu
Gufunesbær, 112 Reykjavík

Okkur vantar flugvirkja



Eftirlitsmaður í lofthæfi- og skrásetningardeild

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í lofthæfi- og skrásetningardeild. Starfið felst í skrásetningu loftfara, lofthæfi þeirra og flugtæknilegra framleiðsluvara, vottun og eftirliti með fyrirtækjum sem annast viðhald og viðhaldsstýringu sem og þeim er annast kennslu flugvéltækna. Í starfinu getur einnig falið mat á umsóknum og afgreiðsla skírteina og tegundaáritana til flugvéltækna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Krafist er menntunar flugvéltækni með Part 66 skírteini eða tæknilegs náms á háskólastigi sem tengist lofthæfi loftfara
- A.m.k. fimm ára reynsla af viðhaldi eða viðhaldsstjórnun loftfara hjá fyrirtæki skv. kröfum EASA, þekking á hönnun loftfara og á EASA reglugerðum
- Umsækjandi þarf að tileinka sér mjög öguð vinnubrögð, þ.m.t. alþjóðlegar kröfur sem gilda í flugi
- Mjög góð tök á íslensku og ensku er skilyrði sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Færni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund, sjálfstæði og jákvæðni
- Sýna frumkvæði og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Umsóknarfrestur er til 29. maí 2017

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Upplýsingar um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar, www.samgongustofa.is

Samgöngustofa

samgongustofa.is | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

Knattspyrnusamband Íslands

Fjármálastjóri



Knattspyrnusamband Íslands (KSI) óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa. Um er að ræða áhugavert starf fyrir hvern þann sem hefur áhuga á að vinna í öflugum samstarfi með fólki sem vinnur að ástríðu við uppbyggingu á knattspyrnu á Íslandi.

Umsóknarfrestur

21. maí 2017

Helstu verkefni

- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum.
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Gerð mánaðaruppgjöra, uppgjöra verkefna og landsleikja.
- Umsjón með innheimtumálum.
- Ábyrgð og umsjón með launaútreikningi og launagreiðslum.
- Undirbúningur bókhalds til endurskoðanda.
- Gerð fjárhagsupplýsinga og umsókna til erlendra sambanda vegna styrkja.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5033

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Mjög góð þekking og reynsla af Navision bókhaldskerfi.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Afar góð greiningarhæfni og færni til að halda utan um töluleg gögn og miðlun upplýsinga.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Knattspyrnusamband Íslands (KSI) var stofnað árið 1947 og er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ, sem iðka og keppa í knattspyrnu. Skv. lögum KSI er hlutverk sambandsins m.a. að vinna að eflingu knattspyrnu í landin og sjá til þess að knattspyrnulögum og reglum KSI sé fylgt. Knattspyrna er fjölmennasta íþróttgreinin á Íslandi með vel yfir 20.000 skráða iðkendur og er um þriðjungur þeirra konur/stúlkur. Af heildarfjölda skráðra iðkenda af báðum kynjum eru um 15.000 fimmtán ára eða yngri. Á skrifstofu KSI, sem fer með daglegan rekstur sambandsins, starfa í dag 18 starfsmenn í fullu starfi auk vallarstarfsmanna og þjálfara.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

VAKTSTJÓRI FLUGVALLARÞJÓNUSTU

Helstu verkefni eru dagleg verkstjórn, flugverndargæsla, björgunar- og slökkviþjónusta flugvallarins. Eftirlit og viðhald með flugvallarmannvirkjum, flugbrautum, vélbúnaði og tækjum. Umsjón og framkvæmd snjóruðnings og hálkuvana sem og önnur störf tengd rekstri. Um er að ræða vaktavinnu.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verkstjórn
- Aukin ökuréttindi og vinnuvélaréttindi eru skilyrði
- Bifvéla- eða vélvirkjun eða önnur iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Almenn tölvukunnátta er skilyrði

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar. Umsækjendur þurfa að vera heilsuhaustir og kröfur eru gerðar til líkamlegs atgervis. Þeir verða að standast læknisskoðun og þrekpróf.

Upplýsingar um störfin veitir Hjördís Þórhallsdóttir umdæmisstjóri í síma **424 4370** eða í netfanginu hjordis.thorhallsdottir@isavia.is.

FLUGVALLAR- STARFSMAÐUR

Helstu verkefni eru eftirlit með flugvallarmannvirkjum og flugbrautum, flugverndargæsla, björgunar- og slökkviþjónusta. Framkvæmd snjóruðnings og hálkuvana. Eftirlit og viðhald á vélbúnaði og tækjum og önnur störf tengd rekstri flugvallarins. Um er að ræða vaktavinnu.

Hæfniskröfur:

- Aukin ökuréttindi og vinnuvélaréttindi eru skilyrði.
- Bifvéla- eða vélvirkjun eða önnur iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af slökkvistörfum, snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku
- Grunn tölvukunnátta er nauðsynleg



Gunnlaugur sér meðal annars um að öll ljós á Akureyrarflugvelli séu í góðu lagi. Hann er hluti af góðu ferðalagi.



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:
AKUREYRI

UMSÓKNARFRESTUR:
22. MAÍ 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

SÖLUFÓLK Í VERSLUN FULLT STARF OG SUMARSTARF

Ert þú eldhress, drifandi og með ríka þjónustulund? Þá ert þú starfskrafturinn sem við viljum vinna með. Aðalverkefni eru ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavinum ásamt vöruframsetningu.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstörfum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Þolinmæði, stundvísi og skipulagshæfileikar
- Umsóknarfrestur er til 21. maí

Nánari upplýsingar gefur Jens Harðarson verslunarstjóri í netfanginu jens@byggtoqbuid.is

Sótt er um á: byggtoqbuid.is/starfsumsokn

byggtoqbuid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOQBUID.IS



GRINDAVÍKURBÆR

Laus störf við leikskólann Laut

Sérkennslustjóra, deildarstjóra og leikskólakennara vantar til starfa í leikskólanum Laut í Grindavík frá 15. ágúst. Laun eru samkvæmt kjarasamningum leikskólakennara og sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leikskólinn er fimm deilda leikskóli fyrir börn frá 18 mánaða - 6 ára. Við erum „Skóli á grænni grein“ og vinnum eftir Uppbyggingarstefnunni - Uppeldi til ábyrgðar. Gleði, hlýja og virðing eru einkunnarorð skólans. Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans.

Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun
Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg.
Færni í samskiptum.
Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Vakin er athygli á því að ef ekki fæst leikskólakennari kemur til greina að ráða annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 420-1160 og 847-9859. Umsóknir berist til leikskólastjóra á netfangið frida@grindavik.is

Endurnýja þarf eldri umsóknir.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2017



Markaðs- og miðlarannsóknir

Sérfræðingur á sviði markaðsrannsókna

MMR býður upp á allhliða þjónustu á sviði markaðsrannsókna og starfar fyrir leiðandi markaðsfyrirtæki, innlend sem erlend. **Við leitum nú að** hæfileikaríkum sérfræðingum til að takast á við fjölbreytt rannsóknaverkefni mað áherslu á megindlegar aðferðir.

Verkefni sérfræðinga eru meðal annars:

- Mótun og uppsetning rannsóknaverkefna
- Framsetning og kynning rannsóknarniðurstaðna
- Samskipti við viðskiptamenn

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa mjög góða ritfærni og íslenskukunnáttu
- Háskólamenntun með áherslu á rannsóknaraðferðir félagsvísinda (s.s. á félagsvísindasviði eða í viðskiptafræði)
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Starfið krefst haldgóðrar þekkingar á SPSS og Excel
- Þekking á einhversskonar forritun kostur en ekki skilyrði

Öllum umsækjendum er heitið fullum trúnaði.

Ráðið verður í starfið þegar rétta umsóknin dettur í hús - æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendist til Ólafs Pórs Gylfasonar, framkvæmdastjóra MMR, á olafur@mmr.is

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32 / 108 Reykjavík



Bláskógaskóli
Reykholti

Lausar stöður í Bláskógaskóla Reykholti

Staða aðstoðarskólastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á ART þjálfun og teymiskennslu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á skólaþróun er skilyrði.

Staða umsjónarkennara á unglíngastigi

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Ánægja af að vinna með unglíngum og áhugi á skólaþróun.

Áherslu skólans eru á teymiskennslu og fjölbreytta kennsluhætti. Æskilegt er að umsækjendur kunnir skil á ART þjálfun og hafi ánægju af nánu samstarfi við aðra. Í Bláskógaskóla í Reykholti eru tæplega 80 nemendur í 1.-10. bekk.

Umsækjendur þurfa að skila sakavottorði. Laun eru skv. kjarasamningi KÍ og LN.

Staða stuðningsfulltrúa

Stuðningsfulltrúa vantar 100% starfshlutfall. Vinnutími frá kl. 8:30. Helstu verkefni eru gæsla í hádegi og frímínútum, vinna með nemendum í skólaseli/frístund og stuðningur við nemendur með sérþarfir. Umsækjendur þurfa að skila sakavottorði. Laun eru skv. kjarasamningi LN og stéttarfélags viðkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hreinsdóttir, skólastjóri, í síma 480 3020 eða 898 5642.

Umsóknarfrestur er til sunnudagsins 21. maí 2017.

SAMKAUP STRAX BÚÐARDAL VAKTSTJÓRI OG SUMARAFLEYSINGAR

Verslunin Samkaup Strax Búðardal leitar að öflugum starfskröftum í eftirtalin störf

- Vaktstjóra
- Starfsmenn í sumarafleysingar
- Starfsmenn í vaktavinnu

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árvekni í hvívetna.

Umsóknir sendist á budardalur@samkaupstrax.is
Umsóknarfrestur er til 21. maí nk.

Allar nánari upplýsingar veitir:

Ingvar Kristján Bæringsson verslunarstjóri á staðnum eða í síma 861-5462



Samkaup strax



HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra í akstur hjá ferðapjónustu fatlaðs fólks og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu

Starfshlutfall: fullt starf / hlutastarf.
Dagsetning ráðningar: Sem fyrst.
Vinnutími: Eftir samkomulagi.

Hæfniskröfur: Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1). Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

HVETJUM KONUR JAFNT SEM KARLA TIL AÐ SÆKJA UM

Hægt er að senda inn umsóknir á gusti@hopbilar.is eða palmar@hopbilar.is. Einnig hægt að hafa samband við Ágúst í síma 8220073.



Barnaverndarstofa

Sumarafleysingar á Lækjarbakka

Laus störf við meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakka, 851 Hellu. Um er að ræða sumarafleysingar frá júní til ágústloka. Unnið er á vöktum. Meginverksvið er þátttaka í grundvallarmedferð unglunga undir leiðsögn forstöðumanns, dagskrárstjóra og hópstjóra. Jafnframt skal viðkomandi taka virkan þátt í öllum heimilisstörfum og öðrum tilfallandi verkefnum. Leitað er eftir einstaklingum með góða samskiptahæfni og reynslu af störfum með unglungum.

Frekari upplýsingar veitir Yngvi Karl Jónsson, forstöðumaður Lækjarbakka, í síma 487-5164 eða netfangið yngvi@bvs.is.

Laun skv. kjarasamningum SFR og ríkisins.

Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk.



Starfsfólk á orkusvið

Vegna aukinna umsvifa óskar EFLA eftir að ráða í tvö störf á orkusviði.

Orkumálaráðgjöf

EFLA leitar að rafmagnsverkfræðingi með þekkingu á kerfisgreiningum og háspennu. Starfið mun felast í ráðgjöf við flutningsfyrirtæki og veitufyrirtæki. Nánari upplýsingar um starfið gefur Kolbrún Reinholdsdóttir, kolbrun.reinholdsdottir@efla.is eða í síma 412-6149.

- M.Sc gráða í rafmagnsverkfræði af háspennusviði
- Þekking á vinnslu gagnagrunna er kostur
- Þekking á kerfisgreiningum nauðsynleg
- Reynsla af raforkukerfum er kostur

Raforkukerfi

EFLA leitar að rafmagnsverk- eða tæknifræðingi á fagsvið raforkukerfa. Nánari upplýsingar um starfið gefur Eggert Þórgírmsson, eggert.thorgirimsson@efla.is eða í síma 412-6072.

- Háskólamenntun í rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði af háspennusviði
- Reynsla af raforkukerfum er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Almenn hæfni

- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, Norðurlandamál er kostur

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 21. maí næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur

21. maí 2017

Nánari upplýsingar

412 6000 eða job@efla.is

Farið verður með allar

umsóknir sem trúnaðarmál

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbrigðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍPJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND

ERT ÞÚ OKKAR VEFSTJÓRI?

Penninn Eymundsson óskar eftir frábærum og kraftmiklum vefstjóra!
Vefstjóri mun starfa á markaðssviði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Umsjón, þróun og þjónusta með innri og ytri vefjum fyrirtækisins.
- Umsjón með leitarvélabestun (SEO) og auglýsingum á leitarvélum.
- Umsjón með vefmælingum.
- Umsjón með vefverslun.
- Önnur tilfallandi vefverkefni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vefumsjónarkerfum | Drupal.
- Mjög gott vald á íslensku og færni í framsetningu á efni fyrir vefi.
- Geta lesið úr vefmælingum og leitarvélabestun.
- Sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni.
- Frumkvæði í starfi og góðir samskiptahæfileikar.
- Þekking á Navision er kostur.

Vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu Pennans.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Halldórsdóttir, hildurh@penninn.is

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.



Eymundsson



VILTU VINNA Í FALLEGRI FATAVERSLUN?

Við leitum að metnaðarfullum starfsmönnum bæði í Companys Kringlunni og Karakter Smáralind.

- Fullt starf í sumarfléysingar
- Framtíðarstarf frá 12 - 18/19 alla virka daga (aðstoðar verslunarstjóri)
- Fast aukastarfsfólk

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á helga@ntc.is

COMPANYS
KARAKTER
KONUR

Starfsmaður á þjónustuverkstæði

Fyrirtæki á sviði innflutnings á tækjum og búnaði fyrir veitingahús og matvælaíðnað óskar eftir að ráða starfsmann á viðgerðarverkstæði. Starfið er fólgið í almennum viðgerðum og viðhaldi á tækjum og ásamt uppsetningu á nýjum tækjum.

Leitað er að einstaklingi með þekkingu á tækjum fyrir veitingahús ásamt reynslu og áhuga sem nýtist í starfinu.

Umsóknir óskast sendar á: asgeir@geirihf.is



Bildshöfði 16 | Sími 511-2030 | www.geirihf.is

Vopnafjarðarskóli



Vopnafjarðarskóli auglýsir

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara og kennara yngri barna næsta skólaár, 2017-2018. Skólinn er heilsuefandi grunnskóli og er með fleiri íþróttatíma en ætlast er til. Við skólann er ágætt íþróttahús með heilsurækt. Umf.Einherji heldur uppi öflugu íþróttastarfi og möguleikar eru á íþróttapjálfun samhliða í þróttakennslunni

Flutningsstyrkur og húsnæðishlunnindi eru í boði.

Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8614256, adalbjorn@vopnaskoli.is og aðstoðarskólastjóri í síma 8489768, sirra@vopnaskoli.is

Starfsmaður í eldhús

Við leitum að jákvæðum og glaðlyndum einstaklingi sem hefur ánægju af því að gefa svöngu fólki hollan og góðan mat að borða.

Viðkomandi þarf að geta leyst matreiðslumann af, meðal annars í sumarfríum, og því leitum við að einstaklingi sem er menntaður matráður eða hefur reynslu af eldamennsku fyrir stóran hóp.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoð við undirbúning hádegisverðar og kaffitíma
- Áfyllingar og afgreiðsla
- Uppvask og frágangur

Í fjarveru matreiðslumanns

- Matreiðsla á hádegisverði fyrir 70-90 manns
- Yfirumsjón með morgun- og síðdegiskaffi
- Umsjón með mat- og veisluföngum fyrir fundi og uppkomur

Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu eða tilheyrandi menntun
- Áhugi á heilsuefandi matargerð
- Snyrtimennska áskilin
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

Starfshlutfall er 75%. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Mötuneyti ÁTVR er að Stuðlahálsi 2.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar veita:

Ingvar Már Helgason – eldhus@vinbudin.is, 560 7700 og Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700

Við óskum einnig eftir fólki í sumarfléysingar við afgreiðslu í Vínbúðir um allt land. Nánari upplýsingar á vinbudin.is

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsuefandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



Jafnlaunaúttekt
PwC 2016

VÍNBÚÐIN



Talmeinafræðingur

Laus er til umsóknar staða talmeinafræðings og er starfshlutfall samkomulagsatriði.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu. Óskað er eftir einstaklingum með færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Fræðagarðs og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórunn Hanna Halldórsdóttir yfirtalmeinafræðingur, thorunnh@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 28. maí 2017

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



LÍÐSAUKI ÓSKAST


Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum liðsauka á verkstæði okkar.

STARFSMAÐUR Á BREYTINGAVERKSTÆÐI

Við leitum að starfsmanni með góða þekkingu en ekki síst brennandi áhuga á jeppum og jeppabreytingum. Reynsla af breytingavinnu er æskileg og iðnmenntun er kostur.

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Umsóknir sendist á netfangið umsokn@arctictrucks.is. Upplýsingar veitir Hallveig Andrésdóttir, sími 540 4911. Umsóknarfrestur er til 21. maí.

Kletháls 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is



VERKEFNASTJÓRI

Eimskip leitar að verkefnastjóra til starfa í ferlastýringu sem er hluti af fjármála- og rekstrarsviði félagsins. Eitt meginhlutverk ferlastýringar er að styðja við stöðugar umbætur í rekstri fyrirtækisins og auka þannig skilvirkni. Lögð er áhersla á hagnýtingu straumlínustjórnunar með það markmið að einfalda vinnuferla og koma á sjálfvirkni þar sem við á. Verkefnastjóri í ferlastýringu sinnir umbótavinnu á meginferlum félagsins og vinnur náið með afkomu- og rekstrareiningum.

Í STARFINU FELST MEÐAL ANNARS:

- Virk þátttaka í greiningu viðskiptaferla og umbótum á þeim með áherslu á að skapa verðmæti fyrir viðskiptavinum
- Fjölbreytt umbótaverkefni þvert á deildir og svið fyrirtækisins með áherslu á að draga úr sóun og auka skilvirkni
- Samræming, stýring og utnumhald umbótaverkefna

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af straumlínustjórnun, ferlaskráningu og ferlagreiningu
- Reynsla af verkefnastjórnun eða sambærilegum störfum
- Hæfni til að leiða hópavinnu og leiðbeina öðrum
- Reynsla af undirbúningi og stjórn vinnustofa
- Góð greiningarhæfni og gagnrýnið hugarfar
- Færni í faglegri framsetningu ferla, gagna og niðurstaðna
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og fagmennska í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2017.

Sótt er um starfið á vef Hagvangs, www.hagvangur.is

Nánari upplýsingar veita Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is og Sigríður Guðmundsdóttir, srr@eimskip.is

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.



Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

Viltu hjálpa okkur að breyta því hvernig Íslendingar borga fyrir vörur og þjónustu?

Framtíðin er hér, borgaðu með símanum! Netgíró er ungt tæknifyrirtæki sem hefur það að markmiði að bjóða neytendum á Íslandi einfaldan, öruggan og þægilegan rafrænan greiðslumáta sem hægt er að nota bæði í verslunum og á netinu.

■ Markaðsfulltrúi

Ertu á heimavelli í Google Adwords, Analytics og Facebook Business Manager?

Netgíró leitar að talnaglöggu einstaklingi með gott auga fyrir útliti og texta. Meðal verkefna er að setja inn og greina árangur auglýsinga auk annarra verka sem tengjast markaðsstarfi fyrirtækisins. Viðkomandi mun vinna þétt með markaðsteymi Netgíró og þarf að geta unnið hratt og skipulega með mikið af gögnum og ennfremur að geta átt lipur og skilvirk samskipti.

Góð reynsla í notkun Google Adwords, Google Analytics og Facebook Business Manager er algert skilyrði. Ef þú uppfyllir það erum við að leita að þér.

■ Þjónustufulltrúi

Við leitum að röddinni sem getur hjálpað viðskiptavinum okkar. Ert þú sú rödd?

Netgíró leitar að þjónustufulltrúa sem getur aðstoðað viðskiptavinum okkar eftir fremsta megni. Fulltrúinn okkar þarf að vera lausnamiðaður, lipur, skilvirkur og kátur. Viðkomandi mun svara símtölum frá viðskiptavinum okkar jafnt fyrirtækjum sem og einstaklingum.

Það væri frábært ef viðkomandi væri með reynslu af slíkum störfum, væri með stúdentspróf eða annað nám sem nýtist í starfi. Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.



Áhugasamir vinsamlegast sendi upplýsingar um sig og fyrri reynslu á helgi@netgiro.is fyrir 22. maí.

Netgíró er framsækið fyrirtæki og fremst í flokki íslenskra fjármálatæknifyrirtækja! Hjá fyrirtækinu starfa 31 ofurhugar.

Vinnumálastofnun

Ráðgjafar á höfuðborgarsvæðinu



Vinnumálastofnun óskar eftir að ráða tvo ráðgjafa á höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafi þjónustar atvinnuleitendur og atvinnurekendur með það að markmiði að vinna gegn atvinnuleysi. Í starfi sínu þarf ráðgjafi að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og myndað tengsl við ólíka aðila til að vinna að hagsmunum atvinnuleitenda og atvinnulífs.

Leitað er eftir einstaklingi sem á auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.** Einnig þarf viðkomandi starfsmaður að vera tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni og búa yfir ríkri samskipta- og skipulagshæfni.

Helstu verkefni:

- Almenn ráðgjöf og vinnumiðlun
- Ráðgjöf við náms- og starfsval
- Skráningar og upplýsingamiðlun
- Kynningar, starfsleitarfundir og námskeið
- Koma á og viðhalda tengslum við fyrirtæki
- Koma á og viðhalda tengslum við ólíka samstarfs- og hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, þroska- þjálfunar, iðjuþjálfunar eða önnur menntun á félags- og heilbrigðisviði
- Reynsla af ráðgjöf og vinnumiðlun
- Samskipta- og skipulagshæfni
- Þekking af atvinnulífi svæðisins er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2017.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: www.starfatorg.is. Starfið er með númerið 201705/897.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita: Hrafnhildur Tómasdóttir, sviðsstjóri ráðgjafar- og vinnumiðlunar og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri í síma 515 4800 eða með fyrirspurn á netföngin: hrafnhildur.tomasdottir@vmst.is; vilmar.petursson@vmst.is;

Krfa hönnuastofa | www.krfa.is

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki

Vinnumálastofnun Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 480

www.vmst.is



Gerdaskóli er rúmlega 200 barna skóli í Sveitarfélaginu Garði.

Gildi skólasamfélagsins í Garði eru: Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun, ábyrgð.

Okkur vantar starfsfólk í eftirtalin störf.


Kennara:

- Stærðfræði á unglíngastigi
- Kennara á yngsta stig
- Hönnun og smíði
- Íslensku sem annað mál

Proskapjálfa

Umsóknarfrestur er til 25. maí. Umsóknir, ásamt ferilskrá og upplýsingum um umsagnaraðila berist á netfangið johann@gerdaskoli.is eða ragnhildur@gerdaskoli.is

Heimasíða skólans er gerdaskoli.is og sími 4227020 Nánari upplýsingar veitir Jóhann Geirdal skólastjóri s. 8984808



Stundakennari í aðferðafræði óskast

Starfssvið

Háskólinn á Bifröst auglýsir eftir stundakennara í aðferðafræði í félagsvísindum. Um er að ræða tvö námskeið, annað á haustönn og hitt á vorönn. Kennsla fer fram bæði í fjarnámi og staðnámi á Bifröst.

Hæfni og menntunarkröfur


Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af rannsóknum í félagsvísindum og þekkja vel til eiginlegra og megindlegra aðferða. Doktorspróf er æskilegt.

Umsóknarfrestur er til 20. maí n.k.

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið skal senda á staðgengil deildarforseta félagsvísindadeildar, Magnús Árna Skjöld Magnússon magnus@bifrost.is

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



TOYS"R"US in the Nordic Countries is a popular megastore chain selling high-quality children's toys. We are known for our broad range of products and competitive prices while focusing on excellent customer service. Altogether we have over 50 stores in five different countries. TOYS"R"US is a part of TOP-TOY A/S Group. You can read more about us at www.toysrus.is.

Our store in Reykjavik is now looking for an **ASSISTANT STORE MANAGER**

Working in close cooperation with the Store Manager, you will be in charge of the daily functions in the store. Your responsibilities will include the following:

- Recruiting, motivating and guiding the new and existing employees
- Being involved in sales, customer service, stock and keeping up the appearance of the store -Making sure the store is always at top condition and that the shelves are filled with relevant items, depending on the season
- Providing continuous feedback to employees by recognizing and rewarding successful performance and addressing performance-related problems
- Supervising all pricing and signing activities throughout the store
- Total store maintenance, including interior, exterior, equipment and grounds
- Acting as a role model of appropriate loss prevention
- Supervision and follow-up with other departments in Store Manager's absence

You take on all tasks with enthusiasm and you are no stranger to physical work either. You have the will and energy to constantly develop in a rapidly growing organisation, which offers great career opportunities.

You are the person we are seeking, if you:

- Have some previous retail experience
- Possess natural leadership skills
- Know the meaning of good customer service and have the ability to inspire staff
- Are positive, confident and energetic by nature
- Have a sales oriented attitude that will guide other employees to great results
- Can express yourself in English



Our company culture is youthful, result oriented and down to earth. We offer a versatile job in the biggest toy retailer in the Nordic Countries, a competitive salary, result based bonus and many staff benefits. Our staff management is based on employee development in a positive atmosphere, the focus being on making children happy.

The employment is full time and will begin in June.

For further information on the position, please contact **Sigurður Þorgeir Jónsson** sijon@toysrus.is, tel. 5500800. If you are interested in the job and ready to take on new challenges, send your application as soon as possible in English to: mke@top-toy.com



Hjúkrunarfræðingur á tauga- og hæfingarsvið

Laus er til umsóknar 60% staða hjúkrunarfræðings á tauga- og hæfingarsviði frá og með 8. ágúst 2017 eða eftir nánara samkomulagi.

Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi og þarf viðkomandi að búa yfir þekkingu á taugasjúkdómum og meðferð þeirra ásamt ríkri hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðis í starfi.

Laun byggja á kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið gefa Hafdis Gunnbjörnsdóttir, hjúkrunarstjóri tauga- og hæfingarsviðs í síma 585-2107 hafdisg@reykjalundur.is og Lára M. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóra hjúkrunar í síma 585-2129 laras@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 28. maí 2017.

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



SPENNANDI TÆKIFÆRI HJÁ HÚSASMIÐJUNNI

Leitum að metnaðarfullum aðilum til starfa í nýrri Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjalarvogi

Sölumaður glugga og hurða

Ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina

Hæfniskröfur

- Þekking á byggingavörum kostur
- Frumkvæði og geta til að finna lausnir
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta

Sölumaður pípulagnaefnis og hreinlætistækja

Ábyrgðarsvið

- Sala, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Tiltekt pantana og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla af pípulögnum kostur
- Samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Sölumaður verkfæra og festinga

Ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina

Hæfniskröfur

- Þekking á byggingavörum kostur
- Þekking á verkfærum kostur
- Frumkvæði og geta til að finna lausnir
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni

Sölumenn í sumarafleysingar

Ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina

Hæfniskröfur

- Þekking á byggingavörum kostur
- Frumkvæði og geta til að finna lausnir
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking**

**Umsóknir berist
fyrir 21. maí n.k.
og sendast til
atvinna@husa.is**

Vinsamlega takið fram hvaða starf sótt er um

Byggjum á betra verði



ALVA | Digital banking. Redefined.

SÉRFRÆÐINGUR ALÞJÓÐASVIÐS

Viðkomandi mun vinna að stækkun ALVA og dótturfélaga á alþjóðavísu. Meðal verkefna er að teikna upp vegakort stækkunar, með áherslu á tiltekin lönd. Starfið felur í sér samskipti þvert á öll svið ALVA; tæknimál, fjármál, markaðsmál, þjónustusvið og fleira.

Við leitum að manneskju sem hefur

- ♦ Reynslu af því að stýra þróun tæknilegra verkefna og vöruþróunar
- ♦ Reynslu af alþjóðlegum rekstri
- ♦ Reynslu af því að stýra og reka tæknilega flókin verkefni
- ♦ Gott auga fyrir smáatriðum og reynslu af því að halda mörgum mikilvægum boltum á lofti í einu
- ♦ Hæfni til þess að vinna í hröðu umhverfi sem kallar stöðugt á nýþróun og sköpun
- ♦ Hæfni til þess greina og vinna með gögn og þróa viðskiptalíkön

Hæfniskröfur

- ♦ Háskólapróf í viðskiptum, hagfræði, raungreinum, verkfræði, tæknifræði eða svipuðum greinum
- ♦ 5 ára starfsreynsla í viðskiptaþróun
- ♦ Reynsla af ítarlegri gagnagreiningu og skýrslugerð
- ♦ Gott auga fyrir smáatriðum
- ♦ Hæfni í mannlegum samskiptum
- ♦ Hæfni í að vinna í hóp

MÓTTÖKURITARI

Við leitum að öflugum starfsmanni í móttöku félagsins ásamt fleiri verkefnum. Okkur vantar jákvæðan og kröftugan einstakling sem mun sinna almennri afgreiðslu í móttöku ásamt fleirum verkefnum á fjármálasviði félagsins. Um er að ræða 100% framtíðarstarf.

Starfssvið

- ♦ Almenn afgreiðsla í móttöku
- ♦ Pantanir til birgja og annar rekstur á skrifstofu
- ♦ Innlestur, uppfærslur og afstemmingar í bókhaldi

Hæfniskröfur

- ♦ Rík þjónustulund
- ♦ Góð samskiptahæfni
- ♦ Fagmannleg framkoma
- ♦ Góð almenn tölvukunnátta og góð kunnátta á excel nauðsynleg
- ♦ Nákvæm, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- ♦ Reynsla af DK bókhaldi er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí en umsóknir ásamt kynningarbréfi skal senda á job@alva.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



NETTÓ GRANDA LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSKRÖFTUM

Nettó Granda leitar að öflugum starfskröftum í eftirtalin störf:

- Starfsmönnum á dagvaktir
- Starfsmönnum á kvöldvaktir
- Starfsmönnum á næturvaktir
- Starfsmönnum á helgarvaktir
- Starfsmönnum í sumarafleysingar
- Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árvekni í hvívetna.

Umsóknir sendist á grandi@netto.is

Umsóknarfrestur er til 21. maí nk.

Allar nánari upplýsingar veitir: Ari Páll Samúelsson, verslunarstjóri í síma: 773 - 3007

nettó

Endurskoðun aðalskipulags Eyja- og Miklaholtshrepps, verkefni- og matslýsing.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember 2016 að ráðast í endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Gefin hefur verið út lýsing fyrir verkefnið þar sem gerð er grein fyrir tilgangi, helstu forsendum og áætluðu ferli endurskoðunarinnar. Lýsingunni er ætlað að auðvelda íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta, að taka þátt í mótun endurskoðaðs aðalskipulags og koma ábendingum á framfæri sem varða nálgun og efni verkefnisins.

Lýsinguna má sjá á vef sveitarfélagsins, www.eyjaogmikla.is.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér efni lýsingarinnar og koma ábendingum á framfæri með því að senda þær á netfangið eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is í síðasta lagi 4. júní 2017.

Gerð og kynning ofangreindrar lýsingar er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.



Áltak ehf. - Völsunarverksmiðja Óskum eftir að ráða duglegan og kraftmikinn starfsmann í völsunarverksmiðju Áltaks.

Starfið felst í:
Framleiðslu á báruáli og öðrum klæðningum úr völsunarvélum Áltaks. Viðhaldi og umhirðu véla auk annarra tilfallandi fjölbreyttra verkefna.

Hæfniskröfur:

- Lausnamiðuð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og snyrtimennska
- Menntun í Málmsmíði og reynsla af vélbúnaði er kostur
- Stundvísi
- Góð líkamleg heilsa

Áltak byggir á samhentum og jákvæðu starfsfólki sem hefur gæði og þjónustu að leiðarljósi.

Áhugasamir sendið inn umsóknir eða hafið samband við gummi@altak.is fyrir 26. maí n.k.

KANNTU LISTINA AÐ SELJA?

ÍSAM leitar eftir sölumanni í 100% framtíðarstarf

STARFSLÝSING

- Sala og ráðgjöf í veitingahús, hótél og mótuneyti
- Þátttaka í skipulagningu vörukynninga og söluherferða
- Verða hluti af uppbyggingu deildarinnar til framtíðar
- Birgjasamskipti

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Sveinspróf í matreiðslu
- Reynsla af sölu æskileg
- Rík þjónustulund og samstarfshæfni
- Áreiðanleiki og skipulagshæfni
- Þarf að geta sýnt frumkvæði
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta



Nánari upplýsingar veitir
Hjálmar Örn Erlingsson í síma 856-2760
Umsóknir sendist til mannaússtjóra á
helga@isam.is fyrir 27.maí



RAFSTUÐ Í LEIGUMARKAÐNUM

Leigumarkaðurinn leitar eftir öflugum liðsmanni til að sinna þjónustuviðgerðum á rafmagnstækjum og almennu viðhaldi á leigutækjum. Um er að ræða fjölbreytta flóru tækja frá hinum ýmsu framleiðendum auk þess sem Leigumarkaðurinn heldur utan um ábyrgðarþjónustu á rafmagnsverkfærum frá Bosch.

Hæfniskröfur

- Menntun í rafvirkjun, rafeindavirkun, rafvélavirkjun eða sambærilegu
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Þjónustulund og góð mannleg samskipti
- Áhugi til að efla og þróa rafmagnsverkstæðið

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ívar Jón Arnarsson
afgreiðslustjóri Leigumarkaðar BYKO í Breidd, ivarjon@byko.is

Frestur til 22. maí 2017.

Sótt er um á <http://umsokn.byko.is>



LEIGUMARKAÐUR BREIDD



Verkefna og starfsmannastjórn

Leitum að öflugum aðila í fjölbreytt starf til að annast starfsmannamál og verkefnastjórn með þrifum, morguverði og veitingarstað hótelsins.

Starfslýsing:

- Umsjón með starfsmannamálum
- Skipulag vakta og verkstjórn
- Umsjón með innkaupum í eldhúsi og hreinlætisvörum fyrir þrif og þvottahús
- Setja upp gæðakerfi og verkferla fyrir eldhús, þrif og hreinlæti á hótelinu
- Vinnutími samkvæmt samkomulagi

Hæfniskröfur:

- Reynsla af starfsmannastjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki og frumkvæði
- Enskukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskár sendist á netfangið hotelairport@hotelairport.is

Aurora Star Hotel ehf

Blikavelli 2 - 235 Keflavík Airport
sími 595 1900 - www.hotelairport.is

SKOLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi



Á Heilsuleikskólanum Kór er lögð áherslu á faglegt og metnaðarfullt starf með börnunum. Starfsmannahópurinn okkar einkennist af eldmóð, samvinnu og lausnaleit.

Lausar stöður eru:

- **Deildarstjóra 100% starf**
- **Leikskólakennara, þroskaþjálfra og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni til að sinna stuðningi í 100% starf eða hlutastarf**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf eða hlutastarf**

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda heilsuleikskóli með um 120 börn. Leikskólinn starfar eftir Heilsustefnunni og viðmiðum Heilsueflandi leikskóla og leggur ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólalag og öflugt lærdóms-samfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Skólinn fylgir sameiginlegum matseðli í takti við Næringarstefnu Skóla ehf. sem hlaut tilnefningu til Orðsporsins 2014 og Fjöreggs NMÍ 2015. Framundan eru ýmis spennandi tækifæri fyrir áhugasamt fólk í tengslum við þróunarverkefni o.fl.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!

Umsóknarfrestur er til 27. maí nk.

Nánari upplýsingar veitir Bjarney K. Hlökkversdóttir skólastjóri, á kor@skolar.is og/eða í síma 570-4940.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni okkar <http://skolar.is/Starf/>

Heilsuleikskólar Skóla ehf. eru:
Hamravelli í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ,
Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og Ungbarnaleikskólinn
Ársól í Reykjavík.

Staða sérfræðings hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Sérfræðingnum er ætlað að vinna að útreikningi framlaga sjóðsins, ásamt því að sinna öðrum verkefnum á málefnasviði sjóðsins og skrifstofu sveitarstjórnarmála sem sjóðurinn heyrir undir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, hagfræði eða sambærilegt
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á málefnum sveitarfélaga æskileg
- Góð reynsla af vinnu með fjárhagsupplýsingar
- Mjög góð kunnátta í excel bæði til öflunar og úrvinnslu upplýsinga og gerð líkana
- Góð íslenskukunnátta og hæfni í framsetningu upplýsinga
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund, jákvæðni og góð hæfni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármálaráðherra.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Geir Einarsson í síma 545 8200.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 22. maí nk.

Umsóknir skal senda á netfang ráðuneytisins: starf@srn.is

Ef ekki eru tók á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545-8200



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|-----------------------------------|---|---------------|------------|
| Yfirsálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201705/920 |
| Félagsráðgjafi | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201705/919 |
| Sérfr. í gjörgæslu-/bráðahjúkrun | Landspítali, menntadeild | Reykjavík | 201705/918 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201705/917 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautask. í Breiðholti, starfsbraut | Reykjavík | 201705/916 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201705/915 |
| Eftirlitsmaður | Samgöngustofa | Reykjavík | 201705/914 |
| Löglærður fulltrúi sýslumanns | Sýslumannsemb. á Norðurl. eystra | Húsavík | 201705/913 |
| Fulltrúi | Verkmenntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201705/912 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201705/911 |
| Verkefnastjóri framhaldsskólalad. | Framhaldsskólinn á Laugum | Þórshöfn | 201705/910 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Framhaldsskólinn á Laugum | Laugar | 201705/909 |
| Íþróttakennari | Framhaldsskólinn á Laugum | Laugar | 201705/908 |
| Bókasafns- og uppl.fræðingur | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201705/907 |
| Sumarafleysing í eldhúsi | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201705/906 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Barnaspítali Hringins | Reykjavík | 201705/905 |
| Framhaldsskólakennarar | Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201705/904 |
| Líf-/lífeinda-/lífefnafræðingar | Landspítali, Blóðbankinn | Reykjavík | 201705/903 |
| Markaðs- og kynningarstjóri | Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild | Reykjavík | 201705/902 |
| Embætti sóknarprestis | Biskupsemb., Dómkirkjuprestakall | Reykjavík | 201705/901 |
| Sjúkraliði | Landspítali, skilunardeild | Reykjavík | 201705/900 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, skilunardeild | Reykjavík | 201705/899 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201705/898 |
| Ráðgjafar | Vinnumálastofnun | Höfuðb.svæðið | 201705/897 |
| Starfsmaður í ræstingar | Héraðsdómur Suðurlands | Selfoss | 201705/896 |
| Kennsla og námsráðgjöf | Framh.skólinn í A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201705/895 |
| Starfsmaður í ræstingar | Sýslumaðurinn á Vesturlandi | Borgarnes | 201705/894 |
| Starfsmaður í þvottahús | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201705/893 |
| Starfsmaður í ræstingu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201705/892 |
| Embætti prestis | Biskupsembættið, Gleráprestakall | Eyfjörður | 201705/891 |
| Iðju- eða þroskaþjálfari | Menntaskólinn á Tröllaskaga | Ólafsfjörður | 201705/890 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Sauðárkrókur | 201705/889 |
| Sálfræðingur | Fangelsismálastofnun, Litla-Hraun | Eyrbakkí | 201705/888 |

LAUS STAÐA LEIKSKÓLASTJÓRA Á KIRKJUBÓLI

Staða leikskólastjóra við leikskólann Kirkjuból í Garðabæ er laus til umsóknar. Leikskólinn er þriggja deilda og vinnur samkvæmt áherslum fjölgreindakenninga Howards Gardner. Einkunnarorð leikskólans eru virðing, vinátta og væntumþykja.

Leitað er að leikskólastjóra til að leiða skólastarfið í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Leikskólastjóri tekur einnig þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar.

Helstu verkefni:

- Að vera faglegur leiðtogi
- Að bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi leikskólans, stjórna daglegri starfsemi hans og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu leikskólans
- Að vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi þar sem vellíðan er tryggð og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín

Menntunar og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf
- Góðir skipulagshæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Sveigjanleiki og framsýni
- Hæfni í samskiptum

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun ásamt reynslu hans sem stjórnanda og þeim verkefnum sem hann hefur unnið að og lýsa færni hans til að sinna starfi leikskólastjóra. Umsækjandi þarf einnig að skila greinargerð með hugmyndum sínum um starfið og hvernig hann sér Kirkjuból þróast í skólasamfélagi Garðabæjar undir sinni stjórn.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2017.

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2017.

Nánari upplýsingar um starfið veita Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, netfang halldorapet@gardabaer.is eða í síma 5258500 og Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang margretsv@gardabaer.is eða í síma 5258500.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um rafrænt á ráðningavef Garðabæjar www.gardabaer.is.



Brunahönnun slf óskar eftir brunavarnaverkfræðingi.

Brunahönnun er lítið en öflugt fyrirtæki á sviði brunavarnaráðgjafar sem leggur áherslu á praktískar lausnir í brunavörnum og greiningarvinnu í samræmi við þarfir verkefna og viðskiptavina. Fyrirtækið býr að stórum reynslubanka úr fjölbreyttum verkefnum og verkefnastaðan fer vaxandi. Framundan eru mörg spennandi verkefni.

Óskað er eftir sjálfstæðum og þjónustulíprum einstaklingi með grunnmenntun og/eða reynslu á sviði brunavarnaverkfræði. Upplýsingar um starfið gefur Gunnar H. Kristjánsson í síma 662-5990. Öllum umsóknum verður svarað. Laun verða vel árangurs tengd og því er um gott tækifæri að ræða fyrir öflugan aðila. Brunahönnun slf er með heimasiðuna; www.brunahonnun.com þar sem hægt er að kynna sér starfsemi fyrirtækisins.



ATVINNA

SLÁTTU- OG GARÐAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS EHF

Slattu- og garðapjónusta Suðurlands ehf sem er að hefja 25. starfsárið óskar eftir laghentum manni til reksturs fyrirtækisins í sumar. Unnið er á Selfossi og nágrenni.

- Góð trygging og árangurstengd laun
- Gott tækifæri fyrir duglegan mann
- Vélaréttindi kostur
- Möguleg eignaraðild á fyrirtækinu til lengri tíma

Allar frekari upplýsingar veitir :
Jónas Guðmundsson s: 824-0892
slattuthjonusta@gmail.com



MOSFELLSBÆR

Forstöðumaður menningarmála

MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR EFTIR ÖFLUGUM FORSTÖÐUMANNI MENNINGARMÁLA OG BÓKASAFNS

Forstöðumaður menningarmála og bókasafns Mosfellsbæjar stýrir starfsemi bókasafnsins í samræmi við lög og reglugerðir. Forstöðumaður menningarmála hefur yfirumsjón með starfsemi Bókasafns og Listasalar Mosfellsbæjar. Hann er verkefnastjóri viðburða og starfsmaður Menningarmálanefndar.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræðum eða sambærilegu námi er skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Haldbær reynsla í verkefnastjórnun og skipulagningu viðburða er æskileg
- Hugmyndaauði og skýr framtíðarsýn er skilyrði
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga er æskileg
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli er skilyrði
- Framúrskarandi tölvukunnátta og þekking á helstu forritum er skilyrði
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til 02. júní 2017.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasiðu Mosfellsbæjar en auk þess veitir Aldís Stefánsdóttir, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

Myndlistaskólinn í Reykjavík – tvö störf laust til umsóknar

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir starf deildarstjóra barna- og unglingsdeildar laust til umsóknar. Deildarstjórinn ber ábyrgð á öllu starfi sem fram fer innan deildarinnar; skipuleggur fjölbreytt námskeið fyrir börn á aldri 4-16 ára á öllum starfsstöðvum skólans, ræður kennara og heldur utan um innlend jafnt sem alþjóðleg samstarfsverkefni sem deildin er þátttakandi í. Um er að ræða 70% starf en mögulegt er að auka starfshlutfallið með kennslu.

Við leitum að lausnamiðaðum og metnaðarfullum myndlistarmanni eða hönnuði með menntun í listkennslufræðum og réttindi til að starfa sem kennari á leik- eða grunnskólastigi. Viðkomandi þarf að hafa til að bera frjóa hugsun, góða skipulagsgáfu, gott vald á íslensku og ensku og brennandi áhuga á skólastarfi. Nýr deildarstjóri tekur formlega við deildinni í byrjun ágúst en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Skólinn auglýsir einnig eftir **umsjónarmanni nemendabókhaldds, vefsíðu og kynningarmála**. Starfið felst í því að halda utan um skráningar og námsferla nemenda í námsumsjónarkerfinu inna.is og fleiri skráningarkerfum, sjá um vefsíðu og annað kynningarefni skólans og hafa samskipti við fjölmiðla og auglýsendur. Við leitum að einstaklingi með góða tölvukunnátta, gott vald á íslensku og ensku og áhuga á miðlun og markaðsmálum. Skipulagshæfileikar og nákvæmni eru nauðsynlegir kostir og jafnframt er æskilegt að umsækjandi hafi menntun eða mikinn áhuga á myndlist og hönnun. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem forsendur umsóknar og framtíðarsýn umsækjanda koma fram. Umsóknir þurfa að berast skrifstofu skólans eða á netfangið skolastjori@mir.is fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 24. maí.

Frekari upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius skólastjóri, skolastjori@mir.is. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsækjendum.

Myndlistaskólinn í Reykjavík er lífandi og skemmtilegur vinnustaður með á annað þúsund nemendum á ári hverju. Skólinn er sjálfs-eignarstofnun sem rekin er af félagi starfandi myndlistarmanna og hönnuða. Markmiðið er að miðla þekkingu í verklegum og fræðilegum þáttum sjónlista og efla með því grunnmenntun á sviðinu. Skólinn fagnar 70 ára afmæli á árinu.

Dögun

Gæðastjóri

Dögun leitast að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi í starf gæðastjóra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Gæðastjóri Dögunar ber ábyrgð á rekstri og þróun gæða- og öryggiskerfa félagsins. Dögun sérhæfir sig í veiðum og vinnslu á rækju og starfrækir mjög fullkomna rækjuvinnslu á Sauðárkróki.

Starfssvið:

- Ábyrgð á gæða- og öryggismálum félagsins.
- Gæðaeftirlit og framkvæmd gæðastefnu félagsins.
- Samskipti við erlenda viðskiptavini.
- Umsjón með úttektum viðskiptavina.
- Eftirlit með umgengni á vinnustaðnum.
- Upplýsingagjöf og fræðsla um gæðamál.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á matvælavinnslu æskileg.
- Þekking á gæðamálum.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð enskukunnátta.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Þjónustulund og fagleg framkoma.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.

Vinsamlegast sendið umsókn á oskar@dogun.is. Upplýsingar gefur Óskar í síma 892-1586 eða Hilmar í síma 898-8370.

Dögun er staðsett á Sauðárkróki og gerir út skipið Dag SK 17 og rekur eina fullkomnustu rækjuvinnslu á Íslandi. Stærstu hluti framleiðslunnar fer til viðskiptavina erlendis.

» Ráðningarþjónusta

Starfsmaður á verkstæði

Fást ehf. óskar eftir að ráða röskan og laghentan einstakling til starfa á verkstæði. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 17:00 alla virka daga.

» Starfslýsing

Starfið felst m.a. í vinnu við tölvustýrðar vélar þar sem verið er að hanna, fræsa og skera út plast og plexigler.

» Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð við fjölbreytt verkefni
- Smíðareynsla kostur
- Kunnátta á teikniforrit kostur



Fást ehf. var stofnað árið 1988 og starfar m.a. við ráðgjöf, hönnun, sölu og framleiðslu á plexigleri og vélaplasi.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstrarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki. Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Kópavogi. Brammer er ört vaxandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn hérlendis.

Brammer Ísland ehf óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan fjármálastjóra til starfa.

Fjármálastjóri

Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun
- Fjárstýring, áætlanagerð, eftirfylgni og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á uppgjörum og reikningshaldi
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð
- Samskipti við birgja, viðskiptavini og fjármálastofnanir
- Samskipti við móðurfélag

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði, hagfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Greiningarhæfni, færni í að taka saman upplýsingar og setja þær fram
- Leiðtogahæfni, færni í samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Reynsla af erlendum samskiptum kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Áhugasamir sendi ferilskrá til Brynju Vignisdóttur, mannauðsstjóra á netfangið brynja.vignisdottir@brammer.biz Fyrirspurnir um starfið má senda á Jóhann Benediktsson, framkvæmdastjóra á netfangið johann.benediktsson@brammer.biz eða hafa samband í síma 864 6277.

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí 2017.

BRAMMER



Lagerstarf/Sumarstarf

Samhentir Kassagerð óska eftir að ráða sumarstarfsmann á lager fyrirtækisins í Garðabæ.

Í starfinu felast öll almenn lagerstörf, t.d. móttaka og afgreiðsla pantana, frágangur og dagleg umhirða á lager. Leitað er að þjónustulunduðum, skipulögðum og sjálfstæðum aðila með góða almenna tölvukunnáttu og jákvætt viðmót. Lyftararéttindi er kostur en ekki skilyrði.

Um sumarstarf er að ræða. Vinnutími er frá kl. 8:00-17:00 mánudaga til fimmtudaga en frá kl. 08:00-16:00 á föstudögum.

Umsóknarfrestur er til og með 19 maí næstkomandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnir og umsóknir berist á netfangið johannes@samhentir.is merkt „Lagerstarf“.

ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Sjálandsskóli

- Sérkennari

Bæjarból

- Leikskólakennari eða
proskapjálfi

Móaflöt

- Starfsmenn
- Proskapjálfi
- Yfirproskapjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.



GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS



Firma PK Verk poszukuje pracownikow do prac ziemnych przy swiatlowodach informacje w jezyku Polskim pod nr.

Tel: oraz Polski 8476550 oraz e-mail robert@pkverk.is

Lausar stöður við Finnboga- staðaskóla í Árneshreppi á Ströndum.



Auglýst er eftir eftirtöldum starfskröftum við Finnbogastaðaskóla frá byrjun næsta skólaárs.

1. Skólastjóri og kennari óskast, hvoru tveggja 100% stöður.
2. Matráður í 50% starf.
3. Starfsmaður/kona til ræstinga.

Um er að ræða lítinn skóla í stórbrotnu umhverfi.

Vegna smæðar samfélagsins eru kennarar/starfsfólk með börn á skólaaldri hvattir til að sækja um.

Sveitarfélagið mun taka fagnandi á móti þeim sem hafa áhuga á að reyna eitthvað nýtt.

Umsóknarfrestur er til 26.maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti s. 451-4001 eða arneshreppur@arneshreppur.is



Laus störf hjá Grundarfjarðarbær

Aðalbókari
Leikskólustjóri
Deildarstjóri á leikskóla
Matráður á leikskóla

Nánari upplýsingar á www.grundarfjordur.is

Seltjarnarnesbær Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness

- Deildarstjóri á leikskóladeildina Holt í Seltjarnarneskirkju, fullt starf.
- Leikskólakennari, fullt starf.
- Leikskólaleiðbeinandi, fullt starf.

Nánari upplýsingar um störf og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – Störf í boði

Umsóknarfrestur er til 24. maí næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



Smiðjuvegur 1, 200 Kópavogur. Sími: 567-0010. Fax: 567-0032. www.hegas.is - hegas@hegas.is

Óskum eftir að ráða starfsfólk

Hegas ehf. heildverslun, er að leita eftir fjölhæfu og áhugasömu framtíðar starfsfólki, ert það þú? Hvetjum konur jafnt sem karlmenn til að sækja um.

Sölumaður

Starfssvið:

- Sala og afgreiðsla til viðskiptavina.
- Alhliða ráðgjöf.
- Símasala.
- Almenn tölvuvinnsla.

Hæfniskröfur:

- Samviskusemi
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð.
- Jákvæðni og stundvísi.
- Þjónustulipurð.
- Þekking á innréttingum kostur.
- Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Bílstjóra/lagermann

Starfssvið:

- Útkeyrsla til viðskiptavina
- Tiltekt pantana.
- Almenn lagerstörf.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf.
- Vandvirkni og öguð vinnubrögð.
- Jákvæðni og stundvísi.
- Þjónustulipurð.
- Lyftarapróf er kostur.

Tæknimann

Starfssvið:

Viðkomandi þarf að hafa grunnþekkingu á tölvubúnaði og í lestri á loft- og rafmagns-teikningum þar sem unnið er með rafsegulliða, rafmagnsmótora, loftloka, loftjakka og stýringar.

Hæfniskröfur:

Uppsetningum og viðhaldi á trésmíðavélum og tækjum, einnig tölvu- og rafeinda-stýrðum trésmíðavélum. Almennar trésmíðavélaviðgerðir.

Áhugaverð og krefjandi störf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Upplýsingar um fyrirtækið má sjá á heimasíðu okkar www.hegas.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir fyrir 30. maí 2017 á netfang hegas@hegas.is



GRUNNSKÓLI
GRINDAVÍKUR

VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

Deildarstjóri yngsta stigs

Grunnskóli Grindavíkur auglýsir stöðu deildarstjóra yngsta stigs frá og með 1. ágúst næstkomandi.

Starfssvið deildarstjóra

Deildarstjóri er millistjórnandi með mannaforráð og ber ábyrgð á skólalaldi á skólastigi.

Fylgist með nýjungum á sviði kennslu og er leiðandi í faglegri umræðu.

Samskipti við nemendur og foreldra.

Umsjón með sérúrræðum nemenda í samráði við kennara og aðra stjórnendur.

Menntunar og hæfniskröfur deildarstjóra

Fellaskóli fyrir verkefnið „Framtíðarfell – stafrænir kennslu-hættir í fjölbreyttu skólasamfélagi“. 2.000.000 kr.

Seyðisfjarðarskóli fyrir verkefnið „Deiglan- samstarf og samvirkni“. 2.000.000 kr.



Skóli íslensks sumars

Sumarið er tilvalinn tími til að verða fróðari um náttúru, veðurfar og dýralíf í heima-gerðu sjálfsnámi. Upplagt er að taka börnin með og draga saman lærdóm um skordýr, fugla, blóm og skýjafar.

- Að leggjast í gras, horfa upp í himininn og rannsaka mismunandi skýjategundir gefur vísbendingar um hvaða veður er í aðsigi eftir formi þeirra og lit.
- Blóma- og jurtaskoðun blasir sömuleiðis við yfir sumartímann og alltaf aðdunarvert að kunna nöfn sumarblóma og íslenskra jurta sem ilma svo yndislega í náttúrunni.
- Þegar farfuglarnir koma heim í íslenskt sumar er einkar ljúft að fylgjast með þeim, þekkja þá með nafni og telja, en varast ber að styggja þá ekki með því að fara of nálægt hreiðrunum.
- Með stækkunargler og krukur að vopni er spennandi að rekast á ólík skordýr, herða sig upp í að handfjatla þau og læra um lífshætti þeirra og sérkenni.

Sjö atriði sem hjálpa þér að muna

1. Notaðu myndmál til að muna. Þú getur t.d. tengt minnisatriði við ákveðnar myndir. Því exótískari og jafnvel erótískari sem þær eru því betur virkar þetta ráð.
2. Tengdu hluti sem erfitt er að muna við æskuheimilið þitt. Tengdu eitt atriði við forstofuna, annað við eldhúsið, næsta við stofuna og þannig koll af kalli.
3. Að sama skapi má tengja minnisatriðin við einhverja Hollywood-stjörnu, ættingja eða vini.
4. Skiptu minnisatriðunum upp í búta eða flokka. Það er mun auðveldara en að muna langar runur.
5. Kóðaðu tölustafi sem þú átt erfitt með að muna í orð. Hver tölustafur á sinn bókstaf. Þegar þeir hafa verið lagðir á minnið er hægt að búa til einföld orð sem er svo hægt að leysa upp í tölu á ný.
6. Æfðu þig og endurtaktu. Það eru lífseigustu ráðin.
7. Prófaðu að renna einu sinni yfir glósublað og reyna svo strax að rifja

upp mest af því sem þar stóð í stað þess að lesa það aftur og aftur og læra utanbókar. Upprifjunin skilar skjót-virkari árangri.



50 ára afmælis tilboð

JSB fyrir þig í 50 ár!

Frábær afmælistilboð í ræktina

Hraðlestin

Tökum vel á því fyrir fríð!

Mataræði, lífstill og líkamsrækt tekin föstum tökum.

2 vikna námskeið - 5 x í viku. Verð 10.900 kr. Kl. 6:15, 16:40 og 17:40 mánudaga - föstudaga

Hraðlest 1 - hefst 22. maí

Hraðlest 2 - hefst 6. júní

Hraðlest 3 - hefst 20. júní

20% afsláttur ef þú tekur tvær hraðlestir og 30% afsláttur ef þú tekur allar þrjár!

- Matseðill fyrir allt tímabilið
- Fjölbreyttir, krefjandi og hvetjandi tímar
- Vigtað í upphafi og enda hvorrar viku.

Opna kerfið og tækjasalur

Sérstakt afmælistilboð í ræktina!

Sumarkort á 30% afslætti

Þær sem eiga kort til 20. maí, fá kortið á 9.900 kr.

Gildistími til 30. júní.

Mikið úrval af frábærum tímum í opna kerfinu. Sjá stundatöflu á www.jsb.is

1-2-3 er nýtt þjálfunarkerfi JSB

Við bjóðum röð af fjölbreyttum og krefjandi 30 mínútna tímum sem henta jafnt byrjendum sem lengra komnum. Unnið er út frá eigin getustigi og tekið vel á því. Hægt er að taka einn, tvo, eða þrjá tíma í einu. Hver tími er sniðinn til að mæta þörfum þeirra sem eru í kapphlaupi við klukkuna.

Innritun er hafin í síma 581 3730

Velkomin í okkar hóp!

50 ára afmælið
LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar



Premier League

Laugardagur 13. maí

| | | | | |
|-----------|---------|-----------|---------|---------|
| | 11:20 | | 16:20 | |
| Man. City | #MCILEI | Leicester | #STKARS | Arsenal |

Sunnudagur 14. maí

| | | | | |
|----------|---------|-----------|---------|----------|
| | 13:05 | | 15:20 | |
| West Ham | #WHULIV | Liverpool | #TOTMUN | Man. Utd |



SPENNANDI HELGI Í ÍSLENSKA BOLTANUM

Nánar á stod2.is



Formula 1

Í beinni frá Spáni



Nýjar reglur! Nýir og hraðskreiðari bílar og miklu meiri spenna!



LaLiga

Tryggðu þér áskrift á aðeins **399 kr. á dag***
11.990 kr. á mánuði

Þekktu þingmanninn Halldóra Mogensen



Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, hefur nú þegar lagt fram draumafrumvarpið sitt en það snýst um svokölluð borgaralaun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fædd: 11. júlí 1979

Börn: 6 ára gömul stúlka

Foreldrar: Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir (nálarstungu- og jurtalæknir) og Erik Júlíus Mogensen (tónsmiður)

Menntun: Engin formleg skólaganga. Er mestmegnis sjálfmenntuð.

Fyrri störf: Ég hef starfað um víðan völl en lengst í ferðaþjónustunni. Þar hef ég unnið sem deildarstjóri hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og svo ferðahönnuður hjá Iceland Encounter.

Áhugamál: Ljóðagerð, tónlist, myndlist, dans, lestur,

Snaerós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Tæki Carole King í karókíu alþingismanna

Halldóra Mogensen er þingmaður Pírata í Reykjavíkurborgardæmi norður. Hún kaus fyrst þegar hún var þrítug og átta árum síðar var hún orðin þingmaður. Halldóra stundar jóga, yrkir ljóð og malar myndir.

Hver hefur þinn ferill í stjórnmálum verið? Hvar byrjaði þetta allt? Ég hef alla tíð haft áhuga á heiminum í kring um mig og þá sérstaklega fólkinu og undirliggjandi hugmyndafræði mismunandi samfélagsgerða. Á mínum yngri árum notaði ég mikið listir til að tjá hugmyndir mínar og tilfinningar. Eftir hrund uppgötvaði ég að upplifun mín á því samfélagi sem ég bjó í var á skjön við raunveruleikann. Teppinu hafði verið kippt undan mér og mér líkaði ekki það sem ég sá og þá fann ég fyrir lönguninni til að taka þátt og láta eitthvað gott af mér leiða. Ég trúði því að við gætum byggt upp sanngjarnara og fallegra samfélag á Íslandi og ég trúði því enn.

Hvað kom til að þig langaði að setjast á Alþingi? Sástu það fyrir þér fyrir nokkrum árum? Ekki fyrir

mitt litla líf hefði mér nokkurn tíma dottið í hug að ég myndi taka þátt í stjórnmálhreyfingu og hvað þá að ég yrði kosin á þing. Ég kaus í fyrsta skiptið árið 2009 og þá var ég þrítug. Stjórnmál voru ekki eitthvað sem mér fannst mig varða. Þegar ég byrjaði að taka þátt í því að stofna Pírataflokkinn árið 2012 þá var það löngun mín til að gera eitthvað sem skipti einhverju máli sem dreif mig áfram. Ég hafði tröllatru á því fólki sem ég hafði kynnst innan Pírata og þeim grunngildum sem við höfðum sett okkur. Mér fannst það ekki skipta máli hvort ég kæmist á þing eða ekki, mér fannst skipta mestu máli að Píratar fengju rödd á þingi og ég gaf mig alla í að gera það að veruleika.

Hvað úr reynslubankanum nýtist þér í starfinu? Það er samansafn af svo mörgu í lífinu. Allt ferðalagið hingað og sá lærdómur sem ég hef

aflað mér á leiðinni. Það er erfitt að taka eitthvað eitt út fyrir sviga en það sem mér dettur í hug í fljótu bragði er að mamma sagði mér alltaf að ég væri svo klár og skemmtileg. Hún sagði það svo oft að undir lokin þá trúði ég henni. Ég held að þetta hafi gert mér kleift að gera ótrúlegustu hluti.

Sérðu fyrir þér að gera stjórnmál að ævistarfi? Nei. Stjórnmál eiga ekki að vera ævistarf. Það á ekki að vera inni í myndinni. Það er allt of auðvelt að missa sjónar á því sem skiptir máli. Vald spillir og eina leiðin til að koma í veg fyrir það er að dreifa valdinu.

Hvaða frumvarp idar þú í skinninu að leggja fram? Ég er búin að leggja það fram! Ekki samt frumvarp en þingsályktun um skilyrðislausu grunnframfærslu eða það sem kallast borgaralaun. Borgaralaunatillagan snýst um að skipa starfshóp til að kortleggja leiðir til að tryggja öllum

borgurum landsins skilyrðislausu grunnframfærslu með það að markmiði að styrkja efnahagsleg og félagsleg réttindi fólks og útrýma fátækt.

Hvar ólstu manninn og hvernig var æska þín? Ég ólst upp úti um allt. Aðallega í Bandaríkjunum og Bretlandi en svo kom ég heim í 10. bekk. Ég stoppaði samt ekki lengi og var farin á flakk aftur um 19 ára aldur en flutti svo alfarið heim um 25 ára og hef verið hér síðan. Æska mín var erfið á köflum þar sem ég var alltaf utanaðkomandi og þurfti oft að líða fyrir það, bæði úti og svo heima. En eins og með allt erfiði þá fylgir dýrmætur lærdómur og ég lærði að elska fólkið sem var mér verst vegna þess að ég skynjaði þjónungu þess jafnt við mína eigin. Með aldrinum lærði ég líka að vera óhrædd við að fara út fyrir þægindarammann minn. Ég lærði að láta ekkert stoppa mig.

Hvernig nærir þú þig andlega? Ég

mála, skrifa ljóð eða sest niður með dóttur minni og spjalla við hana um daginn og veginn. Hennar sýn og skilningur á heiminum veitir mér endalaus gleði.

En líkamlega? Ég borða hollan mat og iðka jóga þegar að ég man eftir því, sem maetti vera mun oftar.

Hver er fallestasta staður sem þú hefur komið á? Þeir eru svo margir. Ég bjó á Ítalíu í ár og hef ferðast um Balkanskagann og Tailand. Það er erfitt að gera upp á milli svo fallegra staða. Ég held samt svei mér þá að ég hafi aldrei lítið aðra eins fegurð eins og þegar ég keyrði frá Kirkjubæjarklaustri að Jökulsárlóni.

Uppáhaldsborg utan landsteinanna? Það er þá annaðhvort Berlín eða Sarajevó.

Hvert langar þig mest að ferðast? Til Suður-Ameríku og Indlands.

Hvernig verðu helgarfríum? Þær helgar sem ég er með dóttur minni eru að mestu helgaðar henni. Hún fær að ráða. Aðrar helgar er ég mestmegnis að vinna eða lesa eða kannski að horfa á einhverja góða þáttaröð.

Hvaða hljómsveit eða tónlistarmaður er mest spilaður á Spotify aðganginum þínum? Ég er búin að vera að hlusta slatta á Little Dragon, Moderat og Samaris.

Hvaða lag tækirðu í karókíu alþingismanna? Líklegast eitthvað með Carole King eða Janis Ian.

Hvað er síðasta myndband sem þú horfir á á YouTube? Minnir að það hafi verið Mammút-myndband.

Hvaða bók eða rit hefur haft mest áhrif á líf þitt? Hvers vegna? Þær eru svo margar. Kurt Vonnegut, Phillip K. Dick og Iain Banks hafa hiklaust haft áhrif á hvernig ég hugsa um heiminn, eins og allir góðir sci-fi rithöfundar gera.

Hefurðu lent í lífsháska eða annarri dramatískri lífsreynslu? Ég hef oft lent í dramatískri lífsreynslu en engu svona einu sem stendur upp úr.

SUNDDAGAR

20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM SUNDFÖTUM

10. - 14. MAÍ*

FRÁBÆRT ÚRVAL

AF SUNDFÖTUM Í

ÖLLUM STÆRÐUM

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI / SMÁRALIND

utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ARNASYNIR



Saxaðri steinseljunnri er sáldrað hressilega yfir réttinn og dass af góðri extra virgin ólífuolíu og sítrónubátur eru borin fram með. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ÞEGAR MAÐUR FRAMREIÐIR

KRÆKLINGINN MEÐ PASTA

VERÐUR ÚR HONUM MEIRI

MÁLTÍÐ EN ELLA OG PASTAÐ

HEFUR ÞANN EIGINLEIKA AÐ

GRÍPA Í SIG ALLT BRAGÐ ÚR

ÞVI SEM MAÐUR ELÐAR MEÐ

ÞVI. HVÍTVÍNIÐ, LAUKURINN

OG HVÍTLAUKURINN VERÐUR

ALLT AÐ GÓÐU SODI SEM

PASTAÐ GRÍPUR, SÍÐAN GERIR

SMJÖRIÐ ÞETTA EXTRA

LJÚFFENGT.

Úr Djúpinu á diskinn

Bláskel sem ræktuð er á köðlum í Ísafjarðardjúpi er uppistaðan í vor- og sumarlegum rétti sem Hákon Már Örvarsson, veitingamaður á Essensia, reiðir fram.

Mér fannst liggja vel við að bjóða upp á þennan rétt, hann er einfaldur að gerð en rosalega góður matur. Bláskelin er ein þeirra flottu íslensku afurða sem stóðu okkur til boða núna og við gripum tækifærið," segir Hákon Már Örvarsson, matreiðslumeistari á Essensia, Hverfisgötu 4-6 í Reykjavík.

Hákon Már kveðst hafa fengið kræklinginn vestan úr Ísafjarðardjúpi, þar sem hann sé ræktaður á köðlum. „Þegar maður framreiðir kræklinginn með pasta verður

úr honum meiri máltíð en ella og pastað hefur þann eiginleika að gripa í sig allt bragð úr því sem maður eldar með því. Hvítvínið, laukurinn og hvítlaukurinn verður allt að góðu sodi sem pastað gripur, síðan gerir smjörrið þetta extra ljúffengt. Kræklingapasta er ekta réttur núna þegar verið og sumarið er að koma. Með því verður til máltíð án mikillar fyrirhafnar og tilvalin með hvítvíni.“

Hákon Már hefur verið viðloðandi íslensk veiðihús síðustu átta ár og er enn að reka veiðihúsið við Norðurá. Nýlega opnaði hann veitingastaðinn Essensia við Hverfisgötuna, beint á

móti Ingólfi Arnarsyni, og segir hann fara mjög vel af stað. Þar er hann með ítalskt þema. En hefur hann verið með bláskel áður á matsæðlinum?

„Ég hef eldað krækling í áraraddir, líka erlendis, bjó í Lúxemborg í þrjú ár og hef verið svolítið í Frakklandi, þar er mjög mikið um þessa vöru. Við eldum dálítið pasta hér á Essensia og bláskelin finnst mér falla mjög vel að því.“

ÍSLENSK BLÁSKEL OG PASTA LINGUINI

Fyrir fjóra

800 g fersk bláskel
400 g gott linguini-pasta, ferskt eða þurrkað
4 skalottlaukar saxaðir
4 hvítlauksrif í þunnum sneiðum
1 bunt söxuð steinselja
Örlítið af þurrkuðum chili-flögum eftir smekk
Um 300 ml hvítvín
100 g smjör í bitum
1 sítróna, skorin í sex báta
Ólífuolíu
Salt eftir smekk

Skolið og undirbúið kræklinginn. Verið viss um að skeljar séu lokaðar og tínið burt þær sem eru opnar.

Setjið linguini-pasta yfir til suðu í miklu vatni eftir leiðbeiningum á umbúðum en sjóðið það einni til tveimur mínútum skemur en segir á pakkningunni.

Svitið laukinn, hvítlaukinn, chili-flögurnar og 2 sítrónubáta í ólífuolíu á miðlungshita.

Best er að gera þennan rétt í pönnu fyrir hvern og einn (einnig er hægt að skipta þessari uppskrift í tvennt og laga í 2 pönnum.)

Bætið við kræklingnum og hækkið aðeins hitann. Eftir skamma stund þegar góður hiti hefur myndast í pönnunni er hvítvíni skellt saman við og lok sett á pönnuna. Kræklingurinn er látinn krauma í pönnu með loki þar til hann opnast og nær eldun í gegn, um það bil tvær mín-



Hákon Már kveðst vanur að elda krækling og finnst hann falla vel að ítalska þemanu á Essensia.

útur (fer aðeins eftir magni og hita).

Sigtið pastað úr suðuvatninu og setjið í kræklingapönnuna. Bætið smjörinu saman við og ögn af salti. Sveiflið pastanu og kræklingnum saman í pönnunni í um það bil hálfa mínútu, þá drekkur pastað í sig gott hvítvins-kræklingasóðið og smjörrið

samlagast til að mynda flotta og ljúffenga áferð á pastanu.

Skriptið jafnt upp í fjórar skálar og sodinu einnig. Sáldrið saxaðri steinseljunnri hressilega yfir réttinn. Dass af góðri extra virgin ólífuolíu og sítrónubátur eru borin fram með réttinum.

Mundir þú eftir að burstu og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

allar upplýsingar á www.iccare.is

NÝTT!

PIZZA EXPRESS LOKSINS Á ÍSLANDI

5 FYRIR 4
AF ÖLLUM
PIZZUM



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

**Saga
til næsta
bæjar**



Stefán Pálsson skrifar um gleymda sjálfstæðishetju.

Argentínski læknirinn og uppreisnarmaðurinn Ernesto „Che“ Guevara er án vafa einn af áhrifamesu mönnum sögunnar. Ekki vegna þrasetu í embætti eða mikilla formlegra valda, heldur fremur sem táknmynd. Um áratuga skeið hefur hann verið staðalmynd byltingarhetjunnar, sem tekst ótraudur á við ofurvaldið knúinn áfram af brennandi hugsjón. Jafnframt var Che af mörgum talinn pólitískur hugsuður og kyntákn.

Menn sem uppfylla flest eða öll þessi skilyrði hafa verið uppi á ýmsum tímum: karlmannlegir bardagamenn, umvafdir hetjuljoma sem fönguðu hugi almennings með réttu eða röngu. Ítalski þjóðernissinninn Giuseppe Garibaldi kemur skjótt upp í hugann þegar talið berst að slíkum mönnum frá níttjándu öldinni. Átjándi öldin átti einnig slíka hetju. Sú nefndist Pasquale Paoli og kom frá Korsíku.

Paoli er nú um stundir lítt þekktur utan föðurlandsins, en áhrif hans á mannkynssöguna voru þó töluverð. Hann varð fyrirmynd frjálslyndra afla og byltingarmanna víða um Evrópu og var í miklum metum meðal stofnenda Bandaríkjanna enda er fjöldi bæja og smáborga sem bera nafn hans vestanhafs.

Þótt Paoli sé hampað sem mestu þjóðfrelshetju Korsíku, er óþarft að taka fram að hann hafði ekki erindi sem erfíði. Eyjan Korsíka á norðanverðu Miðjarðarhafi hefur alla tíð verið of fámenn, veikburða og með of öfluga nágranna til að geta haldið sjálfstæði sínu, nema um skamma hríð í senn.

Undir lok þrettándu aldar var Korsíka komin undir vald ítalska borgrikisins Genúa og hélt sú skipan næstu aldirnar. Um tíma var það þó ekki furstinn í Genúa sem sá um stjórnina, heldur einkabanki sem var helsti lánardrottinn borgrikisins og fékk Korsíku til umsjónar sem tryggingu fyrir skuldum.

Genúamenn reistu víggirtar hafnarborgir umhverfis eyjuna, en höfðu takmarkaða stjórn á eyjar-skeggjum sem höfðust við í þorpum og bæjum inni í landi, þar sem

Che Guevara átjándi aldar



erfitt var að ferðast um og auðvelt að verjast innrásarherjum. Þannig myndaðist visst valdajafnvægi sem helst raskaðist ef herraþjóðinni datt í hug að innheimta nýja skatta. Annars fór orka Korsíkumanna einkum í erjur milli ættbálka, sem staðið gátu í margar kynslóðir og því erfitt að sameina þjóðina gegn utanaðkomandi óvinum. Raunar er óljóst hvort íbúar hafi lítið á sig sem sérstaka þjóð, hvað þá að í þeim hafi blundað óskir um að stofna sjálfstætt þjóðríki.

Lukkuriddarar og skæruhernaður
Á fyrri hluta átjándi aldar tók að bera á korsískum þjóðernishugmyndum. Má að miklu leyti rekja þær til manna sem hrökklast höfðu úr landi vegna ósættis við yfirráð Genúamanna og tileinkað sér hugmyndastrauma upplýsingarstefunnar í útleögð sinni í evrópskum borgum, jafnt í París sem á Ítalíu.

Árekstrar milli innfæddra og fulltrúa ríkisvaldsins urðu tíðari og árið 1729 braust út allsherjaruppreisn. Ástæða hennar var ný skattlagning, sem bættist við óánægju með spillta stjórnarhætti og vanmátt Genúamanna til að verja íbúa Korsíku fyrir árásum sjóræningja. Genúastjórn reyndist ófær um að ráða niðurlögum uppreisnamanna, sem beittu óþarft skæruhernaði gegn fjölmönnum innrásarhernum og neyddist því til að leita á náðir öflugri grannríkja. Korsíkumenn skorti hins vegar pólitíska forystu eða leiðtoga til að sameinast um. Til marks um örvæntingu þeirra, létu uppreisnarmenn sannfærast af fagurgala þýsk ævintýramanns sem lofaði að leiða þá til sigurs, þrátt fyrir að hafa enga hernaðarreynslu og tverr hendur tómar. Sá þýski steig á land í Korsíku með aðstoð nokkurra útlaga og herflokks frá Túnis, lýsti þegar yfir stofnun konungsríkisins Korsíku og lét krýna sig sem Theodór fyrsta. Hann ríkti frá mars og fram í nóvember árið 1736 í einu skammlífasta ríki sögunnar. Þá hélt hann til meginlands Evrópu í leit að lánsfé og hernaðarstuðningi en var þegar varpað í skuldafangelsi. Er ferill hans og konungsríkisins Korsíku oft rífaður upp í sömu andrá og

valdatíð Jörundar hundadagakonungs á Íslandi.

Pasquale Paoli var tæplega ellifu ára gamall þegar hin vonlitla valdataka Theodórs fyrsta átti sér stað. Faðir hans var læknir og þjóðernissinninn, sem tók virkan þátt í uppreisninni. Hraktist fjölskyldan í útleög til Napólí þegar Pasquale var á táningsaldri og lærði hann herstjórnarlist undir leiðsögn föður síns í hersveit Korsíkumanna við hirið konungsins af Napólí.

Um þritugsaldurinn hafði Paoli áunnið sér virðingu meðal korsískra útlaga á Ítalíu, þar sem hann hvatti landa sína til að berjast sjálfir fyrir sjálfstæði í stað þess að treysta á hjálp annarra ríkja eða veðja á erlenda lukkuriddara. Árið 1755 var hann kvaddur aftur heim til Korsíku þar sem hann tók fljótlega að sér stjórn andspyrnuhreyfingarinnar sem efndi til nýrrar uppreisnar.

Lýðræði og frjálslyndi

Líkt og tveimur áratugum fyrr, byrjuðu uppreisnarmenn á að lýsa yfir stofnun nýs ríkis. Að þessu sinni var þó ekki um konungsveldi að ræða, heldur lýðveldi sem var innblásið af ferskustu stjórn mála- og hugmyndastefnum álfunnar.

Paoli var kjörinn forseti og sá sjálfur um að semja stjórnarskrána, sem þótti frjálslynd, enda innblásin af hugmyndum heimspekingsins Rousseau. Grunnstef hennar var jafnræði fyrir lögum, sanngjörn skattheimta og að kosningaréttur væri sem almennastur. Konur höfðu fengið að kjósa á héraðs- og þorpsfundum á Korsíku og virðist sú regla hafa verið viðhöfð í hinu nýja lýðveldi. Sé sú ályktun rétt, var Korsíka langfyrsta landið þar sem konur fengu kosningarétt.

Valdamenn í Genúa sáu sæng sína upp reidda og í stað þess að reyna sjálfir að berja niður uppreisnina, gripu þeir til þess ráðs að selja Frökkum eyjuna á laun. Franski herinn réðst svo á Korsíku með ofurefli liðs árið 1768 og braut lýðveldið á bak aftur á innan við ári. Pasquale Paoli flúði land í kjölfarið, fyrst til Vínarborgar en síðan til Lundúna.

Athygli umheimsins var þó vakin. Frjálslyndir menntamenn hömpuðu lýðveldisstjórnarskránni sem fyrirmynd annarra samfélaga og hetjuleg barátta Korsíkumanna gegn ofureflinu vakti aðdæun. Rit höfundurinn Voltaire dró upp magnaðar lýsingar af hugprýði þeirra og förnfýsi. Bera þær keim af hugmyndinni um hinn „göfuga villmann“, þar sem fólkinu á Korsíku var lýst sem hjartahreinum náttúrubörnum sem bæru siðferðislega af spilltum íbúum stórveldanna.

Um svipað leyti sendi skoski rit höfundurinn James Boswell frá sér geysivinsæla ferðasögu frá Korsíku, þar sem Paoli var hafinn til skýjanna sem hetja og hugsuður. Sú bók varð öðru fremur til að tryggja stöðu Korsíkumannsins sem hálfgerðar poppstjórnu í Lundúnum, þar sem hann baðaði sig í sviðsljósinu og beiddi eftir að pólitískir vindar breyttust. Í löndum Bretá í Norður-

Ameríku var aðdæunin á Paoli sist minni. Þar horfðu sjálfstæðissinnar til Korsíkumanna sem fyrirmyndar og létu sig dreyma um að skipta út nýlendstjórninni fyrir lýðveldi með framsækna stjórnarskrá.

Franska byltingin gaf Pasquale Paoli færi á að snúa aftur til fösturjarðarinnar. Vegna fyrri baráttu sinnar við konungsveldið hafði hann hetjustöðu í huga margra byltingarmanna og var honum því falin landsstjórn á Korsíku. Útleögðin í Bretlandi hafði þó breytt viðhorfum Paolis á mörgum sviðum. Hann var á laun dyggur stuðningsmaður bresku krúnunnar og fór snemma að leggja á ráðin um að koma Korsíku undir vald hennar. Deilt er um hvort Paoli hafi hreinlega komið aftur til heimalandsins sem breskur útsendari eða hvort hann hafi fyrst orðið afhuga frönsku byltingunni eftir að franska konungsfjölskyldan var tekin af lífi í ársbyrjun 1793.

Samband Paolis við stjórnina í París kólnaði skjótt og síðar á árinu 1793 ákvað byltingarstjórnin að setja hann af. Hann brást við með því að lýsa sjálfan sig forseta Korsíku en því næst að tilkynna um stofnun



... HETJULEG BARÁTTA

KORSÍKUMANNA GEGN

OFUREFLINU VAKTI AÐ-

DÆUN.

Ensk-korsíska konungsveldisins, sem myndi lúta stjórn hins sturlaða Georgs þriðja Bretakonungs.

Bretar, sem áttu í styrjöld við Frakka, sáu sér leik á borði að ná varanlegri föttestu við mitt Miðjarðarhaf og frá 1794-6 blöktu bresku krúnutáknin yfir Korsíku ásamt hinum sérkennilega fána eyjarinnar, sem sýnir höfuð þeldökks Mára með klút um enníð. Innan skamms gerðu Bretar sér þó grein fyrir því að vonlaust yrði til lengdar að halda völdum á Korsíku, svo að segja í kál-garði Frakklands. Ríkið nýstofnaða var gefið upp á báttinn og Pasquale Paoli hrökklaðist á ný í útleög eftir enn styttri valdatíma en fyrr.

Paoli átti ekki afturkvæmt til Korsíku og lést í Lundúnum árið 1807. Sú fregn féll í skugganum af ótal mörgum stríðsfréttum þess árs, sem flestar hverfðust um son gamla einkaritara Paolis frá lýðveldisárnum á Korsíku. Ritariinn hét Carlo og bar ættarnafnið Buonaparte.

Súpukjöt



2. FLOKKUR

399 KR
KG

-50%

nettó

TILBOÐSDAGAR 10-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

JERSEY HORNTUNGUSÓFI

Stærð: 381X210/165cm

Verð: 322.000,-

TILBOÐSVERÐ: 289.800,-

Stærð: 316X210/165cm

Verð: 277.000,-

TILBOÐSVERÐ: 249.300,-

HÖFUÐPÚÐI

Verð: 12.900,-

TILBOÐSVERÐ: 11.610,-



ORLANDO TUNGUSÓFI

Stærð: 298X172cm

Verð: 235.000,-

TILBOÐSVERÐ: 211.500,-



KENT TUNGUSÓFI

Stærð: 235X165cm - færánleg tunga

Verð: 185.000,-

TILBOÐSVERÐ: 129.500,-

ERIC SKENKUR

Breidd: 170cm

Verð: 159.900,-

TILBOÐSVERÐ: 143.910,-



VANCOUVER BORDSTOFUBORÐ

Stærð: 180X90cm

Verð: 85.000,-

TILBOÐSVERÐ: 59.500,-



RUSTIC SÓFABORÐ

Stærð: 120X65cm

Verð: 58.000,-

TILBOÐSVERÐ: 52.200,-



RETRO VEGGBORÐ

Breidd: 100cm

Verð: 35.000,-

TILBOÐSVERÐ: 31.500,-



SÓFABORÐ PARIS NO 208

Stærð: 90X90cm

Verð: 89.000,-

TILBOÐSVERÐ: 80.100,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00

Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12

www.egodekor.is



Allt fyrir Eurovision-partýnið

-40%

LAMBABÓGSSTEIK
Í SVEPPAMARINERINU

2.099 KR
KG

ÁÐUR: 3.498 KR/KG

CORDON BLEU 350 GR.

718 KR
PK

ÁÐUR: 898 KR/PK

-20%

-20%

GOÐI

-20%

HAMBORGARAR CHILI
140 GR. 2 STK.

551 KR
PK

ÁÐUR: 689 KR/PK

PIPAROSTA BEIKON
HAMBORGARI
140 GR. 2 STK.

551 KR
PK

ÁÐUR: 689 KR/PK

-20%

HAMBORGARAR BBQ
140 GR. 2 STK.

519 KR
PK

ÁÐUR: 649 KR/PK

-20%

-20%

ÍDÝFA
KRYDD

ÍDÝFA
VORLAUKUR

ÍDÝFA
CHILI

BLACK PEPPER & CHIVES
FRÁ COOP 175 GR.

279 KR
PK

ÁÐUR: 349 KR/PK

SOURCREAM & ONION
FRÁ COOP 175 GR.

279 KR
PK

ÁÐUR: 349 KR/PK

SÆTAR KARTÖFLUR
FRÁ COOP 450 GR.

239 KR
PK

ÁÐUR: 299 KR/PK

ÍDÝFUR FRÁ MATUR & MÖRK
KRYDD / VORLAUKS / CHILI. 175 GR.

238 KR
STK

ÁÐUR: 298 KR/STK

Tilboðin gilda 11. - 14. maí 2017

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-21%

netto
KJÚKLINGALEGGIR
FRÁ NETTÓ
694 KR
KG
ÁÐUR: 798 KR/KG

NAUTAFILLE FERSKT
3.767 KR
KG
ÁÐUR: 4.768 KR/KG

-20%



GRÆNMETISBUFF
FRÁ DALOON 380 GR.
399 KR
PK
ÁÐUR: 499 KR/STK



PÍTUBUFF
MEÐ 6 BRAUÐUM
1.278 KR
PK
ÁÐUR: 1.598 KR/PK



PULLED PORK
2 STK. 120 GR
/ Í GRÍSASAMLOKU
551 KR
PK
ÁÐUR: 689 KR/PK

-20%

-20%

BÖKUNARKARTÖFLUR
98 KR
KG
ÁÐUR: 195 KR/KG



-50%



NUTRAMINO HEAT BCAA ENERGY 330 ML
MANGO /PASSION
259 KR
STK
STRAWBERRY /WATERMELON
259 KR
STK



NESTLE ROLO
POKI 126 GR.
198 KR
STK
ÁÐUR: 279 KR/STK

DALAHRINGUR
FRÁ MS. 200 GR.
569 KR
STK
ÁÐUR: 632 KR/STK



MARS 4-PACK
SNACKSIZE 135.2 GR.
279 KR
PK
ÁÐUR: 349 KR/PK



BUTTERKIST
TOFFEE
POPCORN 25 GR.
149 KR
STK
ÁÐUR: 199 KR/STK

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar,
Sigríður Jóna Jónsdóttir

Skárastöðum í Miðfirði, V.-Hún.,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 1. maí síðastliðinn. Útförin fer fram í Seljakirkju mánudaginn 15. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

Oddfríður Steindórsdóttir
Úlfar Steindórsósson

Helga Jónína Steindórsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Pórarinn Jón Magnússon
Jóna Ósk Pétursdóttir

Gunnar Már Jóhannsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Bjarnason

rafvirkjameistari,
Klapparstig 5a,

lést á Hrafnistu fimmtudaginn 11. maí.
Útförin verður auglýst síðar.

Brynhildur Bjarnason

Sturla R. Guðmundsson
Ingibjörg Guðmundsdóttir

Elin Guðmundsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson

Jón Bjarni Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Eyrún Ísfold Gísladóttir
Bergþór Guðjónsson

Páll Þormar
Soffía Káradóttir

Brynhildur Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Margrét og Sigtryggur alsæl með heiðurinn og blómin.

Heiðurs- og bæjarlistamenn Kópavogs

Margrét Örnólfsdóttir og Sigtryggur Baldursson hafa látið að sér kveða í íslensku listalífi. Þau eru bæði Kópavogsbúar í dag. Karen E. Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs Kópavogs, krýndi Margréti heiðurslistamann 2017 og Sigtrygg bæjarlistamann 2017.

Við Sigtryggur höfum verið samstarfsfólk, erum nágrannar og vinir, eigum stelpur sem eru saman í bekk og okkar leiðir hafa krossast af mörgum ástæðum. Um tíma voru við bæði í Sykurmólunum. Það var því gaman að vera útnefnd með honum til titla í Kópavoginum," segir Margrét Örnólfsdóttir, nýkjörinn heiðurslistamaður Kópavogs 2017. Hún segir engar kvaðir fylgja upphafðinni nema að bera titilinn í eitt ár og vera hvorki sér né bæjarfélaginu til skammar.

Nafnbót Sigtryggs, bæjarlistamaður Kópavogs 2017, fylgja hins vegar verkefni og ákveðin peningaupphæð sem hann hyggst nota til uppbyggilegs verkefnis með fólki í bænum á aldrinum tólf til sextán ára. „Mig langar að fá eitthvað af því unga fólki sem ég þekki í tónlistarbransanum á Íslandi til að kenna unglíngunum í Kópavogi hvernig tónlist er unnin í dag í tölvum. Bærinn hefur þegar skaffað skólafólkinu spjaldtölvur sem nýtast vel í þessu verkefni.“

Hann bendir á að til staðar í Kópavogi séu ágætast stofnanir sem hafi sinnt

Margrét og Sigtryggur hafa víða komið við

Margrét hefur samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir, gefið út barnaplötur og fleira. Hún spilar á pianó og var hljómborðsleikari Sykurmólanna um tíma. Hún hefur unnið við dagskrárgerð fyrir útvarp og sjónvarp og skrifað barnabækur. Síðustu ár hefur hún verið afkastamikill handritshöfundur þátta, kvikmynda og leikhúss. Nú síðast skrifaði hún þáttaröðina Fanga.

Sigtryggur Baldursson hefur verið virkur tónlistarmaður allt frá níunda áratug síðustu aldar. Sveitir sem hann hefur spilað í eru meðal annars Þeyr, Kukl og Sykurmólarnir. Hann stofnaði Bogomil og Milljónamæringana og síðustu ár hefur hann einnig unnið að sjónvarpsþáttagerð og verið framkvæmdastjóri UTÓN, útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar.

Mig langar að fá eitthvað af því unga fólki sem ég þekki í tónlistarbransanum á Íslandi til að kenna unglíngunum í Kópavogi hvernig tónlist er unnin í dag í tölvum.

Sigtryggur Baldursson

vel tónlist, eins og Tónlistarskóli Kópavogs, Kársneskórinn hennar Þórunnar Björnsdóttir og Skólahljómsveitin sem Össur Geirsson rekur af myndarskap. „Þetta gæti verið nýjung á sviði tónlistararmenntunar í bænum. Ég mundi helst vilja koma þessu verkefni inn sem vali í skólunum. Þá kæmi fólk sem er að vinna í poppmúsík og þessir krakkar hlusta á og yrði með kynningarfundum. Ég kæmi þessu sambandi bara á, unglingskrakkar í Kópavogi í dag eru ekki að hlusta á mig almennt.“ gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Mergættu, hlíju og virðing *Við andlát ástvinar*

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA
ÚTR
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Magnús Sævar Magnússon,
umsjón útfara

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Elskulegur sonur minn, bróðir,
móðurbróðir og mágur,
Eyþór Guðjón Hauksson

húsasmiður og
byggingartæknifræðingur,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þriðjudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Guðriðarkirkju í Grafarholti fimmtudaginn 18. maí kl. 13.00.

Erla M. Guðjónsdóttir
Jóhanna Hauksdóttir
Haukur Kristjánsson

Kristján A. Ómarsson
Ylfa Rún Sigurðardóttir



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Árni Ingimundarson

Bakkaseli 22,

lést á Landakotsspítala 6. maí. Útför hans fer fram frá Seljakirkju 16. maí klukkan 11.

Guðrún Káradóttir

Ingvar Kári
Helgi Valur
Andri Már
Ævar Þór

Linda
Ragna Lind

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

GLAMOUR

Ísland
maí 2017

„Þegar ég
veit hvað ég
vil er fátt
sem getur
stöðvað mig“

*Leikkonan Heiða Rún
Sigurðardóttir um
leiklistarharkið, framtíðina
og Hollywood sem bíður.*

Zoë Kravitz

*Leik- og söngkonan sem ólst upp
í sviðsljósinu, enda dóttir Lenny
Kravitz og Lisu Bonet, er löffari
fram í fingurgóma.*

Brúðkaup

30 síður

með öllu sem þú þarft að
vita fyrir stóra daginn!

*Veislan, kjöllinn, skreytingarnar,
hárið og fördunin.*

Finndu
ilminn af
sumrinu



9 772298 7 18004



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar dóttur minnar,
Erlu Lóu Ástvaldsdóttur.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ástvaldur Eiríksson



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,
Elísabet Alda Pétursdóttir
teiknari,
Suðurgötu 33, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans
10. maí síðastliðinn.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigurður Björgúlfsson



Elskuleg föðursystir okkar,
Ellen Pétursson
Sólheimum 23, Reykjavík,
andaðist á Landspítalanum við
Hringbraut að kvöldi 9. maí sl. Útför
hennar verður gerð frá Langholtskirkju
í Reykjavík, miðvikudaginn 24. maí kl. 11.

Annete, Lisa, Just og Gerda



Okkar ástkæri sonur,
faðir, afi og bróðir,
Kristján Páll Gestsson
húsmiðameistari,
lést á heimili sínu þann 20. apríl
síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á
Einhverfusamtökin www.einhverfa.is.

Þorbjörg Kristjánsdóttir
Þorsteinn Ingi Kristjánsson
Kristín Eva Kristjánsdóttir
Katla Dimmey Þorsteinsdóttir
Daniel Berent Agnarsson Rink

Rúnar Gestsson
Matthildur Gestsdóttir
Magnús Gestsson
Ásgeir Gestsson
Svanhildur Gestsdóttir
Halldór Gestsson
Hlynur Gestsson



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Sigríður Kristín
Hallgrímsdóttir**
frá Grunnavík,

til heimilis að Kóngsbakka 1, Reykjavík,
lést þann 6. apríl sl. Útförin fór fram í kyrrþey.

Sigþór, Svala, Sæberg og Snævar,
tengdabörn og barnabörn.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Guðrún Helga Karlsdóttir
lést á hjúkrunarheimilinu Eir
7. maí síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
mánudaginn 15. maí kl. 13.00.

Kristín Gyða Jónsdóttir
Inga Dóra Jónsdóttir
Guðjón Már Jónsson

Valur Valtýsson
Ólafía Þórunn Stefánsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Þökkum innilega samúð og vináttu
vegna andláts og útfarar
Matthíasar Eggertssonar
fyrrv. ritstjóra Búnaðarblaðsins Freys,
Hagamel 37,

sérstakar þakkir fær starfsfólk á dvalar-
og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir
hlýja og góða umönnun.

Margrét Guðmundsdóttir
Sigríður Matthíasdóttir
Jóhann Eggert Matthíasson
Pétur Ólafur Matthíasson
Jón Pálsson
Þórhildur Halla Jónsdóttir
Anna Eleonora Hansson
og barnabörn.



Karlakór Grafarvogs hefur orð fyrir frjálsgla framkomu.

Leggja Skálholtskirkju lið

Karlakór Grafarvogs heldur tónleika í Skálholtskirkju í dag. Allur ágóði rennur í Verndarsjóð kirkjunnar, vegna viðgerða á hinum steindu gluggum Gerðar Helgadóttur.

Það er gaman að geta hnýtt saman söng og góðar hugmyndir. Gestir á tónleikum okkar geta síðar horft á gluggana í Skálholtskirkju í fullvissu um að þeir hafi lagt sitt af mörkum til viðgerða á þeim.

Þetta segir Hans Unnþór Ólason, formaður Karlakórs Grafarvogs sem syngur í Skálholtskirkju í dag, 13. maí, klukkan 15 til ágóða fyrir Verndarsjóð kirkjunnar.

„Við höfum verið í kórþúðum í Skálholti undanfarnin ár í góðu yfirlæti, skemmt okkur vel og tekið miklum framförum þannig að Skálholt á sérstakan sess í okkar hjörtum. Nú fáum við tækifæri til að sýna þakklæti okkar.“

Hans segir lagavalið létt og fjölbreytt. „Við höfum gert dálítið að því að láta útsetja fyrir kórinn, Íris Erlingsdóttir, stjórnandinn okkar, gerir það meðal annarra.



Einn af gluggum Skálholtsdómkirkju.

Erum að syngja eftir Leonard Cohen, lag sem Johnny Cash gerði ódauðlegt. Hryssuna bláu og fleira skemmtilegt. Einnig eru lög tileinkuð íslensku sveitinni, perlur eins og Þú komst í hlaðið og Undir dalanna sól, svo nokkuð sé nefnt. Svo erum við með hörku hljóðfæraleikara með okkur.“

Karlakór Grafarvogs hefur sungið í Skálholtskirkju áður, að sögn Hans. „Einu sinni var kirkjan full af ferðamönnum, leiðsögumaðurinn bað okkur að syngja og við gerðum það að sjálfsgöðu þó það væri óundirbúið. Ein konan fó að gráta þegar við sungum Kvöldið er fagurt, hún var þá nýbúin að missa pabba sinn og fannst lagið svo angurvært.“

Aðgangseyrir að tónleikum í dag er 2.500 krónur. Hans kveðst vona að sem flestir njóti þeirra og leggi brýnu málefni lið í leiðinni.
gun@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Þórey Vigdís Ólafsdóttir
sálfræðingur og félagsráðgjafi,
Frostaskjöldi 27, Reykjavík,
andaðist þriðjudaginn 9. maí.
Útför verður auglýst síðar.
Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á Krabbameinsfélagið.

Guðmundur Eiríksson
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir
Ólafur Björn Guðmundsson
Elin Vigdís Guðmundsdóttir
Helga Guðmundsdóttir

Óttar Freyr Gíslason
Lovísa Jónsdóttir
Gunnar Þorvaldsson
og barnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra
sem sýndu okkur samúð
og vináttu við andlát og útför
elskulegs eiginmanns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,
Björns Birnir
myndlistarkennara.

Margrét Snæbjörnsdóttir
Snæbjörn Björnsson Birnir
Björn Björnsson
Ólafur Björnsson
Sigríður Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kolbrún Jónsdóttir



Innilegar þakkir sendum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
hlýhug vegna andláts og útfarar
ástkærrar eiginkonu minnar, móður
okkar, tengdamóður og ömmu,
**Mariu Sigbjargar
Sveinbjörnsdóttur**

Jadarstúni 12, Akureyri.

Guðmundur Steingrímsson
Jónas Þór Guðmundsson
Unnur Elin Guðmundsdóttir
Guðmundur Már Guðmundsson
Ingibjörg Árnadóttir
Jón Már Jónsson
Hólmfríður B. Þorsteinsd.
Elvar, Alexander, Guðmundur Már, Lovísa Margrét,
Stefán Árni, Þorsteinn Björn, María Kristín

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.

KK & MAGGI EIRÍKS ÁSAMT HLJÓMSVEIT



Ferðalögin

Háskólabíó 20. maí

midi.is



KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

- 1 Úrvals kallar, þessir fuglar (11)
- 11 Týndist á ný þrátt fyrir sinnaskipti (10)
- 12 Henda þeim úr húsi sem ekkert var fyrir haft (11)
- 13 Skrifa beint til þeirra sem skrifa eins og á að skrifa (8)
- 14 Frost í tauinu; það höfum við upp úr þessari rugluðu ofurtrú (11)
- 15 Þykist ný en er bara endurtekning (10)
- 16 Fyrir utan Jón og Jón minnst ég helst ákveðinna uppnefna (11)
- 22 Egg dregur anda fugls (9)
- 27 För eftir kringlurnar má rekja til hinna lokuðu ferla (12)
- 28 Ruglað þýskt skáld yrkir um lerki (5)
- 29 Segja lýsu lata en fyrir mér er hún fullkomin (8)
- 30 Áverki 49 lyktar bak við rimla (5)
- 31 Ætli sá er svo er nefndur laði til sín ruglið? (7)
- 32 Hirði afgangana eftir reykjandi smámenningin (8)
- 34 Kem vörubíl á hreyfingu, það eykur kraftinn (7)
- 35 Sonur minn tók þátt í plöntun (9)
- 37 Guggin, já, en hefur þó ætíð samið við rætið (7)
- 40 Ofgnótt sælgætis minnir á hamfarir (7)
- 44 Æða kringum rannsókn vegna fyrirspurna (9)
- 45 Spanar burt er austrænrir mæta (7)
- 46 Hitti kjána á dögnum, á afmæli forsetans (10)
- 47 Ambögur aumra ljódmælenda (10)
- 48 Töfra fram fordæðu (10)

LÓDRÉTT

- 1 Þetta er áreiðanleg abbadís (7)
- 2 Held ég skauti bleyðu í list hins mögulega (7)
- 3 Bekkur og bardagi gefa afdankaða iðnaðarmenn (7)
- 4 Launfús í léttuglaða óværuhreinsun (7)
- 5 Finn tau sem fúlmennið flækir (7)
- 6 Kommakvikindi sætta sig við blómið (7)
- 7 Klár risa hamast einsog ofsabrim (8)
- 8 Ekki tekin með þótt fljót þyki (8)
- 9 Svík varginn ekki um viðbrögð: Vangi! (8)
- 10 Afmynduð umbera ljót svipbrigðin (8)
- 17 Slær neðanfrá, því hann veit hvað gera þarf (9)
- 18 Kemst suður með eld þrátt fyrir mikinn mótbyr (9)
- 19 Hella flúði stelpusnatann (9)
- 20 Fann holupláss sem mér leist vel á (8)
- 21 Í uppnáminu át sannur vinur þann sem næstur var (8)
- 22 Spilla viðteknum mannréttindasamningi með óþarfa skýringum (13)
- 23 För innan, horfði utan – og sá þann sem sótti út (9)
- 24 Set allt mitt í fyrstu rentuna (8)
- 25 Legg þúður fyrir stór og sterk (8)
- 26 Deilið deig af drjúgu viti (8)
- 33 Tin-námur fyrir köfnunarefnisvinnslu? Þvílíkt rugl (8)
- 36 Hár draugur með dónaskap (7)
- 37 Það held ég syngi í sora (6)
- 38 Kastvopn guðanna, Geiri minn (6)
- 39 Yrðu sigruð þótt þau felldu hugi saman (6)
- 41 Fá ekki mat vegna stríðsátaka (6)
- 42 Burt með þig bráðræði og annað óstand (6)
- 43 Ekki vegna hlutar heldur bergmáls (6)



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist flik sem enginn þarf vonandi að grípa til næstu mánuði (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 19. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „13. maí“.

Lausnarorð síðustu viku var **HÆGIN DASTÓLL**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | | 6 |

MIDLUNGS

| | | | | | | | | | |
|---|---|--|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | | 5 | 8 | 1 |
| 6 | | | 7 | | | | | | |
| 8 | 4 | | 9 | | 2 | 3 | | | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 9 | |
| | | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| 9 | 1 | | | 4 | | 2 | | | |
| | | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 6 | | | | 9 | |
| 2 | 6 | | | | | | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 | |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 | |
| 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | | | |



FORLAGIÐ
VEGLEG VERÐLAUN
 Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Stúlkan sem enginn saknaði** eftir **Jónínu Leósdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík**.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

Bridge Isak Örn Sigurðsson

GÓÐ FÓRN

Hjördís Eyþórsdóttir, sem er atvinnuspilari í Bandaríkjunum – og meðal bestu kvenspilara vestanhafs, lék til úrslita um réttinn til að spila um „Venice Cup“ heimsmeistaratitilinn fyrir Bandaríkin í kvennaflokki í Lyon í sumar. Andstæðingur hennar var sveit Clerkin. Sveit Hjördísar (Disa) var í forystu í 8 lotu leik framan af, en þurfti að jata sig sigraða 193-226 í lokin. Í síðustu lotu kom þetta mikla skiptingarspil fyrir, suður var gjafari og AV á hættu:

Norður

- ♠ D1097
- ♥ K9
- ♦ 10983
- ♣ K98

Vestur

- ♠ -
- ♥ 42
- ♦ ÁKD6542
- ♣ G765

Austur

- ♠ ÁK8
- ♥ DG105
- ♦ G7
- ♣ D432


Suður

- ♠ G65432
- ♥ Á8763
- ♦ -
- ♣ Á10


Hjördís (Disa er gælunafn hennar vestanhafs) og Joan Lewis sátu í NS og Migrie zur Campanile og Jill Meyers í AV. Eftir pass Lewis í suður í upphafi hóf Meyers sagnir á einum ♦. Campanile svaraði á einu ♥ og Lewis kom inn á einum ♠. Meyers sagði 2 ♦, Hjördís stökk í 3 ♠ með norðurhöndina og Campanile sagði 3 grönd. Lewis sagði 4 ♠ og Meyers sagði 4 grönd við því sem varð loka-samningurinn. Þar voru einungis 9 slagir í boði. En fjögur grönd reyndist þó góð fórn, því samningurinn var 5 ♠ doblaðir á hinu borðinu. Þeir voru auðveldir til vinnings og Hjördís tapaði 11 impum á spilinu.

Skák Gunnar Björnsson


Guðmundur Kjartansson (2.437) átti leik gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (2.334) á Íslandsmótinu í skák í Hafnarfirði.
Hvítur á leik
34. Dxc5!! bxc5 35. Bxc6 (hótar 36. Bd5) **35.... De3+**
36. Bf2 Dc3 37. Bxe8+ Kxe8
38. d7+ Kd8 39. Be1! De3+
40. Kf1 1-0. Svartur gaf. Hann á enga vörn gegn 41. Ba5+. Glæsileg drottningarförn hjá Guðmundi. Þriðja umferð hefst kl. 13 í dag.
www.skak.is: Allt um Íslandsmótið.




AÐ LESA ER GÓÐ SKEMMTUN




Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta!
VILDARVERÐ: 2.499.-
 Verð: 2.999.-




Stofuhiti
VILDARVERÐ: 3.799.-
 Verð: 4.299.-



Heimför
VILDARVERÐ: 3.299.-
 Verð: 3.899.-



Og aftur deyr hún
VILDARVERÐ: 2.499.-
 Verð: 2.999.-




Býr Íslendingur hér?

VILDARVERÐ: 2.299.-
 Verð: 2.599.-



Velkomin til Ameríku
VILDARVERÐ: 3.399.-
 Verð: 3.999.-



Allir eru með rass
VILDARVERÐ: 2.399.-
 Verð: 2.999.-



Sonur Lúsífers
VILDARVERÐ: 3.299.-
 Verð: 3.899.-



Sagan af barninu sem hvarf
VILDARVERÐ: 3.299.-
 Verð: 3.899.-

Austurstræti 18
 Skólavörðustíg 11
 Laugavegi 77
 Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
 Kringlunni norður
 Kringlunni suður
 Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
 Keflavík - Sólvalлагötu 2
 Akureyri - Hafnarstræti 91-93
 Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
 Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
 Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is


Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða til og með 14. maí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Konráð og félagar á ferð og flugi 249


Bragi Halldórsson

„Ekki getum við spilað með aðeins fjórar fimmur,“ sagði Kata. „Svo þetta hlýtur að vera einhvers konar þraut, ekki satt?“ „Jú, mikið rétt,“ sagði Lísaloppa og las upp lýsinguna á þrautinni. „Hér stendur: Raðaðu þessum fjórum fimmum þannig að aðeins fjögur ták sjáist á hverri þeirra.“ Kata horfði hugsi á fimmurnar. „Þú meinar að það sjáist bara fjórir spaðar á spaðafimmunni og eins á hinum spilunum?“ „Já,“ sagði Lísaloppa. „Maður verður bara hálf ruglaður við það eitt að hugsa um það,“ sagði Kata. „Má ekki bara klippa eitt hornið af?“ spurði hún vongóð. „Nei,“ sagði Lísaloppa. „En það má raða þeim hvernig sem er.“

Getur þú leyst þessa þraut? Klipptu út myndirnar af spilunum hér að neðan eða finndu allar fjórar fimmurnar í spilastokk. Þú mátt raða þeim alveg eins og þú vilt en það má ekki beygja þær né kippa af þeim og þær þurfa allar að snúa upp.



SVAR: Raðaðu öllum fimmum í kross og láttu hornið á hverri þeirra liggjast yfir hornið á þeirri næstu, þá hlýtur hvert spil eitt merki á því næsta.



Ísold Fönn var sigursæl á skautamóti í ítölsku Ölpunum. MYND/ELISABET KRISTJÁNSDÓTTIR

Leikurinn

Nú er vorið komið og þar með er tími útileikjanna runninn upp. Hér kemur einn dálítið fjórlegur hlaupaleikur. Hann heitir Frost. Einn úr hópnum er valinn til að ver'ann. Þátttakendur dreifa sér um leikvöll eða grasblett. Sá sem er er'ann kallar „byrja“, þá hlaupa allir af stað og hann reynir að ná einhverjum. Þegar það tekst kemur hann við hann og segir

„frosinn“ (í staðinn fyrir klukk). Sá sem náðist stendur þá alveg kyrr með fætur í sundur. En einhver af hinum þátttakendum reynir að skriða milli fóta þess sem er frosinn og frelsa hann þannig og þá getur hann haldið áfram í leiknum. Þegar allir eru frosnir er skipt um þann sem á að ver'ann.

Það gerir mig glaða að skauta

Hún á heima á Möðrudal á Fjöllum og heitir **Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir**. Skautaíþróttin er hennar eftirlæti og í vetur hefur hún sigrað í tólf keppnum af þrettán sem hún hefur tekið þátt í úti í Evrópu.


Ísold Fönn er 10 ára og skarar fram úr í listhlaupi á skautum á evrópskan mælikvarða. Hún var mikið erlendis í vetur.

Hvenær skyldi hún hafa byrjað að æfa? Ég byrjaði fimm ára í hokký og fljótlega síðan í listskautum.

Eru einhver vötn á Fjöllum sem þú getur rennt þér á? Það er fullt af vötnum heima hjá mér á Möðrudal en ekki alltaf hægt að nota þau því þau eru ekki alltaf frosin eða slétt.

Hvað finnst þér best við skautaíþróttina? Það gerir mig glaða að skauta og ég nýt lífsins þar.

Hvað hefur þú aðallega lært? Að halda jafnvægi í alls kyns æfingum, spinna og stökkva. Svo lærir maður líka að dansa og hlusta á tónlistina í takt við sporin.



Svifandi um svellið!

verið að lenda í topp 4 sætunum.

Ætlar þú að halda áfram að vera úti í löndum á veturna? Ég ætla mér að halda áfram að keppa í útlöndum en ég er að æfa með Skautafélagi Akureyrar.

Lærir þú eitthvað af grunnskólafögum úti? Ég tek alltaf skólabækur með mér og læri bara það sem krakkarnir í bekknum mínum eru að læra.

Hvar sérðu þig eftir fimm ár? Á stórmótum að keppa á skautum og ferðast um heiminn.

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt í sumar? Fara á Þjóðhátíð og ferðast hringinn í kringum landið og njóta lífsins í sveitinni okkar. En þess á milli verð ég í skemmtilegum æfingabúðum á skautum með fullt af öðrum krökkum.

MARGIR HALDA ÞAÐ SÉ EKKI HÆGT AÐ FJARLÆGJA HÁRÆÐASLIT ÚR ANDLITI HÁRÆÐASLITSMEDFERÐ



PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098



Snyrtistofan Hafblík

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

MÆÐRA- DAGURINN

í Blómavali

Mundu eftir mæðradeginum!

Opið í öllum verslunum Blómavals um land allt sunnudaginn 14. maí. Sjá nánar á blómaval.is

Mæðradagsvöndur

2.990kr



Vilmundur Hansen,

garðyrkjufræðingur, verður á laugardag í Blómaval Skútuvogi með kaffispjall kl. 11:30 um ræktun og umhirðu ávaxtatrjáa og berjaplantna og í framhaldi ráðgjöf til kl. 16:00.

Rósir
10 stk

2.990kr

~~3.490kr~~



Liljur
3 stk

1.490kr



Jarðarberja-
plöntur, 3 stk.

999kr

10260732



Garðplöntusalan er hafin

Snædrífa

1.290kr

~~1.790kr~~

11211012



Gljámisspill

999kr

~~1.690kr~~

11218434



Sypris
80-100 cm

1.299kr


~~2.490kr~~

10327160



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Austlæg átt, víða 5-13. Áfram vætusamt austast á landinu og einnig á Vestfjörðum fyrripartinn, en víða þurrir annars staðar. Hiti á bilinu 6 til 13 stig, hlýjast vestanlands.

Heimurinn

| | | | | | | |
|-----------------|---------------|-----------------|---------------|--------------|-------------|------------|
| Kaupmannah. 19° | Oslo 13° | Stokkhólmur 15° | Gautaborg 17° | Helsinki 10° | Þórshöfn 9° | Nuuk 0° |
| London 18° | Amsterdam 15° | Paris 16° | Berlin 18° | Madrid 18° | Brussel 19° | Róm 25° |
| Boston 10° | New York 10° | Orlando 22° | Moskva 9° | Singapúr 28° | Tókyó 16° | Sydney 15° |

Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|------------|-----------|-------------|--------------|-------------|
| 10° ↖ 11 | 10° ↖ 9 | 7° ↖ 7 | 5° ↓ 11 | 7° ↑ 7 |

Ísafjörður
